ALLT ATVINNA

*Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum*

Atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



KRISTÓFER OLIVERSSON

*Opnar hótel í Ingólfsstræti*

Er ekki kóngurinn í Reykjavík

FÓLK 38



KJARTAN GUÐJÓNSSON

*Sýnir verk sín í Seltjarnarneskirkju*

Kveðst aldrei hafa málað betur

VIÐTAL 18




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. mars 2006 — 84. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Sjálfstæðisflokkur enn með meirihluta

**Sjálfstæðisflokkur fengi tæp 54 prósent atkvæða í borgarstjórnarkosningum yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Framsóknarflokkurinn mælist nú sem minnsti flokkurinn í borginni.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi níu borgarfulltrúa og hreinan meirihluta, væri kosið nú. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi 53,8 prósent atkvæða.

„Við erum afar þakklát fyrir þann stuðning sem borgarbúar sýna okkur,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna. „Ég vona að við séum að uppskera fyrir störf okkar á þessu kjörtímabili þar sem við höfum viljað vera jákvæð og uppbyggileg,“ segir Vilhjálmur.

Samfylking er enn næststærsti flokkurinn með 33,3 prósenta fylgi og fengi því fimm fulltrúa kjörna. Fylgið hefur aukist um 2,5 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins, en hún var gerð áður en prófkjör Samfylkingar í Reykjavík fór fram. „Þetta staðfestir að Samfylkingin er í sókn en betur má ef duga skal. Hlutfall óákveðinna vekur kannski mesta athygli en það virðist ljóst að við þurfum að halda áfram að sækja í til að stöðva sókn Sjálfstæðisflokksins,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

Vinstri grænir myndu einnig ná kjörnum fulltrúa, samkvæmt könnuninni, en Svandís Svavarsdóttir yrði eini fulltrúi listans í borgarstjórn. Vinstri grænir njóta nú stuðnings 6,2 prósenta. „Að mínu mati á Sjálfstæðisflokkurinn ekki inni fyrir hreinum meirihluta. Athygli vekur hversu margir hafa ekki gert upp hug sinn og það er mín trú að margir þeirra muni leggjast á sveif með okkur,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna.

Frjálslyndi flokkurinn næði ekki manni inn, en hann nýtur nú stuðnings 3,5 prósenta. „Það er greinilega að draga saman með minni fylkingunum þremur í borgarstjórn. Ég fagna því sérstaklega að Frjálslyndir séu þegar komnir fram úr Framsóknarflokknum þrátt fyrir hann hafi verið nær stöðugt inni í umræðunni,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi Frjálslyndra.

Framsóknarflokkurinn myndi heldur ekki ná manni inn, en hann mælist nú sem minnsti flokkurinn í Reykjavík með 3,0 prósenta fylgi. Fylgi Framsóknarflokks hefur dregist saman um 2,4 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins í janúar. Þá var prófkjöri Framsóknarflokks í borginni ekki lokið. „Við erum að fara í gang með okkar kosningabaráttu og vorum að klára málefnastarfið. Við erum bjartsýn á framhaldið og látum ekki svona kannanir slá okkur út af laginu vegna þess að okkur og öðrum er ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur verið sterkari í kosningum en í skoðanakönnunum,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, sem leiðir lista framsóknarmanna. - ss / sjá síðu 4



**ÞYRLAN LENT** Menn í ímyndaðri nauð voru fegnir þegar þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Sif, kom þeim til hjálpar vestan við Hjörleifshöfða í gær. Þyrlubjörgunin var liður í umsvifamestu almannavarnaræfingu sem haldin hefur verið hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ HEIÐA

Á annað þúsund manns taka þátt í almannavarnaræfingunni Bergrisanum:

# Æfingaveður lét á sér standa

**ALMANNAVARNIR** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, var tæpar tvær klukkustundir að sækja leikara sem voru í hlutverki nauðstaddra ferðamanna við Hjörleifshöfða og á Hafursey. Leikararnir voru meðal fjölmargra þátttakenda á almannavarnaræfingunni Bergrisanum sem fram fer nú um helgina.

Að sögn Kristjáns Þ. Jónssonar, framkvæmdastjóra aðgerðasviðs, var þessi töf vegna þess að seinlega gekk að fá lýsingu á ímynduðum veðurskilyrðum sem áttu að ríkja samkvæmt æfingaáætlun, svokallað æfingaveður. Einnig kom upp misskilningur í boðskiptum við stjórnstöð.

„Við fórum upp á Hjörleifshöfða þar sem þyrlan átti að sækja okkur en við vorum orðnir leiðir á að bíða og fórum aftur niður í bíl,“ sagði Stefán Sveinsson, annar leikaranna við Hjörleifshöfða þegar blaðamaður beið með þeim eftir þyrlunni. Samkvæmt æfingaáætlun átti umhverfi Hjörleifshöfða að vera komið á kaf en þó sótti þyrlan mennina þar á sandinum. Var þá búið að tilkynna um mennina tveimur til þremur tímum áður en þeir hringdu sjálfir æfingakall til Neyðarlínunnar.

Kristján segir að þyrlan hafi beðið eftir upplýsingunum í Vestmannaeyjum. „En í raunveruleikanum hefðu þessar aðstæður ekki komið upp því þá hefðum við fengið upplýsingarnar hjá Veðurstofu en hjá þeim var bara sól en okkar æfingaveður var öllu verra,“ segir hann. - jse / sjá síðu 6



## KK fimmtugur

Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson heldur upp á fimmtugsafmælið með konunni í Búdapest.

FÓLK 14

## Vatn handa öllum

„Á degi vatnsins hefur rúmlega einn milljarður manns ekki greiðan aðgang að vatni. Enn fleiri hafa ekki aðgang að nægjanlegu vatni til að sinna lágmarks hreinlæti. Afleiðingar þessa eru skelfilegar,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12



## Aftur-systur flytja heim

Þær Bára og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur eru fluttar heim eftir áralanga dvöl í Danmörku.

FÓLK 38



## Fimleikadrottningar Íslands

Þær æfa allt að fimm tíma á dag og eru langbestar í fimleikum á landinu. Sif Pálsdóttir og Kristjana Sæunn Ólafsdóttir ræða um fórnirnar fyrir fimleikana.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÉTTSKÝJAÐ SYÐRA Í** dag verður yfirleitt norðaustan 5-10 m/s, hvassast norðvestan til. Stöku él fyrir norðan en bjartviðri syðra. Hiti 0-3 stig syðra að deginum, annars frost 0- 5 stig.

VEÐUR 4








**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Danir hefja skipulega leit að dauðum fuglum við strendur Danmerkur til að minnka líkurnar á að fuglaflensan breiðist út. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Forvarnir í Danmörku:

# Danir leita dauðra fugla

**DANMÖRK** Danir hefja skipulega leit að dauðum fuglum við strendur landsins í dag. Þetta er gert til að að draga úr líkum á að fuglaflensa breiðist út í landinu.

Samkvæmt frétt Politiken verður byrjað á að fínkemba fimmtán kílómetra svæði við strendur Jótlands.

Tilkynnt var í gær að dauður svanur sem fannst í liðinni viku hafi verið með H5N1 afbrigði fuglaflensu. Þar með hafa sýktir fuglar fundist á fimm stöðum í landinu. - ks

Kynbundið ofbeldi:

# Körlum boðið í hópmeðferð



DRÍFA SNÆDAL

**OFBELDI** Reiknað er með að í apríl hefjist hópmeðferð gegn kynbundnu ofbeldi og þá verði karlmönnum, sem beita konur ofbeldi, gefinn kostur á ókeypis hópmeðferð hjá sálfræðingunum Andrési Ragnarssyni og Einari Gylfa Jónssyni.

Gert er ráð fyrir að karlar, sem gera sér grein fyrir að ofbeldishegðun þeirra er vandamál, geti hringt í hjálparsíma Rauða krossins, 1717, og byrji fyrst í einstaklingsviðtölum og taki svo þátt í sjö manna hópvinnu í ákveðinn tíma.

Boðið var upp á hópameðferð 1998-2000 og sóttust þá hátt í 80 karlar eftir meðferðinni. Hópameðferðinni var hætt vegna fjárskorts. - ghs / sjá síðu 16

Forsætisráðherra í ræðu:

# Ver íslensku fjárfestana

**VIÐSKIPTI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra harmar þá neikvæðu gagnrýni sem hefur komið á íslensk fyrirtæki og íslenskan þjóðarhag erlendis síðustu daga. Hann segir að umræðan hafi verið í ójafnvægi og full af rangfærslum. Hins vegar hafi komið í ljós síðustu daga hvað lítill gjaldmiðill sé veikur í frjálsu flæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

„Staðreyndin er einfaldlega sú að staða bankanna er traust,“ sagði Halldór í kvöldverðarboði forseta Íslands á Bessastöðum á föstudagskvöld, og kvaðst stoltur af íslenskum fjárfestum. „Efnahagur þjóðarinnar er traustur,“ sagði hann og taldi enga ástæðu til að óttast að Íslendingar stefndu í vandræði. - ghs



## SPURNING DAGSINS

*Kristján, hvenær komst þú upp úr skúffunni?*

Ég reyndi fyrir tíu árum að gægjast upp fyrir brúnina en ákvað svo að skríða þangað niður aftur.

Sigurskáldið 2006, ljóðakeppni Eddu útgáfu og Fréttablaðsins, er í fullum gangi. Kristján B. Jónasson rithöfundur situr í dómnefnd og hvetur öll skúffuskáld undir þrítugu að senda inn ljóð sín.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, um verðbólguhorfurnar:

# Verðbólgan fer vaxandi

**EFNAHAGSMÁL** Flest bendir til þess að verðbólga fari vaxandi á næstu mánuðum. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, tekur undir með Þórólfi Matthíassyni prófessor þegar hann segir að hætta sé á verðbólguskoti.

Ólafur Darri segir að gengi krónunnar hafi verið að veikjast og undirliggjandi verðbólguþrýstingur að aukast. Það megi því búast við að verðbólga aukist enn frekar en áður þó að hún hafi verið óviðunandi í rúmlega hálft ár.

„Flestir eru sammála um að horfurnar framundan séu því miður ekki góðar. Ég vona að verðbólgan fari ekki upp í fimm til sex prósent en hún getur gert það. Það verður spennandi að sjá hvernig Seðlabankinn bregst við á vaxtaákvörðunardeginum á föstudaginn. Viðbrögðin gefa vísbendingar um hvernig hann metur stöðuna,“ segir hann.



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** Hagfræðingur ASÍ.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að gera megi ráð fyrir því að verðbólga verði meiri en stjórnvöld hafi gert ráð fyrir ef krónan helst svipuð og verið hefur. Þetta sé þó erfitt að meta því margt geti haft þar áhrif, til dæmis vaxtaákvörðun Seðlabankans, minnkandi þensla og rólegri húsnæðismarkaður.

Fjármálaráðherra bendir á að framkvæmdir ríkisins hafi farið minnkandi og verið litlar á þessu ári. Ríkisvaldið geti því ekki beitt sér til að draga úr verðbólgu. **- ghs**

Frumur úr eistum músa:

# Virka líkt og stofnfrumur

**NEW YORK, AP** Vísindamenn við háskóla í Þýskalandi hafa komist að því að frumur í eistum músa geta hegðað sér með svipuðum hætti og stofnfrumur. Meðal annars tókst þeim að vinna úr frumunum hjarta- og taugafrumur.

Ef þetta á einnig við um menn, þá gæti þar með verið fundin lausn á harðvítugri deilu um notkun stofnfruma úr fóstrum í lækningaskyni.

Úr stofnfrumum má vinna frumur í flesta vefi líkamans, en til þess að útvega stofnfrumur þarf að taka þær úr dauðu fóstri. Um það snúast deilurnar. **- gb**

Handtökur og húsleit:

# Tveir teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akranesi handtók í fyrradag mann vegna gruns um að hann hefði fíkniefni í fórum sínum. Við leit fundust 15 grömm af amfetamíni.

Húsleit var gerð í framhaldinu og tveir menn til viðbótar teknir höndum. Leitarhundur var með í för og fann hann amfetamín á öðrum manninum og reyndust það vera um 8 grömm. Í húsinu fundust einnig verkfæri til neyslu fíkniefna. Málið telst upplýst og mönnunum hefur verið sleppt. **-shá**



**ÁRITANIR** Akureyringar flykktust á Glerártorg í gær til að berja Idolstjörnurnar augum og fá eiginhandaráritanir.

Idol-keppendur vinsælir:

# Slógu met á Glerártorgi

**IDOL** Vel á annan tug þúsunda Akureyringa og gesta þeirra lögðu leið sína í verslunarmiðstöðina Glerártorg á Akureyri í gær til að fá áritanir hjá stjörnunum þremur sem eftir eru í Idol-stjörnuleitinni á Stöð 2.

Bríet Sunna, Snorri og Ína gáfu eiginhandaráritanir á milli klukkan hálftólf og eitt og starfsmaður á Glerártorgi segir að aldrei fyrr hafi jafn margir komið á Glerártorg á svo stuttum tíma. **- kk**

# Endalok Nato ef brú yfir hafið vantar

**Forsætisráðherra telur Íslendinga færast nær Evrópu þegar Varnarliðið hverfur á brott frá Íslandi en bendir jafnframt á að það verði endalok Nato ef það sjónarmið verður ríkjandi að hafið skilji Evrópu og Norður-Ameríku að.**

**VARNARMÁLIN** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra telur Íslendinga óhjákvæmilega þurfa alþjóðlegt samstarf til að tryggja nægilegt öryggi á Norður-Atlantshafi. Þetta kom fram í ræðu sem hann flutti í kvöldverðarboði forseta Íslands á Bessastöðum á föstudagskvöld.

Um 91 þúsund flugvélar fara í gegnum íslenska lofthelgi á hverju ári og komur og brottfarir á Keflavíkurflugvelli eru 61 þúsund talsins. Um 1.600 erlend skip koma til íslenskra hafna. „Öryggi flugstöðvarinnar í Keflavík er því nátengt öryggi þeirra sem fara yfir Atlantshafið og þetta öryggi erum við staðráðin í að tryggja,“ sagði hann.

Íslendingar hafa horft jafnt til Evrópu sem Norður-Ameríku til að tryggja hagsmuni sína. „Við höfum alltaf verið talsmenn náinna samskipta yfir Atlantshafið. Við erum samt evrópsk þjóð og ákvörðun Bandaríkjamanna um að draga úr varnarmætti í Keflavík mun færa Ísland nær Evrópu og burt frá Norður-Ameríku,“ sagði hann.

Íslendingar munu halda áfram að styðja starfsemi Nato í þágu friðar og lýðræðis og „við erum meira en tilbúin til að leggja okkar af mörkum til að styrkja hlutverk þess við breyttar kringumstæður,“ sagði Halldór og bendir á að Atlantshafið umlyki Ísland meira en nokkurt annað land og sama haf tengi saman Evrópu og Norður-Ameríku.



**ALÞJÓÐLEGT VARNARSAMSTARF ÓHJÁKVÆMILEGT** Alþjóðlegt samstarf er óhjákvæmilegt til að tryggja nægilegt öryggi á Norður-Atlantshafi, að mati forsætisráðherra.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

„Ég vona að sá tími komi aldrei að það sjónarmið verði ríkjandi að hafið skilji okkur að. Ef það gerist þá verður það endalok samskipta yfir Atlantshafið og endalok Nato.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að það veki athygli sína að forsætisráðherra og utanríkisráðherra séu farnir að tala með ólíkum hætti. Geir horfi meira til Bandaríkjanna en Halldór sé farinn að horfa meira til Evrópu.

„Norður-Atlantshafsbandalagið á mikilla hagsmuna að gæta á þessu svæði og það er miklu stærra en svo að það snúi bara að Íslendingum. Miklar skipaleiðir liggja hér um og ferðum fer sjálfsagt fjölgandi þegar olíuflutningar aukast frá Norður-Noregi og Rússlandi til Bandaríkjanna,“ segir hún og telur eðlilegt að horfa til þjóða sem eiga land að Norður-Atlantshafi, Bretlands, Danmerkur og Noregs hvað samstarf varðar.

ghs@frettabladid.is



**JACQUES BARROT** Samgöngustjóri Evrópusambandsins, á fréttamannafundi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugöryggi í fyrirrúmi:

# 92 flugfélög bönnuð í ESB

**BELGÍA, AP** Aðildarríki Evrópusambandsins bönnuðu í síðustu viku 92 flugfélögum að lenda á evrópskum flugvöllum. Flugfélögin eru flest afrísk, og er bannið til komið vegna skorts á öryggiseftirliti með vélum þeirra samkvæmt alþjóðlegum öryggisstöðlum, að sögn Jacques Barrot samgöngustjóra ESB.

Rúmur helmingur flugfélaganna er frá Kongó, en eingöngu eitt flugfélag þaðan hefur nú heimild til að fljúga til ESB-landa. Uppfæri flugfélögin öryggisstaðla sína geta þau komist aftur á listann, sem verður endurskoðaður á þriggja mánaða fresti. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vélsleðaslys** Piltur slasaðist í gær þegar hann reyndi að stökkva yfir fjöggura metra breiðan skurð á vélsleða við bæinn Hvamm í Arnarneshreppi, Ökumaðurinn kvartaði undan verk í mjóhrygg og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

## ÍRAK

**Saddam fékk upplýsingar** Rússar veittu Saddam Hussein upplýsingar um herflutninga Bandaríkjamanna í Írak í byrjun Íraksstríðsins árið 2003. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bandaríska varnarmálaráðuneytisins.


HUGVÍSINDADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS www.hug.hi.is

**Nýtt 45 e meistaranám í siðfræði**

**Heilbrigðis- og lífsiðfræði**
**Viðskiptasiðfræði**
**Umhverfis- og náttúrusiðfræði**

Námið er opið öllum þeim sem lokið hafa B.A., B.S., B.Ed., eða sambærilegu háskólaprófi

Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa Siðfræðistofnunar H.Í. sími: 525 4195 eða í netfangi salvorn@hi.is


Evrópusambandsríki ætla að vinna betur saman að orkumálum:

# Leiðtogarnir samþykktu að dusta rykið af stjórnarskránni

**BRUSSEL, AP** Tveggja daga leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel lauk á föstudag án þess að teknar væru stórar ákvarðanir. Þó samþykktu leiðtogar ríkjanna, sem nú eru 25 talsins, að dusta rykið af umræðum um sameiginlega stjórnarskrá Evrópusambandsins, sem legið hafa niðri frá því að henni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu bæði í Frakklandi og Hollandi síðastliðið vor.

Stjórnarskráin hafði verið hálft annað ár í smíðum og henni var ætlað að gera ákvarðanatöku sambandsins markvissari, auk þess sem stofna átti embætti forseta og utanríkisráðherra Evrópusambandsins.

Ákveðið var að leiðtogarnir myndu hittast í maí, meðal annars til þess að ræða landamæri Evrópusambandsins til að draga úr áhyggjum almennings um stækkun sambandsins.

Einnig var ákveðið að Evrópusambandsríkin myndu vinna betur saman í orkumálum með það markmið að tryggja betur orku til notkunar í aðildarríkjunum. Þá stefna leiðtogarnir að því að halda verðlagi niðri og gera Evrópusambandsríkin samkeppnishæfari. **- gb**



**ÞUNGT HUGSI Í KAFFIHLÉINU** Þau Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tóku tal saman þegar gert var stutt hlé á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Gómsætur sunnudagur
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 600kr.
ROAST BEEF
UNGNAUTAINNRALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
2.698 kr. kg
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði
20% afsláttur
MÓA
KJÚKLINGA-
BRINGUR
1.996 kr. kg
Sparaðu 300kr.
LAMBALÆRI, FYLLT
M. VILLISV. FYLLINGU
1.998 kr. kg
Sparaðu 600kr.
GRÍSALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
1.899 kr. kg
GEVALIA
GEVALIA
3 FYRIR 2
MYLLU
VÍNAR KÖKUR
149 kr. pk.
GARNIER
HIGHLIGHT KIT
998 kr. stk
Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,3 | 73,64 |
| Sterlingspund | 127,01 | 127,63 |
| Evra | 87,7 | 88,2 |
| Dönsk króna | 11,754 | 11,822 |
| Norsk króna | 11,005 | 11,069 |
| Sænsk króna | 9,359 | 9,413 |
| Japanskt jen | 0,62 | 0,6236 |
| SDR | 105,12 | 105,74 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,9995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umræðan um íslenska banka heldur áfram erlendis:

# Danir tala um brunaútsölu

**DANMÖRK** Áhugi danskra fjölmiðla á íslensku efnahagslífi fer ekki þverrandi. Berlingske tidende fjallaði ítarlega um lækkun hlutabréfa í Kauphöllinni í gær og líkir ástandinu við brunaútsölu.

Jakob Brøchner Madsen, prófessor við hagfræðideild Kaupmannahafnarháskóla, segir í viðtali við blaðið að ástandið á Íslandi sé farið að líkjast bankakreppu. Í svipaðan streng tekur sérfræðingur frá Saxo bank í Danmörku sem telur íslensku bankana hafa búið við of hagstæð lánaskilyrði og verði í framtíðinni að greiða hærri vexti af lánum sínum. Guðni Aðalsteinsson frá KB-banka segir hins vegar að uppsögn skuldabréfanna í Bandaríkjunum hafi ekki mikil áhrif á rekstur bankans. Þó hefði vissulega verið betra ef fjárfestarnir hefðu endurnýjað skuldabréfin.

Í frétt blaðsins kemur einnig fram að sérfræðingar Danske bank hafi endurskoðað neikvæða skýrslu sína um horfur í íslensku efnahagslífi í kjölfar harðrar gagnrýni frá Íslandi. Sú endurskoðun hafi ekki leitt af sér breytta niðurstöðu. **- ks**



**BANKAUMRÆÐAN HELDUR ÁFRAM** Danir vilja meina að lækkun hlutabréfa í Kauphöllinni íslensku sé svo mikil að þeir líkja henni við brunaútsölu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfsmenn Varnarliðsins:

# Geta sótt uppsagnarbréfin

**VARNARMÁLIN** Tæplega 600 íslenskir starfsmenn Varnarliðsins fá uppsagnarbréf afhent eftir helgi. Starfsmönnunum gefst kostur á að sækja þau á skrifstofu starfsmannahalds Varnarliðsins á mánudag. Ósótt bréf verða sett í póst síðdegis.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að fólk geti snúið sér til nýrrar upplýsingaveitu við Hafnargötu í Keflavík, til að búa sig undir atvinnuviðtal eða læra að búa til ferilsskrá. Búist er við að fólk fái að hætta störfum hjá Varnarliðinu þegar það hefur fundið sér nýja vinnu. **- ghs**

Farfuglum fjölgar:

# Lóan er komin

**VORBOÐI** Fyrstu heiðlóurnar eru komnar til landsins á þessu ári en í gær sáust tvær lóur við Ósland á Höfn í Hornafirði.

Brynjúlfur Brynjólfsson, starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Höfn, segir lóurnar á hefðbundnu róli. „Síðastliðin átta ár hafa fyrstu lóurnar sést á tímabilinu 20. til 31. mars og þar af fjórum sinnum þann 24. mars,“ segir Brynjúlfur. **- kk**



**HEIÐLÓA** Lóan er boðberi sólskins og blómsturs í tún.

Ný jafnréttisverðlaun:

# Auglýst eftir tilnefningum

**JAFNRÉTTISMÁL** Jafnréttisnefnd Reykjavíkur auglýsir eftir tilnefningum til jafnréttisverðlauna Reykjavíkurborgar sem verða nú veitt í fyrsta sinn. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út 24. apríl.

Í ár verður viðurkenningin veitt frjálsum félagasamtökum eða einstaklingi sem hefur látið til sín taka í jafnréttismálum. Verðlaunin í þeim flokki eru 150.000 krónur. Jafnframt verða verðlaunin veitt innan borgarinnar sjálfrar, til starfseiningar sem hefur unnið vel að jafnréttismálum, hvort sem er á sviði þjónustu, í starfsmannamálum eða með öðrum hætti. Starfseiningin mun fá viðurkenningarskjal og einhverja umbun sem fellur að starfseminni. **- sdg**

## ÞÝSKALAND

**Herinn í viðbragðsstöðu** Varnarmálaráðherra Þýskalands hefur tilkynnt að 7.000 hermenn verði í viðbragðsstöðu vegna heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu sem hefst 9. júní. Yfirvöld óttast að keppnin geti orðið skotmark fyrir hryðjuverkamenn.

# Sjálfstæðisflokkur stærstur og Framsókn minnst

**Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir tapa fylgi frá síðustu könnun Fréttablaðsins. Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndir bæta aðeins við sig. Sjálfstæðisflokkur myndi fá meirihluta borgarfulltrúa samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samfylking fengi fimm og Vinstri grænir einn fulltrúa.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi enn mest fylgi til borgarstjórnar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Flokkurinn fengi nú 53,8 prósent atkvæða, en í síðustu könnun blaðsins, sem framkvæmd var í janúar, fékk flokkurinn 52,7 prósent atkvæða. Flokkurinn hefur því aukið fylgi sitt um 1,1 prósentustig á milli kannana. Þegar síðasta könnun blaðsins var framkvæmd hafði prófkjör flokksins farið fram og því ljóst hverjir muni skipa lista hans. Samkvæmt þessari nýju könnun Fréttablaðsins fengju sjálfstæðismenn níu borgarfulltrúa kjörna, en hafa nú sex. Samkvæmt könnuninni er því enn útlit fyrir að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Níundi maður á lista Sjálfstæðisflokks er Bolli Skúlason Thoroddsen, formaður Heimdallar.

Samfylking fær næstmest fylgi, eða 33,3 prósent. Flokkurinn fengi því fimm menn kjörna. Fimmti maður á lista Samfylkingar er Oddný Sturludóttir, en Dagur B. Eggertsson leiðir listann. Næsti fulltrúi inn samkvæmt könnuninni væri sjötti maður á lista Samfylkingar, Sigrún Elsa Smáradóttir.

Vinstri grænir myndu einnig ná manni inn í borgarstjórn samkvæmt þessari skoðanakönnun. Flokkurinn hefur 6,2 prósenta fylgi nú, sem er nokkru minna en í síðustu könnun þegar flokkurinn hafði 8,0 prósenta fylgi. Svandís Svavarsdóttir, sem leiðir lista Vinstri grænna, næði því inn í borgarstjórn. Árni Þór Sigurðsson, sem nú situr í borgarstjórn fyrir hönd Vinstri græna og er í öðru sæti, næði ekki kjöri samkvæmt þessari könnun.

Frjálslyndi flokkurinn og Framsóknarflokkur myndu ekki ná inn manni samkvæmt þessari könnun. 3,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, en Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi leiðir lista þeirra. Í síðustu könnun sögðust 2,8 prósent myndu kjósa flokkinn. Tíu fulltrúar annarra flokka kæmust inn á undan fyrsta manni Frjálslyndra.

Þrjú prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og er hann því minnsti flokkurinn í Reykjavík í dag samkvæmt þessari könnun. Framsóknarflokkurinn naut stuðnings 5,4 prósenta í síðustu könnun Fréttablaðsins og hefur fylgi flokksins dregist saman um 2,4 prósentustig. Björn Ingi Hrafnsson leiðir lista framsóknarmanna, en sautján fulltrúar annarra flokka kæmust inn á undan fyrsta manni Framsóknarflokks.

Nokkur kynjaskipting er á stuðningi við flokkana. Karlar eru í meirihluta þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða 55,9 prósent á móti 50,9 prósentum kvenna. 4,7 prósent karla segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn á móti 1,9 prósentum kvenna og 4,7 prósent karla segjast styðja Framsóknarflokkinn á móti 0,6 prósentum kvenna.

Konur eru í meirihluta þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkingu, eða 38,5 prósent kvenna á móti 29,4 prósentum karla. Þá segjast 8,1 prósent kvenna myndu kjósa Vinstri græna, en 4,7 prósent karla.

Hringt var í 600 íbúa Reykjavíkur 25. mars, og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 62,0 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**

**SKIPTING EFTIR KYNI**




**HVAÐA LISTA MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF GENGIÐ YRÐI TIL BORGARSTJÓRNARKOSNINGA NÚ?**





# Svandís
## UM ALLA BORG

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún heldur áfram að hitta borgarbúa á næstu dögum

**Grafarholt**

**26. mars - Sunnudagur**

**14:00** Ingunnarskóli



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**EKKI ER ALLT SEM SÝNIST**

Það vantar ekki fegurðina í veðrið syðra. Sólin brosir sínu breiðasta og þar sem menn geta verið í skjóli þar er þetta bara hið skaplegasta veður. En ekki er allt sem sýnist. Um leið og menn eru komnir í gjóluna finnst fljótt fyrir kuldanum sem bítur kinnar og tær. En skíða- og jeppakarlar hljóta að kætast. Fyrir norðan eru skíðalönd opin og vel má „jeppast“ í þessu veðri.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðan 3-10 og bjartviðri. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst með ströndum vestan- og norðanlands. Hægari til landsins.

*» þriðjudagur*




Víðast hvassviðri, 15-20 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C alskýjað | París | 19°C alskýjað | Alicante | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C hálfskýjað | Berlín | 9°C skúrir | Mílano | 15°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 15°C alskýjað | New York | 9°C skúrir |
| Helsinki | -2°C alskýjað | Madríd | 23°C hálfskýjað | San Francisco | 16°C léttskýjað |
| London | 15°C alskýjað | Barcelona | 18°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


TAKTU NÆSTA SKREF
ÞVÍ HEIMA ER BEST
ENGIN
SKILYRÐI
UM ÖNNUR
BANKAVIÐSKIPTI
4,35%
VEXTIR
LÁNUM TIL
KAUPA EÐA
ENDURBÓTA
FRJÁLS ÍBÚÐALÁN
Frjáls íbúðalán eru verðtryggð fasteignalán með föstum 4,35% vöxtum sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Þú hagar öðrum bankaviðskiptum eins og þér sýnist og kaupir nýtt húsnæði eða endurskipuleggur fjárhaginn – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að heima sé best!
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



## KJÖRKASSINN

*Á að halda rannsókn Baugsmálsins áfram?*

| | |
|---|---|
| Já | 78% |
| Nei | 22% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar að leita eftir samstarfi við Norðmenn um loftvarnir?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is vísir

Gunnar Birgisson hefur áhyggjur af auknum launakostnaði hjá sveitarfélögum:

# Reynir á þolmörk í rekstri

**SVEITARFÉLÖG** Launahækkanir hjá starfsmönnum sveitarfélaga munu koma verst niður á fjárhag Reykjavíkurborgar, en miðað við fjárhagsáætlun kosta launahækkanirnar tæpa tvo milljarða á þessu ári.

Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur munu finna mikið fyrir launahækkununum en að sögn Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra í Kópavogi, mun kostnaður Kópavogsbæjar nema á milli fjögur og fimm hundruð milljónum króna. „Ég er hræddur um að þessar hækkanir muni verða sambærilegar hjá fyrirtækjum í einkarekstri, og þá geta fyrirtækin ekki gert neitt annað en að hækka verðið á þjónustunni sem þau bjóða upp á. Þetta getur valdið verðbólgu sem síðan dregur úr kaupmætti. Kostnaðurinn við launahækkanirnar í Kópavogi nemur tæpum fimm hundruð milljónum króna á ári.“



**GUNNAR I. BIRGISSON** Gunnar hefur áhyggjur af því að launahækkanirnar leiði til erfiðrar stöðu í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Minni sveitarfélög á landsbyggðinni, fyrir utan Akureyri, þurfa að greiða samtals tæpum fimm hundruð milljónum meira en þau hefðu annars þurft að gera, ef launahækkanirnar hefðu ekki verið samþykktar.

Stærstu sveitarfélögin á landsbyggðinni, meðal annars Akureyri, þurfa að greiða sjö hundruð milljónum meira en fjárhagsáætlanir sögðu til um áður en launahækkanirnar komu til, í laun og launatengd gjöld. **- mh**

Germaine Greer til Íslands:

# Ráðstefna um völd til kvenna

**JAFNRÉTTISMÁL** Germain Greer, ein þekktasta og umdeildasta kona á sviði jafnréttisbaráttu á 20. öld, verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Tengslanet III – Völd til kvenna, sem haldin verður á Bifröst dagana 1. og 2. júní.

Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari mun einnig segja frá reynslu sinni á ráðstefnunni ásamt úrvali annarra kvenna.

Árið 2004 átti Herdís Þorgeirsdóttir lagaprófessor frumkvæði að og skipulagði fyrstu ráðstefnuna undir heitinu Tengslanet – Völd til kvenna sem var gífurlega vel sótt og var önnur ráðstefnan haldin í fyrrasumar. **- sdg**



**FJÖLDAFUNDUR** Milinkevitsj sakaði stjórnvöld um kúgun. FRÉTTABLAÐIÐ / AFP

Enn andæft í Hvíta-Rússlandi:

# Mótmælendur króaðir af

**HVÍTA-RÚSSLAND** Þúsundir Hvít-Rússa mótmæltu framgöngu forsetans Alexanders Lúkasjenko í höfuðborginni Minsk en hann er sakaður um svindl í forsetakosningum sem fram fóru fyrir skömmu.

Óeirðarlögregla króaði af mótmælendur á Oktiabrskaja-torginu en þar hafði mótframbjóðandi Lúkasjenko, Alexander Milinkevitsj, boðað til fundar. „Stjórnvöld geta einungis komið sínu til leiðar með ofbeldi og ofsóknum,“ sagði Milinkevitsj við fylgismenn. „Því meira sem yfirvöld reyna að kúga okkur því samheldnari verðum við.“ ■

## BRETLAND

**Þrjár handteknar** Lögreglan í London handtók þrjár konur til viðbótar við þá átta sem nú þegar eru í haldi í tengslum við ránið á Securitas-útibúinu í Tonbridge í síðasta mánuði. Fimm hafa verið ákærðir fyrir aðild sína að ráninu sem er eitt það stærsta í sögu Bretlands.

# Kúvending á stefnu líkleg

**Skoðanakannanir benda til þess að Flokkur héraðanna fái flest atkvæði í kosningum sem fram fara í Úkraínu í dag.**

**ÚKRAÍNA, AP** Miðað við skoðanakannanir mun Flokkur héraðanna, sem Viktor Janúkovitsj fyrrverandi forsætisráðherra og forsetaframbjóðandi leiðir, fá 30 til 34 prósent atkvæða. Flokkur Viktors Júsjenkos forseta, Alþýðubandalagið – okkar Úkraína, er spáð 17 til 20 prósentum og Bandalagi Júlíu Tímosjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi bandamanns Júsjenko forseta, er spáð 14 til 20 prósentum.

Janúkovitsj hefur heitið því að styrkja tengslin við Moskvu og gera rússnesku að öðru ríkistungumáli á eftir úkraínsku. Jafnframt verði hætt við áform um að ganga í Atlantshafsbandalagið.

Alþýðubandalagið – okkar Úkraína, sem Júsjenko forseti leiðir, hefur haft þá stefnu að auka samskipti við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið og að slíta Úkraínu lausa undan áhrifum frá Moskvu. Flokkurinn naut mikilla vinsælda eftir Appelsínugulu byltinguna en fylgið hefur dalað mikið vegna bágs efnahags landsins og eftir klofninginn við Júlíu Tímosjenko, samherja úr byltingunni.

Bandalag Júlíu Tímosjenko hefur reynt að höfða til fylgismanna Appelsínugulu byltingarinnar sem eru vonsviknir með ríkisstjórn Júsjenkos. Þau saka ríkisstjórnina um að hafa svikið markmið byltingarinnar um réttlæti og aðskilnað viðskipta frá völdum.

Stjórnvöld í Úkraínu hafa lofað að kosningarnar verði fullkomnlega lýðræðislegar en nokkrir andstöðuflokkanna hafa varað við kosningasvindli.

Það sem er helst gagnrýnt er tölvuforrit sem er notað til að þýða kjörskrár í rússneskumælandi hluta Úkraínu úr rússnesku yfir á úkraínsku. Viktor Júsjenko forseti segir að stjórn hans hafi gert sitt besta til að laga kjörskrárnar. Meira en 2.100 alþjóðlegir eftirlitsaðilar fylgjast með kosningunum og 74.000 lögreglumenn gæta þess að allt fari vel fram. **sdg@frettabladid.is**

## KOSIÐ TIL ÞINGS Í ÚKRAÍNU

*Skoðanakannanir fyrir þingkosningarnar í Úkraínu í dag gefa til kynna óánægju kjósenda með hve hægt hefur miðað í umbótum í kjölfar - „Appelsínugulu byltingarinnar" sem kom Viktor Júsjenko til valda.*

**MANNFJÖLDI**
**48 milljónir**
(36 milljónir skráðra kjósenda)




**ÞINGIÐ (450 ÞINGSÆTI)**

Þingsætum er úthlutað eftir hlutfallstölu

Atkvæðum er úthlutað til flokka eða kosningabandalaga, ekki til einstakra frambjóðenda

Fimm ára kjörtímabil

Eftir kosningarnar verða völd að hluta flutt frá forseta til þingsins.

**STÆRSTU FLOKKARNIR**

| Lýðfylkingin - okkar Úkraína | Flokkur héraðanna | Bandalag Júlíu Tímosjenko |
|---|---|---|
| Flokkur Júsjenkos forseta | Flokkur Viktors Janúkovitsj, fyrrv. forsætisráðherra og forsetaframbjóðanda | Fyrrv. forsætisráðherra og fyrrv. bandamaður Júsjenko forseta |
| FYLGI: 20% | FYLGI: 36% | FYLGI: 14% |



Heimildir: CIA World Fact Book, KRT Photo Service, skoðanakönnun frá Socis - Center of Social and Political Research.
Grafík: Elsebeth Nielsen, Isabel Sondergaard © 2006

VÖKNUM
og bætum aðstöðu aldraðra í dag!
Mætum á stofnfund AFA
– Aðstandendafélags aldraðra
í dag, sunnudaginn 26. mars, kl. 15.00
í Hraunseli, Flatahrauni 3, Hafnarfirði
Sýnum að blóðið rennur til skyldunnar!
AFA
Aðstandendafélag aldraðra
P & Ó internet.is / pó

Fjölmenn almannavarnaræfing gekk vel í Vík:

# Hundrað manns yfirgáfu heimili sín

**ALMANNAVARNIR** Fjölmargir íbúar í Vík í Mýrdal urðu að láta raunveruleikann víkja um stundarsakir í gær og taka þátt í ímynduðum aðstæðum sem gætu komið upp ef gos hæfist í Mýrdalsjökli. Hús þeirra sem búa á hættusvæðum voru rýmd og íbúarnir fengnir til að skrá sig í fjöldahjálparstöð sem Rauði krossinn hafði komið upp.

„Það er fínt að minna mann á hætturnar sem felast í því að búa hérna,“ sagði Finnur Bjarnason þegar hann var beðinn um að yfirgefa heimili sitt ásamt konu sinni Önnu Jónsdóttur.

Um 120 manns skráðu sig sem er nokkuð góð þátttaka að sögn Sigurðar Hjálmarssonar, formanns Rauða krossdeildarinnar.

Æfingin heldur áfram í dag en þá munu íbúar í Rangárvallasýslu fá að reyna þessar ímynduðu aðstæður. Það eru starfsmenn Landsbjargar, Landhelgisgæslunnar, Rauða krossins, Landlæknis, Brunamálastofnunar og Neyðarlínunnar sem taka þátt í Bergrisanum ásamt íbúum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Áætlað er að vel á annað þúsund manns taki þátt í æfingunni og er þetta því stærsta björgunaræfing sem um getur hér á landi. **jse@frettabladid.is**



**HÚS RÝMD Í VÍK Í MÝRDAL** Finni Bjarnasyni og konu hans, Önnu Jónsdóttur, er hér gert að yfirgefa heimili sitt þar sem ímyndað gos var hafið í Mýrdalsjökli. Þau tóku raskinu með ró.



**DULARFULL SNERTING** Fékk verðlaun.

Hinsegin bíó lokið:

# Dularfull snerting best

**HÁTÍÐ** Hinsegin bíódögum var slitið í gærkvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum en þá voru sigurvegarar hátíðarinnar kunngjörðir.

Bandaríska myndin Dularfull snerting var valin besta leikna myndin en í flokki heimildarmynda reyndist Peter Berlin vera best. Það var síðan danska myndin Hver sem þú ert sem bar sigur úr býtum í flokki stuttmynda.

Að sögn Hrafnhildar Gunnarsdóttur, eins stjórnanda hátíðarinnar, var aðsóknin að hátíðinni mjög góð. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur á Glerárgötu** Sex voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur á horni Grænugötu og Glerárgötu á Akureyri á þriðja tímanum í gær. Að sögn lögreglunnar á Akureyri er talið að um minniháttar áverka sé að ræða.

## Vinir og samstarfsmenn

# ÞAKKLÆTI TIL YKKAR ALLRA

Í tilefni af því að Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði alla ákærðu af öllum sakargiftum 15. mars sl., viljum við koma þakklæti á framfæri.

Við höfum kynnst því hvaða þýðingu það hefur að eiga góða að þegar á móti blæs.

Þökkum góðar kveðjur og stuðning þau fjögur ár sem málaferlin gegn okkur hafa staðið.

**Stuðningur ykkar hefur verið okkur ómetanlegur.**

Jóhannes Jónsson

Jón Ásgeir Jóhannesson

Kristín Jóhannesdóttir



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er nýr forstjóri Icelandic Group?*

2 *Hver leikur harðstjórann í kvikmyndinni V for Vendetta?*

3 *Hver er nýr landsliðsþjálfari landsliðsins í handknattleik?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Landsbjörg gerir tímamótasamning um björgunarmál á hálendinu:

# Markvissara björgunarstarf

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarsveitir Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, Ríkislögreglustjóri og sýslumannsembættin á Selfossi, Borgarnesi og Blönduósi hafa skrifað undir aðgerðaáætlun fyrir Langjökul. Þessi aðgerðaáætlun gerir allt leitar- og björgunarstarf markvissara með því að fyrirfram ákveða boðun björgunarsveita, stjórnun og leitarskipulag. Samkomulagið er hið fyrsta sinnar tegundar og markar stefnuna fyrir áframhaldandi vinnu fyrir allt hálendið.

Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, segir að næsta skref sé að skipuleggja æfingar með björgunarsveitunum og í framhaldi af því vonist hann til að samkomulagið verði grunnur að skipulagi sem nær til hálendisins í heild eða þar sem aðstæður eru með líkum hætti. Þetta nýja fyrirkomulag einfaldi alla boðun og allt verklag varðandi aðgerðir.

„Vonandi fara björgunarsveitirnar strax á vormánuðum að æfa samkvæmt nýju áætluninni og ég mun hvetja til þess. Menn eru spenntir að sjá hvernig hún kemur út og alveg klárt að mikilvægt er að vera skipulagður á svæðum eins og hálendið okkar er. Ég held að þetta sé undanfari þess að þetta verði gert víðar á landinu.“

-shá



**BREYTINGAR HJÁ LANDSBJÖRG** Vonast er til að áætlunin verði tekin til fyrirmyndar á hálendinu í heild.

Reykingabann á Írlandi:

# Reyknum að mestu úthýst

**ÍRLAND, AP** Yfirgnæfandi meirihluti allra knæpa, hótela, veitingastaða og annarra fyrirtækja á Írlandi er reyklaus. Reykingabanni, sem sett var fyrir tveimur árum, hefur nánast undantekningarlaust verið framfylgt. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu írska tóbakseftirlitsins, sem kom út nýverið.

Enn stunda menn þó reykingar á stöku stað, einkum á krám og vínveitingahúsum, en bannið hefur verið brotið á um 13 prósentum þeirra. Staðan er allt önnur og betri á vinnustöðum en þar hefur banninu verið framfylgt í 95 prósentum tilvika.

-gb


2 fyrir 1 til Barcelona 30. mars.
frá kr. 19.990
Helgarferð – örfá sæti



Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Fjölbreytt gisting í boði í hjarta Barcelona.

Verð kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Tveir fyrir einn tilboð , út 30. mars og heim 3. apríl. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 4.600
Netverð á mann pr. nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel NH Condor *** með morgunverði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


Kosningafundir Alþjóðahúss:

# 4000 nýbúar eru á kjörskrá

**SAMFÉLAGSMÁL** Alþjóðahúsið mun halda tíu kosningafundi dagana 2. til 10. maí vegna sveitarstjórnarkosninganna. Til stendur að fá fulltrúa flokkanna til að kynna sín málefni. Fundirnir verða á tíu tungumálum. Tungumálin sem túlkað verður á eru enska, pólska, arabíska, serbneska, spænska, rússneska, víetnamska, litháíska, Norðurlandamál og tagalog en það er talað á Filippseyjum.

Að sögn Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, eru um 4.000 erlendir ríkisborgarar með kosningarétt.

- jse

Uppbygging í Reykjavík:

# Aldrei byrjað á fleiri íbúðum

**BYGGINGAR** Hafin var smíði á 1.257 íbúðum í Reykjavík á árinu 2005 og hefur sú tala aldrei verið hærri. Lokið var við smíði 782 íbúða á síðasta ári, samkvæmt skýrslu byggingafulltrúa.

Íbúðarhúsnæði var um helmingur alls húsnæðis sem fullgert var á árinu í fermetrum talið. Vörugeymslur og bílskúrar námu 16 prósentum, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 15 prósentum, stofnanahúsnæði 13 prósentum og um 6 prósent nýbygginga var iðnaðarhúsnæði.

- shá



**EUROFIGHTER EÐA F-35** Norsk stjórnvöld eru að semja um kaup á 48 nýjum orustuþotum. Verða sumar þeirra gerðar út frá Keflavík?NORDICPHOTOS/AFP

# Íslendingar eru á krossgötum

**Að mati norsks varnarmálasérfræðings þurfa Íslendingar nú að gera upp við sig hvort þeir vilji fylgja hátæknivæddu varnarkerfi Bandaríkjamanna eða svæðisbundnara varnarkerfi bandamanna í Evrópu.**

**VARNARMÁL** Nú þegar Bandaríkjamenn hafa ákveðið að kalla herlið sitt frá Íslandi og með öllu óljóst er hvernig þeir hyggjast standa við skuldbindingar varnarsamningsins um að halda uppi landvörnum hérlendis standa Íslendingar á krossgötum hvað varnarmál varðar.

Að sögn norska varnarmálasérfræðingsins John Berg þurfa Íslendingar nú að gera upp við sig hvort þeir vilji fylgja Bandaríkjamönnum á þá braut hnattræns hátæknivædds varnarkerfis sem þeir eru nú að hrinda í framkvæmd og tekur fyrst og fremst mið af tiltölulega þröngt skilgreindum varnarhagsmunum Bandaríkjanna. Eða hvort þeir vilja halla sér að hinu evrópska varnarkerfismódeli, sem sé svæðisbundnara og ekki alveg eins hátæknivætt og það bandaríska.



**JOHN BERG** Varnarmálasérfræðingur í Noregi.

„Nú er það svo að öll NATO-ríki eru að breyta herafla sínum úr fyrirkomulagi þar sem hann er bundinn við fastar herstöðvar í sveigjanlegri og hreyfanlegri herafla sem hægt er að senda með skömmum fyrirvara þangað sem þörf er á honum. Þetta er verið að gera í Noregi líka,“ segir Berg í samtali við Fréttablaðið. Því sé á síðustu árum búið að loka allmörgum herstöðvum sem áður voru starfræktar út um allan Noreg; verið sé að fækka fastabækistöðvum hersins án þess að veikja landvarnarkerfið.

Í þessu samhengi segir Berg mikilvægt að hafa í huga að Bandaríkjamenn séu að breyta fyrirkomulagi landvarna sinna í „hnattrænt varnarkerfi“, sem byggir á að þeir geti með skömmum fyrirvara sent hátæknivæddan herafla hvert sem er í heiminum.

Hins vegar séu Evrópuríkin að vinna að því að koma sér upp svæðisbundnara og ekki alveg eins hátæknivæddu varnarkerfi; kerfi sem gjarnan sé kallað sjálfsæð evrópsk varnargeta innan NATO, sem einnig sé hægt að beita utan NATO. Dæmi um það síðastnefnda megi sjá í friðargæsluliði NATO í Afganistan.

Berg lýsti þeirri skoðun sinni í Fréttablaðinu í gær að vel væri hugsanlegt að Íslendingar og Norðmenn gerðu með sér samning um varnarsamstarf sem komið gæti í staðinn fyrir þann viðbúnað sem Bandaríkjamenn hafa haft hér fram til þessa. Spurður hvort ekki liggi nær fyrir Íslendinga að biðja NATO um að sjá þeim fyrir lofthelgiseftirliti með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Eystrasaltslöndunum frá því þau gengu í NATO fyrir tveimur árum segir Berg að vissulega sé það kostur sem eðlilegt sé að Íslendingar skoði. En hann telur að efnahagslega vel stæðu landi eins og Íslandi ætti ekki að verða skotaskuld úr því að gera betur og láta til dæmis þjálfa Íslendinga til að manna þjónustulið slíkra þotna sem gerðar yrðu út frá Keflavík. Ratsjárstöðvarnar á Íslandi starfi samkvæmt NATO-staðli og þannig mætti halda rekstri þeirra áfram óbreyttum eftir að bandarísku þoturnar hverfa héðan, takist samningar um að norskar þotur komi hingað í staðinn.

audunn@frettabladid.is


FRAMKVÆMDASVIÐ

Umsóknir um styrki

Heimtraðir
- endurgerð heimtraða við íbúðarhús

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir umsóknum um styrki til endurgerðar heimtraða við íbúðarhús í Reykjavík á árinu 2006.

Styrkirnir taka til endurgerðar heimtraða á einkalóðum íbúðarhúsa með áhvílandi kvöðum um umferðarrétt annarra og er þeim ætlað að hvetja lóðarhafa til að ganga frá og sinna endurbótum á heimtröðum í einkaeign. Reglur um styrki ásamt umsóknareyðublaði og vinnureglum um forgangsröðun umsókna er hægt að nálgast á vef Reykjavíkurborgar rafraen.reykjavik.is. Einnig má nálgast ofangreind gögn á skrifstofu Framkvæmdasviðs að Skúlatúni 2, á milli kl. 08:20 og 16:15 á virkum dögum.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á netfangið fs@reykjavik.is eða til skrifstofu Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar í síðasta lagi **mánudaginn 10. apríl nk.**

Niðurstöður um styrkveitingar munu liggja fyrir innan 2 mánaða frá lokum umsóknarfrests og verða niðurstöður tilkynntar öllum umsækjendum skriflega.

kaktus FRA 0306-03

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs

# „Algjör draumur“

★★★★

„Hér stekkur helsti höfundur krúttkynslóðarinnar beint í deiglu íslenskrar þjóðfélagsumræðu. **Þetta er bók með brýnt erindi og hana verða allir að lesa sem á annað borð vilja fylgjast með.** ... Draumalandið er **hárbeitt gagnrýni** á framgöngu ráðamanna ... hún mun setja mark sitt á alla umræðu í landinu næstu misseri.“

*Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

**1. sæti**
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
15.– 21. mars.






Andri Snær Magnason

**Andri Snær fer á kostum þar sem hann ræðst beint að kjarna stærstu mála samtímans og hrærir upp í heimsmyndinni með leiftrandi hugmyndaflugi og hárfínum húmor.**

**Svona bók hefur aldrei verið skrifuð áður á íslensku.**

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

evrópa
*Ísland og Evrópusambandið*

AF EVRÓPUVETTVANGI AUÐUNN ARNÓRSSON

# *Af evru og krónu*



Talsverð umræða hefur staðið nú um hríð um möguleikana á að taka upp evruna hér á landi. Umræðan um kosti og galla þess að taka upp evruna hér hefur reyndar staðið lengi yfir, enda eðlilegt að þjóð sem notar minnstu sjálfstæðu myntina sem til er í heiminum horfi til þess hverju það myndi breyta fyrir hana að fá í staðinn Evrópumyntina umtöluðu, sem um 300 milljónir Evrópubúa í tólf ESB-löndum nota að svo stöddu. Evru-þjóðunum á þó fyrirsjáanlega eftir að fjölga talsvert og hlutfall evruviðskipta í utanríkisviðskiptum Íslendinga einnig.

Hafliði Helgason orðaði stöðuna svona í leiðara Fréttablaðsins í vikunni: „Krónan er örmynt og á alþjóðlegan mælikvarða þarf smáaura til að hreyfa gengi hennar. Vandséð er að slík örmynt fái staðist til framtíðar. ... Alþjóðavæðing viðskiptaheimsins mun færa okkur nær hagsveiflu Evrópuþjóða og þar með draga úr vægi þess að hafa eigin gjaldmiðil. Hugmynd viðskiptaráðherra um að skoða möguleika á að taka upp evru, án Evrópusambandsaðildar, ætti ekki að kasta frá sér án gaumgæfilegrar skoðunar.“ Sjötti þáttur greinaflokks um Evrópumál er helgaður þessu verkefni.

Í umræðu síðustu vikna hefur verið nefnt að í örríkjunum Páfagarði, San Marínó, Mónakó og Andorra sé evran opinber gjaldmiðill þótt þessi ríki eigi ekki formlega aðild að Evrópusambandinu eða myntbandalaginu. Enn fremur sé evran notuð í Bosníu og Kosovo, sem einnig standi utan ESB. Þessi dæmi þarfnast ekki mikillar skoðunar til að sjá að þau gagnast ekki sem fordæmi fyrir Ísland. Páfagarður afsalaði til að mynda fullveldi sínu í peningamálum til Ítalíu á valdatíma Mussolinis. Og evran er aðalgjaldmiðillinn í Bosníu og Kosovo vegna þess að á þessum stríðshrjáðu svæðum var enginn brúklegur gjaldmiðill fyrir.

Í vikunni sem leið kom Richard Wright, einn af yfirmönnum erlendra samskipta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, við hér á landi. Við það tækifæri sagðist hann telja að útilokað væri fyrir Íslendinga að taka upp evruna án þess að ganga í ESB. Hverfandi líkur væru á því að af hálfu ráðamanna í ESB væri vilji fyrir því að taka upp samninga við Íslendinga um undanþáguaðild að myntbandalaginu með hliðstæðum hætti og Íslendingar eiga aukaaðild að innri markaði Evrópu í gegnum EES-samninginn.

Eina leiðin fyrir Ísland til að taka upp evruna án þess að ganga í ESB væri því að lýsa því einhliða yfir að evran sé lögeyrir hér á landi, samhliða eða í stað krónunnar. Þar með kæmist evran í umferð á Íslandi, en íslenzk yfirvöld hefðu engin áhrif á peningamálastefnuna. Ekki frekar en páfinn.

STARFSMENNTUN

**Bókhald**

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, bókhaldsgrunnur í handfærðu bókhaldi og tölvufært bókhald í Navision.
Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Pátttakendur þurfa að hafa grunnkunnáttu í Excel. Prufuútgáfa fylgir.

Lengd: 110 std. Verð: kr. 86.000,- Morgun og kvöldnámskeið hefjast 30. mars (Páskafrí 8. - 18. apríl).

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

# Evran fæst ekki nema með fastgengi eða ESB-aðild

**Margt hefur verið rætt um kosti og galla evrunnar fyrir Ísland. Í tilefni af nýlegum ráðherraummælum hefur svo spurningin um það hvort Ísland geti tekið upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið komizt í brennidepil umræðunnar. Auðunn Arnórsson skoðaði það mál betur.**



**EVRAN** Seðlabanki Evrópu í Frankfurt. Hann markar peningamálastefnu evru-svæðisins. NORDICPHOTOS/AFP

Ísland er minnsta landið í heiminum með sjálfstæðan, fljótandi gjaldmiðil. Eins og Þórarinn G. Pétursson, staðgengill aðalhagfræðings Seðlabanka Íslands, sagði í fyrirlestri 3. febrúar 2005 er spurningin um kosti og galla þess að hafa sjálfstæða mynt eða taka upp mynt stærra efnahagssvæðis mjög þýðingarmikil fyrir Ísland.
Vægi vöruviðskipta Íslands við evru-löndin tólf hafa verið að aukast. Þau námu tæplega 30 prósentum af heildarutanríkisviðskiptum árið 1970 og eru nú vel yfir 40 prósent. Ákveði ESB-ríkin þrjú sem standa utan evrunnar að ganga í myntbandalagið fer hlutdeild viðskipta Íslands við evrusvæðið yfir 60 prósent. Ef Noregur skyldi líka bætast í hóp evru-landa hækkar þetta hlutfall í tæp 70 prósent.

Eftir stendur að enn sem komið er fer innan við helmingur utanríkisviðskipta Íslands fram í evrum, en það ræður mestu um það hversu fýsilegt það er að fasttengja krónuna Evrópumyntinni.

### Myntbandalag skilar meiru

Helstu hagfræðilegu rökin fyrir sameiginlegri mynt eru að hún eyðir nafngengissveiflum innan myntsvæðisins, hún dregur úr viðskiptakostnaði í alþjóðaviðskiptum og eykur gagnsæi í viðskiptum milli landa. Hún gerir ennfremur alþjóðleg viðskipti við lönd utan myntsambandsins auðveldari með því að opna aðgang að dýpri og þróaðri „innlendum“ fjármálamarkaði.

Þannig segir Þórarinn að áhrif sameiginlegrar myntar séu líklega mun víðtækari en áhrif fasts gengis. Rannsóknir hafi sýnt að aðild að myntbandalagi auki viðskipti til muna, án þess að draga úr viðskiptum út fyrir sameiginlega myntsvæðið.

### Hagsveiflan ekki í takt

Hagfræðingar hafa einnig bent á galla sem fylgt geta aðlögun lítils þjóðhagkerfis eins og þess íslenska að stóru myntsvæði eins og evrópska myntbandalaginu. Oftar en ekki sé hagsveiflan hér ekki í takt við hagsveifluna í stóru evru-löndunum. Peningamálastefnan á evrusvæðinu miðist þannig við aðrar aðstæður en hér ríki. Hins vegar hefur reynslan sýnt að eftir því sem viðskipti aukast milli landa innan myntsvæðisins eykst samleitni hagsveiflnanna. Það hefur líka sýnt sig að lítil og opin hagkerfi eins og Írland, Finnland og Lúxemborg, þar sem hagvöxtur hefur verið mun meiri en að meðaltali á evrusvæðinu á síðustu árum, hafa vel getað lifað við evruna þrátt fyrir það.

Stjórnun íslenskra peningamála er að mestu í höndum Seðlabanka Íslands. Helsta hagstjórnartækið sem Seðlabankinn ræður yfir er ákvörðun stýrivaxta. Bankinn hefur það yfirlýsta meginmarkmið að stuðla að stöðugleika í þróun verðlags. Stöðugleiki í þróun gengis er þannig ekki markmiðið, en þetta tvennt – verðbólgan og gengið – er nátengt. Gengishækkanir, sem geta tengzt hækkun stýrivaxta, geta komið þungt niður á útflutnings- og samkeppnisgreinum. Með þeim stjórntækjum sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða getur hann lítið gert til jöfnunar gengissveiflna, enda er slík sveiflujöfnun strangt til tekið ekki í verkahring hans.

Almennt gildir um lítil og opin hagkerfi eins og Ísland, að þar hafa gengissveiflur mun meiri áhrif á verðbólgu og vaxtastig en í stærri hagkerfum, þar sem utanríkisviðskipti hafa minna vægi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þetta veldur því jafnframt að eiginlegt sjálfstæði peningamálastefnunnar í litlu, opnu hagkerfi er lítið; utanaðkomandi sveifluvaldar hafa meira vægi. Þess vegna má segja að í slíku hagkerfi felist minni fórn í því að framselja mótun peningamálastefnunnar til aðila eins og Seðlabanka Evrópu.

### Aðvörunarbjöllur

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra vakti máls á því í ávarpi á ársfundi Seðlabanka Íslands í marz 2005 að Íslendingar skoðuðu möguleikana á upptöku evrunnar. Tilefnið var aðvörunarorð sem fram komu í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem heimsótti Ísland haustið 2004. Þar var varað við hækkun raungengis vegna vaxtahækkana Seðlabankans. Ef miklu hærri vextir eru á krónumarkaði en í helstu viðskiptalöndum ýtir það undir innstreymi gjaldeyris sem ýtir gengi krónunnar upp – en þetta dregur úr samkeppnishæfni og ýtir enn frekar undir ójafnvægið í hagkerfinu. Því meira ójafnvægi sem myndast, þeim mun harkalegri getur aðlögun orðið.

Fullyrða má að atburðir síðustu vikna, er gengi krónunnar tók dýfur í kjölfar þess að erlend matsfyrirtæki lýstu áhyggjum af hinum mikla viðskiptahalla og erlendu skuldasöfnun sem fylgt hefur hágengi krónunnar og þenslunni, rími fullkomlega við aðvörunarorð IMF-sendinefndarinnar.

### Evran engin töfralausn

Halldór tók fram í Seðlabankaræðu sinni fyrir ári að hann væri ekki að segja að upptaka evrunnar myndi leysa öll vandamál. Aðspurður bætti hann við, að hann teldi lítt fýsilegt fyrir Ísland að taka evruna upp einhliða; það væri ekki ráðlegt nema með því að ganga í Evrópusambandið og myntbandalagið, sem væri hins vegar ekki á stefnuskrá sitjandi ríkisstjórnar.

Í einhliða upptöku evrunnar fælist í raun ekki mikið meira en að ákveða að fasttengja gengi íslensku krónunnar við evruna. Ísland ætti þá ekki aðild að Seðlabanka Evrópu, ætti engan fulltrúa í fjármálaráðherraráðinu sem mótaði fjármálastefnu evru-svæðisins, og vaxtastig hér yrði áfram hærra. Danir fylgja í raun fastgengisstefnu gagnvart evrunni, og sum nýju ESB-aðildarríkjanna gera það einnig nú þegar. Eistar hafa farið þá leið að fela óháðu gjaldeyrisráði (e. *currency board*) að ákvarða gengið, en yfirlýst markmið er að halda gengi eistnesku krónunnar gagnvart evru stöðugu.

**MYNTBANDALAG EVRÓPU**

✷*Yfirlit*

Efnahags- og myntbandalag Evrópu, EMU, varð að veruleika í ársbyrjun 1999, með stofnþátttöku ellefu Evrópusambandsríkja. Nú eru evrulöndin tólf talsins og borgarar þeirra, um 300 milljónir Evrópubúa, hafa haft evrumynt og -seðla í vösunum frá því í ársbyrjun 2002. Öll nýju ESB-ríkin tíu, sem gengu í sambandið vorið 2004, stefna að því að taka upp evruna eins fljótt og þeim tekst að uppfylla efnahagslegu skilyrðin fyrir því. Þrjú af eldri aðildarríkjunum – Bretland, Danmörk og Svíþjóð – hafa fram til þessa hvert á sínum forsendum kosið að standa utan við myntbandalagið.



„Ísland sem alþjóðleg fjármálamiðstöð“

HÁDEGISFUNDUR MEÐ HALLDÓRI ÁSGRÍMSSYNI, FORSÆTISRÁÐHERRA

Háskólinn í Reykjavík boðar til hádegisfundar með Halldóri Ásgrímssyni, forsætisráðherra, **mánudaginn 27. mars.**

Í erindi sínu fjallar forsætisráðherra um þau skilyrði sem eru fyrir hendi hér á landi til að gera Ísland að álitlegum kosti sem alþjóðleg fjármálamiðstöð.

**Auk þess mun forsætisráðherra m.a. fjalla um:**

- tækifæri íslenskra fyrirtækja til vaxtar
- hvernig hægt sé laða auknar fjárfestingar til landsins
- vaxtarbrodda atvinnulífsins
- samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs til að koma íslenskri fjármálaþjónustu á heimsmælikvarða

Að loknu erindi forsætisráðherra verða opnar umræður og fyrirspurnir.

Fundurinn verður haldinn í stofu 101 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2 og stendur frá klukkan 12 til 13.

*Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA
ICELANDAIR
VINSÆLASTI SÖNGVARI Á
ÍSLANDI OG VINSÆLASTA
SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS
GARDAR THÓR
CORTES
KATHERINE
JENKINS
ÁSAMT 40 MANNA HLJÓMSVEIT
Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006
STJÓRNANDI GARÐAR CORTES
MIÐASALA ER HAFIN
BYLGJAN 20 ÁRA
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.CONCERT.IS
OG WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Seðlabankinn og bankastjórnarformaðurinn:

## Skilaboð í heimatún og á útengi

Sá mikli óróleiki sem verið hefur á íslenskum fjármálamarkaði upp á síðkastið vekur eðlilega upp ýmsar áleitnar spurningar. Ein er sú hvernig rétt er að mæta slíkri umræðu og hverjir hafa þar mestar skyldur og bera mesta ábyrgð.

Inn á við geta talsmenn ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu vitaskuld tekist á um almenn atriði efnahagsstefnunnar. En í sjálfu sér er það ekki aðalatriði. Hitt skiptir meira máli að koma myndugum og trúverðugum skilaboðum út á markaðinn; það á bæði við heimatúnið og þau útengi hans sem mestu skipta erlendis.

Þýðingarmikið er að greina hismið frá kjarnanum í allri þessari umræðu. Sumt af því sem erlendir bankar og matsfyrirtæki hafa sagt um íslensku bankana og íslenska hagkerfið hefur verið rangt, annað villandi og sitthvað lýst skorti á þekkingu. Erlendar lánastofnanir sem seldu skuldabréf í íslenskum krónum vissu til að mynda jafn mikið um áhættuna sem fólgin hefur verið í vaxandi viðskiptahalla og litlu myntsamfélagi þegar þeir sannfærðu viðskiptavinina um að kaupa eins og þegar þeir ráðlögðu þeim að selja.

Þannig er augljóst að sumir þátttakendur í þessari umræðu hafa verið að kasta steinum úr glerhúsi. Öllu skiptir því að menn vegi og meti gildi þess sem sagt er. Að öðrum kosti verður umræðan misvísandi og villandi en ekki upplýsandi og leiðbeinandi. Hluti af gagnrýninni er hins vegar byggður á gildum rökum, sem ærin ástæða er til að virða. Fæst af því hefur þó komið á óvart. Mikill viðskiptahalli sem auk heldur er að tveimur þriðju hlutum vegna einkaneyslu var þekkt áhyggjuefni og skýr vísbending um að gengi krónunnar myndi ekki standast óbreytt til langframa. Það hefði beinlínis verið óheilbrigt.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir réttilega í viðtali við Fréttablaðið í liðinni viku vegna umræðu um þessi efni að eldurinn brenni heitast á viðskiptabönkunum sjálfum og á þeim hvíli sú skylda að koma skilaboðum út á markaðinn. En á hinn bóginn segir Seðlabankastjórinn að bankinn vilji að sjónarmið hans komi skýrt fram að því er varðar efnahagsumhverfið sjálft.

Ekki leikur á tvennu að mikilvægt er að Seðlabankinn tali skýrt og af myndugleik í þessari stöðu þannig að eftir verði tekið bæði heima og erlendis. Þar er kjölfestan. Þaðan eiga að berast skilaboð sem einkennast af yfirvegun en ekki óðagoti; með öðrum orðum skilaboð sem vekja traust.

Lengi hefur það verið svo að í yfirstjórn Seðlabankans hefur verið blandað hagfræði- og fjármálaþekkingu ásamt með stjórnmálareynslu. Sá háttur hefur jafnan sætt nokkurri gagnrýni. Þegar allt er slétt og fellt reynir ekki mikið á ólík sjónarmið að þessu leyti. Nú eru hins vegar þær aðstæður að verulega getur reynt á Seðlabankann.

Í því ljósi er það bankanum augljós styrkur að hafa í forystu það afl og þann myndugleik sem langvarandi forysta í ríkisstjórn hefur skapað. Það gildir augljóslega gagnvart þeim sem ruglast hafa í ríminu hér heima. En hitt skiptir meira máli að þessi veruleiki í yfirstjórn bankans á að geta gefið þeim skilaboðum hans, sem berast á erlenda fjármálamarkaði, þunga yfirvegunar og stefnufestu. Á því er þörf.

Enginn gengur að því gruflandi að skilaboðin frá komandi ársfundi Seðlabankans munu hafa meira gildi en venjulegast er. Að svo miklu leyti sem óróleikinn stafar af misskilningi á að vera unnt að tala markaðinn til nokkuð betra jafnvægis.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvað er að gerast?**
Dagur er að kveldi kominn þann 5. september 2005, klukkan að verða hálf átta. Þrír blaða- og fréttamenn, frá Fréttablaðinu, Ríkisútvarpinu og Morgunblaðinu bíða átekta í Valhöll, höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins. Þeir vita af Davíð Oddssyni, leiðtoga flokksins, þar inni. Hann hafði skömmu áður ávarpað fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík í fundarsal á neðstu hæð hússins. Ræðan var stutt og Davíð hafði horfið á braut upp á efri hæðir hússins. Eitthvað liggur í loftinu. Ætlar Davíð að hætta?
Um klukkan hálf átta stormar Davíð út ásamt ásamt Geir Haarde, varaformanni flokksins. Hann er stöðvaður og spurður hvort hann ætli að bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku í flokknum. „Ég hef ekki gefið neina tilkynningu um annað. Meðan það stendur er það þannig.“
Hvað ræddu þeir í nærri tvær klukkustundir? Varð verið að ákveða tímasetningar, ganga frá sviðsmyndinni? Ráðningu Davíðs í Seðlabankann?



**Von að spurt sé**
Miðvikudagur 7. september, tveimur dögum síðar. Sameiginlegur fundur miðstjórnar og þingflokks Sjálfstæðisflokksins er boðaður klukkan 14.00 í Valhöll. Davíð ætlar að tilkynna mikilvæg tíðindi. Fjölmiðlarnir tjalda öllu sem til er. Bein útsending. Starfsmaður flokksins gefur til kynna að ráðherrar flokksins séu til í að tjá sig um tíðindi dagsins að afloknum flokksfundinum. Klukkan er rétt að verða þrjú þegar fundinum lýkur. Ljóst er að Davíð hefur tilkynnt að hann ætli að hætta. Fjölmiðlar storma inn á fund með honum. Ráðherrar koma út af fundi, vappa um og tala við blaða- og fréttamenn. Enginn asi og enginn flýtir. Blaðamaður Fréttablaðsins stöðvar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á leiðinni út úr húsinu. Vill hann tjá sig um málið? Nei, hann má ekki vera að því, er að flýta sér á fund. Björn er þungbúinn.
Klukkan 15.22 er dómsmálaráherrann búinn að svara erindi frá Fréttablaðinu í tölvupósti um óskylt málefni. Fimmtán mínútum síðar? Fór hann aldrei á fund? Vildi hann ekki tjá sig um Davíð? Hafði ráðherraframtíð hans ráðist á sögulegum flokksfundi hálfri klukkustundu fyrr?



johannh@frettabladid.is

# Vatn handa öllum

Í DAG
VATN



ILLUGI GUNNARSSON

*Á degi vatnsins hefur rúmlega einn milljarður manns ekki greiðan aðgang að vatni. Enn fleiri hafa ekki aðgang að nægjanlegu vatni til að sinna lágmarks hreinlæti. Afleiðingar þessa eru skelfilegar.*

Í vikunni sem leið var alþjóðlegi vatnsdagurinn. Sá dagur hefur á undanförnum árum komið og farið án þess að við Íslendingar hefðum séð ástæðu til að veita honum sérstaka athygli. Nú er öldin önnur og helgast það ekki af vatnsskorti hér á landi heldur af makalausri uppákomu á Alþingi nýverið. Stjórnarandstaðan gekk fram af óskiljanlegu offorsi. Verra var að ríkisstjórnarmeirihlutinn gerði þau mistök að semja við stjórnarandstöðuna. Skilaboðin voru þau að ef stjórnarandstaðan hagar sér nógu ólýðræðislega og misnotar þingsköp nógu freklega, þá verði gengið að kröfum hennar. Umræðan um vatn á Alþingi var einungis birtingarmynd málefnasnauðrar stjórnarandstöðu og kátlegt að fylgjast með forystumönnum hennar berja sér á brjóst yfir árangrinum í þessu máli. En vatn er dauðans alvöru mál, fyrir þá sem hafa ekki aðgang að því.

**Meira en milljarður manna án vatns**

Á degi vatnsins hefur rúmlega einn milljarður manns ekki greiðan aðgang að vatni. Enn fleiri hafa ekki aðgang að nægjanlegu vatni til að sinna lágmarks hreinlæti. Afleiðingar þessa eru skelfilegar. Talið er að á síðasta ári hafi um 12 milljónir manns dáið vegna skorts á vatni. Vatnsskorturinn felldi fleiri í heiminum en vopnuð átök megnuðu og er víst ekki hægt að kvarta yfir framtaksleysi þeirra sem um vopnin halda. Aukið aðgengi fólks í fátækustu löndum heims að vatni er eitt mikilvægasta verkefni alþjóðasamfélagsins. Talið er að það þurfi að auka framlög um 100 milljarða bandaríkjadollara árlega næstu árin, til að leysa bráðasta vatnsvandann. Til samanburðar er talin þörf á 20 milljörðum dollara á ári til að berjast gegn eyðni.

**Ríkisveitur vonlausar**

Þessi rúmi milljarður manns sem er án vatns býr í fátækustu löndum heims, einkum í Afríku og Asíu. 97% af vatnsdreifingunni er í höndum opinberra aðila í þessum löndum. Augljóst er að árangurinn er hörmulegur og er þá ekki fast að orði kveðið. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með að við svo búið má ekki standa. Vatnsnotkun í heiminum sexfaldaðist frá 1900 til 1995, meira en helmingi meiri vöxtur en var í mannfjöldanum á sama tíma. Talið er að mannfólkinu muni fjölga í um níu milljarða um miðja þessa öld. Vatnsnotkun mun því vaxa umtalsvert frá því sem nú er.

**Andstaða við einkaframtakið**

Í ljósi þessa vekur það furðu hversu mjög er hamast gegn því að einkafyrirtæki dreifi vatni, einkum í þriðja heiminum. Andstæðingar einkaframtaksins hafa bent á máli sínu til stuðnings, að þess séu dæmi að verð hafi hækkað til þeirra sem höfðu aðgang að vatnsveitu eftir að einkavæðing hafi átt sér stað. Þetta er rétt, en um leið eru dæmi um að verð til notenda hafi lækkað við einkavæðingu. En málið er miklu flóknara. Þegar kostnaður við að tengja nýjan notanda er hærri en tekjurnar sem fást, er lítill hvati til að tengja nýja notendur við vatnsveiturnar. Á þessa staðreynd hafa stjórnvöld rekið sig illilega á í þriðja heiminum. Því kann að vera nauðsynlegt að verð hækki að minnsta kosti tímabundið til notenda til þess að nýir notendur geti bæst við. Slíkar hækkanir hafa verið gagnrýndar mjög. En þá er horft framhjá meginatriði málsins. Örlögum og kostnaði þeirra sem ekki fá tengingu við vatnsveitu vegna þess að einkaaðilum er ekki hleypt inn á vatnsmarkaðinn.

**Fátækir borga meira fyrir vatn en aðrir**

Fátækasta fólkið í borgum og bæjum þriðja heimsins er auðvitað ekki án vatns frekar en aðrir. Vandinn er bara sá að það þarf að kaupa vatnið af t.d. götusölum, á margfalt hærra verði en þeir sem tengdir eru vatnsveitum þurfa að borga. Verðmunurinn er gjarnan á bilinu 12 til 20 faldur. Og þeir sem ekki búa í þéttbýli verða að eyða drjúgum hluta dagsins í að afla sér vatns. Sú vinna, þungur vatnsburður um langan veg, er gjarnan unnin af konum og börnum. Það er áætlað að um 10 milljónir ársverka fari í vatnsburð sem þennan. Þessi kostnaður gleymist gjarnan.

Andstæðingum einkaframtaksins hefur tekist að hægja á þátttöku einkafyrirtækja í vatnsdreifingu í þriðja heiminum. Það er hræðilegt fyrir þær hundruð milljónir manna sem þar með þurfa að bíða lengur eftir því að fá vatn á viðráðanlegu verði. Ábyrg afstaða hlýtur að vera sú að hvetja til þess að fátæk ríki nýti sér kunnáttu og þekkingu vatnsfyrirtækja. Eða hvað yrði sagt ef einkaframtakið væri ábyrgt fyrir 97% vatnsdreifingar í þriðja heiminum og milljarður manna hefði ekki aðgang að vatni?


Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærri innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

ARGUS 06-0052

sph
550 2000 | www.sph.is



MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




# Vectavir á frunsuna

## Handhæg vörn, þægileg í veskið.




Fæst án lyfseðils!

**Viltu losna við frunsuna?**

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.

Vectavir verkar einnig á blöðrur.

Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.

Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**LUDWIG VAN BEETHOVEN (1770-1827)**

*„Beethoven getur skrifað tónlist, guði sé lof, en hann getur ekki gert neitt annað.“*

*Tónskáldið Beethoven var ekki með mikið sjálfstraust á öðrum sviðum en tónlistinni.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 26. MARS 1979

# *Egyptar endurheimta Sínaískaga*

Á þessum degi skrifaði Egyptaland undir friðarsamning við Ísrael. Undirritunin var síðasta skrefið í löngu ferli en í september árið áður höfðu forsvarsmenn ríkjanna tveggja dvalið lengi hjá Jimmy Carter, forseta Bandaríkjanna, til að komast að samkomulagi um frið. Sáttmáli ríkjanna tveggja er því oft nefndur eftir sumaríverustað Bandaríkjaforseta, Camp David.

Samningurinn gekk út á að Ísraelar skiluðu herteknum svæðum á Sínaískaga og Egyptar viðurkenndu tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig komu ríkin tvö á eðlilegu samstarfi í utanríkismálum. Frá stofnun Ísraelsríkis 1946 hafði ekkert annað ríki í Mið-Austurlöndum samþykkt Ísrael á þennan hátt og gjörðir Egypta vöktu upp mikla reiði á meðal araba. Voru Egyptar meðal annar útskúfaðir úr Arabíska ríkjabandalaginu eftir friðarsamninginn og haldið úti í kuldanum í einu og öllu.

Frá þessum degi hefur einungis eitt nágrannaríki Ísraels fetað í fótspor Egypta en Jórdanía skrifaði undir friðarsamning við Ísrael árið 1994.



**SÍNAÍSKAGI** Á dögum Jom Kippúr stríðsins.

## MERKISATBURÐIR

**1876** Lúðurþeytarafélag Reykjavíkur er stofnað og er það talin fyrsta hljómsveit Íslands.

**1920** Fyrsta björgunar- og varðskip Íslendinga kemur til Vestmannaeyja en það bar nafnið Þór.

**1947** Knattspyrnusamband Íslands er stofnað.

**1953** Bandaríski læknirinn dr. Jonas Salk kynnir nýtt bóluefni gegn mænusótt og þar með lömunarveiki.

**1973** Flugvélin Vor ferst með fimm mönnum norður af Langjökli.

**1992** Hnefaleikakappinn Mike Tyson er dæmdur í sex ára fangelsi eftir að hafa nauðgað konu í Indíanafylki Bandaríkjanna.

**1999** Tölvuormurinn Melissa sýkir tölvupóstkerfi um allan heim.

## AFMÆLI



**Hafliði Arngrímsson** dramatúrg er 55 ára.



**Jónína Benediktsdóttir** íþróttafræðingur er 49 ára.



**Haukur Holm** fréttamaður er 50 ára.



**Víkingur Kristjánsson** leikari er 33 ára.

## ANDLÁT

**Aðalheiður Jóhannesdóttir**, frá Hraunsási, lést á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi 23. mars.

**Garðar Pálmason**, Básavegi 4, Reykjanesbæ, varð bráðkvaddur á heimili sínu 22. mars.

**Óskar Vigfússon**, Álfaskeiði 3, Hafnarfirði, lést 23. mars.

**Henning Nielsen**, Dalsgerði 3, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Seli 23. mars.

**Ásthildur Magnúsdóttir**, frá Tjaldanesi, lést á Landspítalanum 23. mars.

**Þuríður Svala Jónsdóttir**, Dalbraut 27, lést á Landspítalanum í Fossvogi 15. mars.

**Þorgeir Þórarinsson** lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 22. mars.

**Fjóla Elíasdóttir**, Syðra-Seli, Hrunamannahreppi, lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi 17. mars.

**Kristján Símonarson** lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 16. mars.

# Helgihald í Kolaportinu

Í dag klukkan tvö býðst gestum Kolaportsins að taka þátt í helgiathöfn. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, leiðir stundina sem fer fram á Kaffi Porti sem er innst í Kolaportinu. Prestarnir Jakob Ágúst Hjálmarsson og Sigrún Óskarsdóttir sjá um predikunina og Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknanemi, tekur við fyrirbænaefnum.

Að lokinni athöfninni munu þau ganga milli þáttakenda og gera krossmark í lófa þeirra með olíu, um leið og sagt er: „Drottinn blessi þig og varðveiti þig.“



**FRÁ KOLAPORTINU**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Vigfússon**

Álfaskeiði 3, Hafnarfirði,

er látinn. Útförin auglýst síðar.

Nicolina Kjærbech Vigfússon
Valborg Kjærbech Óskarsdóttir
Óskar Ásbjörn Óskarsson — Hjördís Ólöf Jónsdóttir
Ómar Óskarsson — Erla María Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur vinarhug og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföðurs, afa og langafa,*

**Einars J. Gíslasonar**

bifreiðastjóra, Ásvegi 16, Reykjavík.

Guðlaug Sigurjónsdóttir
Ólöf Einarsdóttir — Bogi Þórðarson
Sigurlaug Einarsdóttir
Erna Einarsdóttir — Bergþór Einarsson
Einar Örn Einarsson — Hulda Haraldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

## KRISTJÁN KRISTJÁNSSON: FIMMTUGUR Í DAG

# Meitlaði viku úr graníti

Í dag er stór dagur fyrir tónlistarmanninn kunna Kristján Kristjánsson því fimmtugsafmælið hans er runnið upp. Hann ætlar ekki að halda veislu, ekki einu sinni vera heima heldur eyða þessum merka áfanga erlendis í góðum selskap.

„Það er búið að vera alveg ofsalega mikið að gera hjá okkur hjónunum undanfarið og við ætlum bara að skreppa í smá „honeymoon“,“ segir Kristján. Þegar setið er um hverja mínútu, eins og hjá Kristjáni og konu hans, er ekki alltaf auðvelt að finna tíma til að fara í frí. Í tilefni af fimmtugsafmælinu ákváðu þau þó að „meitla viku úr graníti,“ eins og Kristján orðar það. „Við erum að fara til Búdapest þar sem við ætlum að vera á rosalega fínu hóteli. Þetta er svona spa-hótel eins og er búið að vera þarna síðan hjá Rómverjunum, því heita vatnið sprettur upp hjá þeim líka.“ Hjónin ætla að koma endurnærð heim og tilbúin í verkefni framtíðarinnar en ný plata er væntanleg með KK í lok sumars og ætlar hann að hefja vinnu á plötunni strax við heimkomuna.

Kristján neitar því að ástæða utanferðarinnar sé að einhverju leyti flótti frá afmælinu. „Nei, maður getur ekki flúið örlög sín. Mér finnst bara gaman að hafa náð þessu,“ bætir hann svo við. Kristján er alls ekki mikill afmælismaður enda er aldurinn honum ekki svo ofarlega í huga. „Aldrei pælt í aldrinum. Alltaf fundist ég vera svo ungur. Ég hef oft gleymt því að ég ætti afmæli og einhver annar hefur minnt mig á það,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segist hann stundum hafa haldið upp á afmælið sitt en þá bara í fámennum hópi. „Ég hef aldrei verið fyrir svona mikið tilstand. Þetta hafa bara verið nánir vinir sem maður safnar í kringum sig þegar eitthvað er að gerast.“ Eins og gengur hjá manni sem hefur lifað í fimmtíu ár hefur Kristján verið viðstaddur fjöldann allan af afmælum sem hafa verið eins misjöfn og þau eru mörg. „Ég hef verið í ofsalega skemmtilegum afmælum og reyndar líka í alveg rosalega leiðinlegum.“ Þegar blaðamaður innir Kristján eftir minningu um skemmtileg afmæli nefnir hann afmæli í fjölskyldunni. „Afmæli krakkanna hafa alltaf verið mjög skemmtileg. Það er svo gaman að upplifa afmæli í gegnum krakka því þetta er svo mikið atriði, spennandi og gaman. Afmælin eru eiginlega stærsti viðburðurinn í lífum þeirra þegar þau eru lítil og það heldur áfram fram eftir öllum aldri. Þau þurfa líka ekki einu sinni að eiga sjálf afmæli heldur bara fara í afmælisveislu til vinanna.“

Kristján á sér engan uppáhaldsafmælisdag í eigin lífi en lítur kannski helst til sautján ára afmælisins og bílprófsins sem fylgdi því. „Ég man annars ekki eftir neinu afmæli sem var stórkostlegt. Ábyggilega bara tíu ára afmælið eða fimm ára afmælið. Jú, ætli fimm ára afmælið hafi ekki verið merkilegasta afmælið.“



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON** Spáir ekki mikið í aldurinn eða afmælishaldi. Að hans mati var fimm ára afmælið hans líklega það mikilvægasta enda eru afmæli mikið atriði í lífi barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VORKOMAN Í PÓLLANDI** Furðulostinn vörður horfir hér upp á þrjár fígúrur sem dansa á stultum í tilefni þess að vorið er komið til Varsjár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Selfosskirkja fimmtíu ára

Selfosskirkja hélt upp á það í gær að fimmtíu ár eru liðin frá því að kirkjan var vígð. Vígsluna bar upp á pálmasunnudag árið 1956 en bygging hennar hófst árið 1952. Frá því að kirkjan var vígð hefur verið verið aukið við hana og hún skreytt enn frekar.

Í tilefni af afmælinu voru haldnar tvær tíðagjörðir fyrir hádegi í gær og um eftirmiðdaginn var samkoma í kirkjunni. Hátíðardagskráin heldur áfram í dag með tveimur messum, barna- og fjölskyldumessu sem hefst klukkan ellefu og hátíðarmessu klukkan 14. Að hátíðarmessunni lokinni verður boðið upp á veislukaffi í safnaðarheimilinu og eru allir að sjálfsögðu boðnir velkomnir.



**FRÁ SELFOSSKIRKJU**


Þrír milljónamiðar fundnir!
Þeir fundust í:
Select, Suðurfelli
Samkaup–Úrval, Hrísalundi
Select, Suðurfelli
Finnur þú þann næsta?
Gerir lífið meira spennandi
HAPPA ÞRENNAN
300kr.
HAPPAÞRENNAN
E12345678
HÆSTI VINNINGUR
EIN MILLJÓN KRÓNUR
25x1.000.000KR. VINNINGAR
1.000.000

# Í nálgunarbanni eru mjög sterk skilaboð

**Kynbundið ofbeldi er ekki á undanhaldi, þvert á móti eru vísbendingar um að það sé að aukast og harðna. Konurnar sem leita til Kvennaathvarfsins, hvort heldur í viðtöl eða dvöl, eru allt upp undir nírætt. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* ræddi við Drífu Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýru Samtaka um kvennaathvarf.**



DRÍFA SNÆDAL Meðvitundin um að kynbundið ofbeldi sé þjóðfélagslegt vandamál hefur aukist og Drífa segist sjá merki þess, til dæmis hafi þessi málaflokkur ratað betur inn í pólitíkina á síðasta ári en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við sjáum bara toppinn á ísjakanum. Við fáum aldrei helminginn af þeim konum sem búa við ofbeldi til okkar. Við erum að horfa upp á fjölgun dvalarkvenna í athvarfinu þriðja árið í röð og það hafa aldrei verið jafnmörg stuðningsviðtöl hérna þannig að það má segja að við séum að efla starfið okkar, það er að vaxa,“ segir Drífa.

Í ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf, sem kemur út á næstu dögum, kemur fram að kynbundið ofbeldi hefur aukist á Íslandi. Drífa kann ekki skýringar á þessu. Hún segir að það sé ekki ljóst hvort konur geri sér nú betur grein fyrir því að þær séu beittar ofbeldi og þá hvers kyns ofbeldi eða hvort ofbeldið sé hreinlega að aukast og harðna.

### Þvingað kynlíf er nauðgun

„Ég get ímyndað mér að umræðan í samfélaginu sé að skila aukinni meðvitund um kynferðislegt ofbeldi innan sambúðar og hjónabands,“ segir Drífa og segir að fólk geri sér betur grein fyrir því að nauðgun sé nauðgun, það skipti ekki máli hvort nauðgunin sé framin utan eða innan sambúðar eða hjónabands. „Það gæti skýrt þessa aukningu,“ segir hún og rifjar upp að hér áður fyrr hafi verið litið á það sem húsbóndarétt að fá kynlíf innan hjónabands. „Nú hafa viðhorfin vonandi breyst þannig að þvingað kynlíf innan hjónabands er nauðgun.“

Bókin hennar Thelmu, Myndin af pabba, sem Gerður Kristný skrifaði og kom út fyrir jólin, vakti fólk til umhugsunar um kynbundið ofbeldi í breiðasta skilningi. Drífa segir að álagið á Stígamót hafi aukist í kjölfar bókarinnar og það hafi einnig skilað sér til Kvennaathvarfsins en fólk getur hringt í síma 561 1205 til að leita sér aðstoðar hjá athvarfinu.

Meðvitundin um að kynbundið ofbeldi sé þjóðfélagslegt vandamál hefur aukist og Drífa segist sjá merki þess, til dæmis hafi þessi málaflokkur ratað betur inn í pólitíkina á síðasta ári en áður. „Valdhafar eru að taka við sér og fjölmiðlar hafa líka fjallað mikið um þetta.“

Þegar komutölur eru skoðaðar kemur í ljós að komum hefur fjölgað úr 395 árið 1997 í 557 í fyrra. Drífa segir að 283 konur séu á bak við þá tölu og hver kona sem fer í Kvennaathvarfið komi þá að meðaltali tvisvar. Fimmta hver kona hefur líkamlega áverka, sem er veruleg aukning milli ára, en allar eiga konurnar það sameiginlegt að hafa andlega áverka. Það er jú þess vegna sem þær sækja eftir aðstoð hjá Kvennaathvarfinu.

### Ráðast að rótunum?

Nánast engar rannsóknir hafa verið gerðar á kynbundnu ofbeldi á Íslandi þar sem ekki hafa verið settir neinir peningar í rannsóknir, til dæmis frá félagsmálaráðuneytinu. Eina tölfræðin sem er til er því frá Kvennaathvarfinu og Stígamótum. Þá munu Samtök um kvennaathvarf taka saman viðameiri tölfræði og skýrslu í tilefni af 25 ára afmæli sínu á næsta ári.

Rannsóknum fer sennilega líka fjölgandi þar sem félagsmálaráðuneytið hefur aðgerðaáætlun í undirbúningi. „Vonandi eru tillögur um rannsóknir inni í henni,“ segir Drífa. Til viðbótar við fjárframlag til rannsókna má gera ráð fyrir tillögum um fræðslu til fagfólks, fræðslu til almennings, samstarfi við fjölmiðla og síðast en ekki síst, úrræði fyrir þolendur og gerendur.

Drífa rifjar upp að verkefnið Karlar til ábyrgðar hafi verið í gangi á árum áður en því hafi verið hætt vegna fjárskorts. Verið er að endurvekja það með peningum frá félagsmálaráðuneytinu. „Ákveðnir sálfræðingar hafa boðið upp á meðferð og sérhæft sig í þessu en til að þetta gagnist betur þarf að vera hópmeðferð fyrir hendi og hún hefur ekki verið til staðar. Hópmeðferð hefur minni kostnað í för með sér en sálfræðitímar,“ segir hún.




Aðeins fjögur ár eru frá því að Kvennaathvarfið flutti í nýtt húsnæði en þegar er farið að þrengja að því vegna aukinnar aðsóknar. Til greina kemur að Kvennaathvarfið stækki við sig húsnæðið. „Við erum nánast búin að sprengja húsnæðið utan af okkur,“ segir Drífa og veltir fyrir sér hvort það sé rétta leiðin að stækka Kvennaathvarfið eða fjölga athvörfum í stað þess að ráðast að rót vandans, veita upplýsingar og fræðslu og bjóða gerendum upp á meðferð.

„Við höfum mest verið með 17 manns skráð í húsinu á sama tíma, konur og börn. Það er alveg í það mesta,“ segir hún. „Ef þróunin heldur áfram eins og hefur verið, málin verða jafn erfið áfram og konurnar þurfa að dvelja hér lengur en áður eins og verið hefur, þá neyðumst við til að grípa til ráðstafana.“

### Vill gera samfélagslegan sáttmála

Langtímalausnin í baráttunni við kynbundið ofbeldi er að ala börn upp í jafnrétti og virðingu hvert fyrir öðru. Drífa segir að það þurfi að auka meðvitundina enn frekar og gera samfélagslegan sáttmála um að kynbundið ofbeldi verði ekki liðið í nokkurri mynd.

„Ég held að kynbundið ofbeldi verði alltaf til meðan valdastaða kynjanna er skökk. Það er almennt viðurkennt að þetta er birtingarmynd kynjamisréttisins. Þess vegna höfum við verið virkar í jafnréttisbaráttunni. Síðan þarf samhæfðar lagabreytingar og félagslegar aðgerðir og meðvitund almennings þar sem fókusinn er á þá sem beita ofbeldi og hvernig þeir verða látnir taka ábyrgð á því og hætta því. Við höfum kallað eftir því hjá ráðuneytinu að stofna þverfaglega nefnd með okkur innanborðs til að hanna hvernig verður tekið á þessu samfélagslega vandamáli,“ segir hún.

Konurnar í Kvennaathvarfinu hafa þýtt og dreift spurningalista sem ber yfirskriftina „Beitir þú konu/kærustu þína ofbeldi?“ en hann má einmitt sjá hér á næstu síðu.

„Í stað þess að spyrja konurnar þá snúum við spurningunni við og spyrjum karlana: Beitir þú ofbeldi? Er eitthvað í þinni hegðun sem þú þarft að laga? Og það er þangað sem fókusinn fer að snúast, að þeim sem bera raunverulega ábyrgð á þessu,“ segir hún.

Spurningalistinn er í ársskýrslu Kvennaathvarfsins, hann birtist á heimasíðunni www.kvennaathvarf.is og svo hafa fulltrúar Kvennaathvarfsins heimsótt skóla og dreift honum þar. „Síðan má aldrei slíta þetta úr samhengi. Það er eitthvað í okkar menningu sem lætur þetta ofbeldi viðgangast. Hvað er það í menningunni sem lætur það viðgangast að konur verða fyrir ofbeldi af hendi karla,“ spyr hún.




Hjólaferðir Úrvals Útsýnar á Ítalíu 2006

www.urvalutsyn.is







3. - 10. júní Gardavatn
3. - 10. júní Brescia – Milano
10. - 17. júní Gardavatn
10. - 17. júní Brescia – Milano
24. - 1. júlí Brescia – Milano

*Fararstjórar:*
**Kristín Einarsdóttir** s: 698-3105 (Brescia – Milano)
**Alda Jónsdóttir** s: 861-3436 (Gardavatn)

Úrval Útsýn // Lágmúla 4 - 108 Reykjavík // 585-4000
urvalutsyn.is // ferdatorg.is

### BEITIR ÞÚ KONU/KÆRUSTU ÞÍNA OFBELDI

- Hvernig var samband ykkar í upphafi? Sveiflaðist þú milli eldheitrar ástríðu og óöryggis gagnvart henni?
- Þrýstir þú á hana að gera alvöru úr sambandinu?
- Mislíkar þér við fjölskyldu hennar, vini og vinnufélaga (sérstaklega karlkyns)?
- Hefur þú komist að því hvað hún er lengi í og úr vinnu/skóla? Viltu helst sækja hana beint í vinnuna/skólann?
- Finnst þér börnin ræna athygli hennar frá þér?
- Ert þú gagnrýninn á uppeldisaðferðir hennar?
- Finnst þér vinna hennar eða skóli vera lítils virði?
- Kemur fyrir að þú gagnrýnir fataval hennar og útlit?
- Viltu helst að þið séuð bara tvö ein saman? Reynir þú að aftra henni frá því að hitta annað fólk?
- Ef þú, eða þið bæði hafið fengið ykkur áfengi, endar það þá oft í rifrildi?
- Finnst þér að þegar allt kemur til alls eigi karlinn að ráða?
- Viltu vita allt um hennar fyrrverandi? Viltu að hún losi sig við hluti tengda fyrri ástarsamböndum?
- Kemur það fyrir að þú sért harðhentur við börn eða gæludýr?
- Ásakarðu hana oft fyrir að vera þér ótrúr?
- Hefur þú yfirlit yfir fjármál ykkar og skammtar henni peninga eða leynir þú hana upplýsingum um fjármálin ?
- Viltu hafa eftirlit með símtölum hennar, tölvupósti, SMS, bréfum, bankareikningum og þess háttar?
- Kemur það fyrir að þú niðurlægir hana frammi fyrir öðru fólki ?
- Eyðileggur þú persónulega muni hennar í bræði?
- Finnst þér óþarfi að hún mennti sig meira?
- Kemur fyrir að þú öskrar á hana eða uppnefnir hana?
- Reynir þú að fá hana til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem hún kærir sig ekki um ?
- Heldur þú áfram að þrýsta á hana þó þú gerir þér grein fyrir að hún vilji það ekki ?

Ef þú kannast við eitthvað af eftirfarandi atriðum ert þú í verulega vondum málum og ekki síst konan sem þú býrð með - leitaðu aðstoðar strax:

- Hefur þú einhvern tímann reynt að aftra henni frá að fara til læknis án þess að þú sért með henni?
- Hefur þú einhvern tímann hótað að beita hana ofbeldi?
- Hefur þú einhvern tímann hrint henni?
- Hefur þú einhvern tímann haldið henni fast, hrist hana eða slegið utan undir?

Hér á landi eru sálfræðingar sem sérhæfa sig í aðstoð við ofbeldismenn. Hægt er að fá nánari upplýsingar í síma Kvennaathvarfsins 561 1205. Þangað geta konur líka hringt til að fá stuðning.

**Fjarlægja ofbeldismanninn**

Langan tíma getur tekið að losna úr viðjum ofbeldis og því segir Drífa að Kvennaathvarfið vilji styrkja úrræði eins og nálgunarbann og heimsóknarbann. Í Austurríki hefur lögregla heimild til að fjarlægja ofbeldismanninn af heimilinu og setja hann í nálgunarbann, í stað þess að taka konurnar af heimilinu eins og oft hefur verið hér á landi.

„Það er reyndar að færast í vöxt hér að karlmenn séu fjarlægðir ef þeir eru ofbeldismenn og ógna öryggi heimilisfólks,“ segir hún og bendir á að í mörg ár hafi legið fyrir frumvarp þessa efnis og margir stjórnmálamenn verið jákvæðir í garð slíkrar lagasetningar. „Við vonum að það sé grundvöllur til að framfylgja því fljótlega. Í nálgunarbanni og heimsóknarbanni eru mjög sterk skilaboð.“

Búið er að innleiða nýjar vinnureglur fyrir lögreglu varðandi kynbundið ofbeldi. Lögreglan tekur saman tölur um heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi og það segir Drífa að sé mjög til bóta. ■

**Lagersala**

**Parket og Gólf**

**lýkur í dag.**

**Þetta er LAGERHREINSUN þar sem allt á að seljast**

**Gegnheilt parket frá 500 krónur fm**
**plastparket frá 600 krónur fm**




PARKET & GÓLF

Ármúla 23 • S. 568 1888

Opnunartími: Virka daga 9-18 • Lau og sun 10-16



# Með Hitler á hælunum og Stalín á heilanum

Sýning á verkum Kjartans Guðjónssonar málara hefst í Seltjarnarneskirkju í dag, rúmum 60 árum eftir hans fyrstu sýningu. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Kjartan og varð margs vísari um klessumálverk, kommúnisma og kafbáta.



**KJARTAN GUÐJÓNSSON** Sýning á verkum Kjartans hefst í dag og er hluti af Listahátíð Seltjarnarneskirkju, sem ber yfirskriftina Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

„Bíddu nú hægur, það er orðið býsna langt síðan ég sýndi síðast. Ég fæ hvergi inni sjáðu til, en ég ætla ekki rífast núna,“ segir Kjartan Guðjónsson um leið og hann bendir blaðamanni að tylla sér í eldhúsinu og býður honum kaffi og með því. Útsýnið í þakíbúðinni við Snorrabraut er stórfenglegt og Kjartan tekur undir að það sé gott að geta horft yfir fjöllin og Faxaflóann þegar hann er að vinna. Hálfníræður málar hann af krafti og betur en nokkru sinni áður að eigin mati. „Það er alsiða að málarar eru eins og vín og batna bara með árunum. Allir þessir stóru kallar voru bestir þegar þeir voru komnir á grafarbakkann.“

### Kaffi og kex í hvert mál

Rúm 60 ár eru liðin frá því að Kjartan sýndi verk sín fyrst á Íslandi, þá nýkominn úr listaskóla í Bandaríkjunum. „Ég ætlaði mér aldrei svo stórt að halda að ég gæti orðið málari. Nei, ég taldi mér trú um að ég gæti kannski grætt smá aur á auglýsingateiknun og fór til Chicago að læra hana. Hins vegar var einhver kerling sem kenndi þarna og hún þóttist sjá eitthvað í mér og hvatti mig til að fara í myndlistardeild. Áður en ég vissi af hafði ég skráð mig í hana, en ég sagði ekki nokkrum manni heima frá því.“

Kjartan sigldi með Lagarfossi vestur um haf árið 1943 þegar krökkt var af þýskum kafbátum í Atlantshafi. „Þetta var þriggja vikna kostulegt ferðalag,“ segir hann og hlær. „Lagarfossinn, sem sökk ári seinna, var fyrir það fyrsta ekki gerður ekki til langsiglinga. Til dæmis var enginn frystir um borð, aðeins ísskápur. Til að byrja með var svo flott að éta að við stóðum á blístri hvern einasta dag. Svo þegar leið á var allt gúrmetið orðið kasúldið og við þurftum að lifa á kaffi og kexi. Ljóta hundalífið það. Og til að bæta gráu ofan á svart fundu Þjóðverjarnir okkur og eltu okkur langar leiðir. Manni kom ekki dúr á auga fyrr en klukkan átta á morgnana, því þeir drógu sig í hlé þegar sólin reis. Svo þegar dimmdi þá byrjaði ballið aftur og þeir voru komnir á hæla okkar. Mikill djöfuls dugnaður var þetta. Ég held hins vegar að þeir sem stunda hernað séu heimskari en annað fólk og það hefur sjálfsagt skilað okkur heilum á húfi á leiðarenda.“

### Frítt að drekka á Borginni

Kjartan nam myndlist í Chicago í tvö ár áður en hann sneri aftur til Íslands og fór hann að kenna við Myndlistar- og handíðaskólann. Þá Kjartan kynntist öðrum listamönnum sem höfðu numið erlendis og kynnst stefnum á borð við abstrakt-list. Þar á meðal voru Þorvaldur Skúlason, Valtýr Pétursson, Snorri Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttir og fleiri, sem síðar myndu kjarnann í Septemhópnum. Haustið 1945 héldu þau saman sýningu í Listamannaskálanum sem átti eftir að hafa eftirmál, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

*Ég hef enn ekki hitt listfræðing sem er ekki algjörlega myndblindur. Ég get talað um myndlist við áhugamenn sem og aðra málara, en ekki listfræðinga. Ég er líka löngu hættur að reyna það.*

„Þetta var menningarleg sprenging. Fólk var ekki vant að sjá annað en landslagsmálverk. Þetta vakti óendanlega hneykslan og eins og gerist oft á Íslandi skiptist fólk í tvær andstæðar fylkingar.“

Enginn gekk lengra í gagnrýni sinni en Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Framsóknarflokksins, sem fann upp orðið klessumálarar til að lýsa verkunum og hélt svokallaða háðungarsýningu þar sem verk listamannanna voru notuð sem dæmi um „úrkynjaða list“. „Það var helvíti gott að fá andstæðing eins og Jónas,“ segir Kjartan og skellir upp úr. „Hann fór ekki í neinn skotgrafarhernað heldur sendi stórkotaliðið fram með fullum krafti. Við höfðum hins vegar gaman af þessu, tókum slaginn og svöruðum fullum hálsi. Annars var þetta fín sýning. Við fengum til dæmis frítt að drekka á Borginni í hálfan mánuð út á hana. Allir vildu hella í okkur brennivíni, meira að segja þeir sem voru hvað mest á móti okkur.“

### Myndblindir listfræðingar

Kjartan sýndi á nokkrum sýningum með Septem-hópnum og bjó um stutt skeið í Flórens og París og málaði. Áður en langt um leið lenti hann hins vegar upp á kant við Þorvald Skúlason og sleit sig lausan frá hópnum.

„Merkilegt með lágvaxna menn. Napóleón krýndi sig keisara og sölsaði undir sig lönd. Þorvaldur gerðist leiðtogi abstraktklíku í Reykjavík. Ég hef svo sem alltaf verið hornreka og í þessu tilfelli fór mér að leiðast trúboð abstrakt-listarinnar. Allt skyldi vera svona eða hinsegin. Ég blandaði þessu hins vegar öllu saman og geri enn. Stundum mála ég abstrakt og stundum fígúratívt. Svo tilkynnti Þorvaldur að það væri bannað að mála fígúratívt. Þá sagði ég nú bara bless.“

Deilur Kjartans við starfsbræður sína blikna hins vegar í samanburði það sem hann hefur út á listfræðinga að setja, en á þeim hefur hann ímugust og kemst á flug þegar þeir berast í tal. „Ég hef enn ekki hitt listfræðing sem er ekki algjörlega myndblindur,“ segir hann með áherslu. „Ég get talað um myndlist við áhugamenn sem og aðra málara, en ekki listfræðinga. Ég er líka löngu hættur að reyna það. Þeir geta þulið upp einhverja skrúðmælgi sem þeir hafa étið upp úr einhverjum bókum, án þess að það sé nokkuð á bak við það. Alveg glatað. Og tel ég mig nú tiltölulega



**NÝ VERK** Kjartan málar enn af krafti, bæði abstrakt og fígúratívt. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM


Þróunarfélag miðborgarinnar

Aðalfundur 2006

verður haldinn í Iðnó við Vonarstræti
þriðjudaginn 28. mars nk. kl. 17:00

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður sérstök dagskrá:

Stefán Þórarinsson, varaformaður stjórnar Portus hf:
Nýsköpun í miðborg Reykjavíkur
Bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfnina

Borgarstjórnarkosningar 2006 - miðborgarmál
Efstu menn á framboðslistum stjórnmálaflokkanna
segja frá stefnumálum sínum

Léttar veitingar að loknum fundi

Fjölmennum á aðalfundinn - eflum miðborgina!

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

hleypidómalausan og umburðarlyndan mann.“

### Heilaþveginn kommúnisti

Næstu ár hélt Kjartan sig til hlés og einbeitti sér að kennslu. „Ég varð ekki svona andskoti montinn fyrr en á elliárunum,“ segir hann og hlær. „Nei, ég var alltaf óöruggur og hafði stöðugar efasemdir um getu mína sem málari og ætlaði bara að hætta þessu.“ Auk þess að kenna var Kjartan blaðamaður á Þjóðviljanum, en eins og títt var um listamenn á þessum tíma voru pólitískar skoðanir hans langt til vinstri. „Eldrauður já, sannfærður og heilaþveginn kommúnisti. Jónas frá Hriflu kallaði okkur abstrakt-kommúnista og hafði alveg rétt fyrir sér.“

Ekki síst skipti máli að Kjartan var að eigin sögn ákaflega andamerískur, sérstaklega eftir dvöl sína í Bandaríkjunum. „Mikið djöfull leiddist mér Ameríkanar. Þá fyrst ágerðist kommúnisminn. Sumir voru reyndar besta fólk sem ég hef kynnst. Til dæmis er hinn ameríski menntamaður alveg stórkostlegur, laus við þjóðrembu, hroka og fordóma. En bændasamfélagið í miðvesturríkjunum var algjört lágmark mannlegrar tilveru. Þeir voru svo yfirgengilega vitlausir. Þetta var í lagi í stórborginni en þegar út fyrir hana var komið hitti ég það alþröngsýnasta og fávísasta fólk sem ég hef kynnst. Vel efnað en ekki haus né sporður á því og barmafullt af hroka. Og ég heyri að þannig sé það enn þarna.“

Kjartan segist fá hroll þegar hann hugsar til þess tíma þegar hann var hvað rauðastur. „Ég var í Sósíalistaflokknum, blaðamaður á Þjóðviljanum og skrifaði skammir og svívirðingar um andstæðingana í Bæjarpóstinn. Seinna komst ég að því að mér var aldrei treyst; ég kunni ekki tungutakið og var alltaf grunaður um að hafa borgaralegar kenndir.“

Eftir fall Stalíns gekk Kjartan smám saman af trúnni og segir það hafa verið gríðarleg vonbrigði að sjá heimsmynd sína hrynja. „Ég skil vel hvernig menn eru heilaþvegnir, við blekktum okkur sjálfir og þetta er erfið aðgerð að ná sér af. Síðan þá hef ég ekki getað hugsað um pólitík.“

### Frjáls úr viðjum

Áður en langt um leið tók Kjartan pensilinn fram aftur, „áður en ég varð mosavaxinn í kennslunni,“ en í lok 8. áratugarins urðu straumhvörf á ferli hans þegar hann myndskreytti ljóðabókina Þorpið eftir Jón úr Vör. „Þá sleit ég af mér alla tauma, hætti að skeyta um hvað öðrum fannst eða hvernig hlutirnir ættu að vera samkvæmt einhverjum straumum og stefnum. Ég hafði alltaf verið að fylgja einhverjum leiðtogum og gera eins og þeir sögðu en að losna úr viðjum þeirra var mín ferming.“

Sýningin á verkum Kjartans Guðjónssonar hefst í dag og er hluti af Listahátíð Seltjarnarneskirkju sem ber yfirskriftina Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi og stendur til 7. maí. ■


Gefið ykkur góðan tíma fyrir flug

því nú standa yfir framkvæmdir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Velkomin í stærri og endurbætta flugstöð sumarið 2007



FYRIR BREYTINGAR



EFTIR BREYTINGAR

Verslunar- og þjónustusvæði farþega mun tvöfaldast og nýjar verslanir verða opnaðar. Markmið stækkunar og breytinga í flugstöðinni er að bregðast við spám um öra fjölgun farþega á ferð um Keflavíkurflugvöll.

Stjórnendur og starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. munu vinna markvisst að því í samstarfi við verktaka að framkvæmdirnar valdi farþegum sem allra minnstum óþægindum. Breytingarnar valda þó óhjákvæmilega raski og hafa nokkur áhrif á starfsemi í flugstöðinni. Fólk er því hvatt til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Nánari upplýsingar á **www.airport.is**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.






VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTUR HEIMS!

HVER VERÐUR NÆSTA IDOLSTJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS




Bæklingurinn er kominn

Haust ævintýri Heimsferða

Aldrei glæsilegra úrval - frábært verð

Heimsferðir kynna glæsilegar haustferðir sínar árið 2006. Við fljúgum beint til vinsælustu borga Evrópu og bjóðum frábærar ferðir með sérflugi til Karíbahafsins, bæði til Kúbu og Jamaica.

Kynntu þér glæsilegasta ferðaúrvalið og tryggðu þér lægsta verðið í eftirsóttustu ferðirnar strax.

Barcelona 29.990 kr.
Prag 29.990 kr.
Búdapest 35.590 kr.
Kraká 34.790 kr.
Ljubljana 44.590 kr.
Róm 58.990 kr.
Kúba 89.990 kr.
Jamaica 99.690 kr.






Kynntu þér haustbækling Heimsferða

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími 595 1000 Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is




TEIKN: HELGI SIG - WWW.HUGVERKA.IS

# Móðir hans drakk mannablóð

Undir lok 16. aldar var tekinn af lífi vegna glæpa sinna Björn Pétursson sem bjó á bænum Öxl á Snæfellsnesi eða Axlar-Björn eins og hann er betur þekktur. Björn var líflátinn fyrir fjölmörg morð sem hann framdi á nokkurra ára tímabili og er hann eini þekkti raðmorðingi Íslandssögunnar. Svavar Hávarðsson leit til baka og rifjaði upp sögu þessa djöfuls í mannsmynd sem lifað hefur með þjóðinni í rúm 400 ár.

Fiskeldisstöðin Gileyri við Tálknafjörð, fiskeldisstöð með 6.800 rúmmetra kerarými, húsnæði á staðnum 225 fm. að stærð, kerarými er 1.000 rúmmetrar inni í húsinu og 5.800 rúmmetrar úti í 6 kerjum. Sjálfrennandi kalt vatn eru um 345 l/sek 3-5 gráðu meðalhiti og sjálfrennandi heitt vatn er 135 l/sek 12 gráðu meðalhiti.

Fasteignmat lækkað þannig að stöðin ber ekki háan fastakostnað. Unnið hefur verið að gagngerum endurbótum á mannvirkjum m.a. með því að auka öryggi í vatnsmálum og hefur Polyhúð verið sett á eldiskerin. Stöðin á í pöntun 120.000 seiði af Hólableikju sem verður afhent í byrjun maí. Upplýsingar gefur Jóhann Ólafsson

www.vidskiptahusid.is

---

Viðskiptahúsið



**Jóhann Ólafsson**
**Löggiltur FFS.**
Viðskiptahúsið
Skúlagata 17
s: 566 88 00
vidskiptahusid@vidskiptahusid.is
www.vidskiptahusid.is



Ti sölu skrifstofugámar fullinnréttaðir fyrir skrifstofurekstur.

Gæti td. nýst verktökum og öðrum þjónustuaðilum.

Upplýsingar hjá Gunnari Skúlasyni s-520-0500 eða hjá Viðskiptahúsinu ehf. s-566-8800

www.vidskiptahusid.is

## Sveitarfélagið Árborg

# ÚTBOÐ

SLITLAGS YFIRLAGNIR FOSSHEIÐI.

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í slitlagsyfirlögn á götuna Fossheiði á Selfossi. Verklok eru 25 maí 2006.
Helstu magntölur eru:

- Hjólfarafylling 1600 m2
- Malbik U12 50mm 2290 m2
- Malbik Y12 50mm 4810 m2

Útboðsgögn verða afhent á Framkvæmda og veitusviði sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 67 frá og með mánudeginum 27 mars. Tilboðum skal skila á Framkvæmda og veitusviði sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 67 fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 4. apríl 2005, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Framkvæmda og veitusvið Árborgar

**Faxaflóahafnir sf** Associated Icelandic Ports — Reykjavík, Grundartangi, Akranes, Borgarnes

# Útboð

**Faxaflóahafnir sf óska eftir tilboðum í verkið.**
**Dýpkun í Vesturhöfn**

Dýpka skal vesturhluta Gömlu hafnarinnar í Reykjavík, losunarsvæði fyrir gröft er í landfyllingu fyrir framan núverandi Holtabakka í Sundahöfn.

**Helstu magntölur eru:**
Gröftur og losun dýpkunarefnis alls 110.000 m³

Útboðsgögn verða seld á **skrifstofu Hönnunar** að Grensásvegi 1, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 28. mars n.k. á 5.000 kr hvert eintak.
Tilboð verða opnuð á **sama stað þriðjudaginn 11. apríl 2006, kl. 11.00.**

HÖNNUN VERKFRÆÐISTOFA



## DP FASTEIGNIR

www.dpfasteignir.is
Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali Þyrí Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali.
Andri Sigurðsson sölustjóri Ólafur Finnbogason sölumaður
Við erum í Félagi fasteignasala

## KEILUGRANDI 6, ÍBÚÐ 0402



Falleg og björt 86 fm. íbúð á tveimur hæðum auk 26,8 fm. stæðis í bílageymslu. Fallegt útsýni. Eignin skiptist í hol, stofu, eldhús sem er opið inní stofu, hjónherbergi og baðherbergi með baðkari og tengi fyrir þvottavél. Á efri hæð er stofa með bar, barnaherbergi með sér salerni. Ljóst parket á öllum gólfum nema baðherbergi en það er flísalagt í hólf og gólf. Virkilega björt og skemmtileg íbúð sem vert er að skoða. **Verð 22,4 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG 26. MARS FRÁ KLUKKAN 15 - 17. ÓLAFUR FINNBOGASON SÖLUMAÐUR DP FASTEIGNA S: 822 2307 TEKUR Á MÓTI GESTUM ÁSAMT GRÍMKELI OG HILDI.**

## MELABRAUT 16, EFRI HÆÐ TIL HÆGRI



Falleg og vel skipulögð 4ra - 5 herbergja efri sérhæð á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eigninni hefur verið mjög vel viðhaldið og er m.a. nýtt þak og forhitari. Hæðin skiptist í rúmgott hol, borðstofu og stofu. Glæsilegt og nýstandsett baðherbergi. Eldhús með hvítri innréttingu og nýrri eldavél. Hjóna og barnaherbergi eru með skápum. Úr holi er gengið upp stiga í ris þar sem í dag er stórt barnaherbergi, vinnuaðstaða ásamt þvottahúsi (auðvelt að breyta í 2 svefnherbergi). Garðurinn er í góðri rækt og þar er trékofi fyrir m.a. garðáhöld, reiðhjól ofl. Eign sem vert er að skoða. **Verð 29,7 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG 26. MARS FRÁ KLUKKAN 16 - 18. ÓLAFUR FINNBOGASON SÖLUMAÐUR DP FASTEIGNA S: 822 2307 TEKUR Á MÓTI GESTUM.**

Hverfisgata 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## SMYRLAHRAUN 4 - HAFNARFIRÐI

GLÆSILEGT, ENDURBYGGT EINBÝLISHÚS
**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 14-16**




Glæsilegt og nánast algjörlega endurbyggt um 172 fm einbýlishús sem er kjallari og tvær hæðir. Eignin skiptist m.a. í eldhús með fallegum nýlegum beykiinnréttingum, vönduðum tækjum og stórri eyju, rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur, sex herbergi, sjónvarpshol og tvö glæsilega endurnýjuð baðherbergi. Nýjar svalir til suðurs út af efri hæð og aukin lofthæð á efri hæð hússins í mæni. Öll endurnýjun hússins hefur verið gerð með húsfriðunarsjónarmið í huga og reynt að halda eigninni í sínum upprunalega stíl. Gler og gluggar endurnýjaðir, vatns- og raflagnir og tafla og allt járn á húsi að utan sem og á þaki o.fl. Tvö sér bílastæði eru á lóð hússins og hellulögð verönd. **Verð 39,9 millj.**

**Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16
Verið velkomin.**

## RÓSARIMI 2 - OPIÐ HÚS




Glæsileg 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sér inngangi, lóð og bílskúr. Þrjú björt og góð herbergi og rúmgott baðherbergi með glugga. Eldhús með nýrri innréttingu og björt stofa með útgang á lóð. Nýtt rauðeikar parket á gólfum. Sér lóð og sér inngangur. **Verð 24,7 millj.**

**Opið hús á milli kl. 14 og 15**

hof fasteignasala
**564 6464**
Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson
lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

## Draumahús 530 1800

**Burknavellir 21b, 1 hæð - 221 Hfj**

**Opið hús í dag kl: 14:00 - 15:00**





**30.900.000**
Glæsileg 4ra herbergja 127,3 fm sérhæð á jarðhæð á frábærum stað á völlunum í Hafnarfirði. Mjög vönduð eign með sérinngangi.
**Guðrún og Svavar taka á móti gestum.**

# Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Starfsfólk Hraunhamars kann að meta eignina þína
Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Hrafnhólar - Selfoss - Parhús



Til sölu glæsilegt nýtt parhús með innbyggðum bílskúr samtals 160 fm. Húsið er á einni hæð. Húsið afhendist fullbúið að utan. Klætt að utan á vandaðan máta. Tilbúið til innréttingar að innan afhendist húsið þ.e. fullmálað. Rafmagn fullfrágengið, hiti í gólfum, lóðin er grófjöfnuð. Sjón er sögu ríkari. Teikningar á skrifstofu. Róleg og góð staðsetning. Suður svalir. **Verð 26,9 millj.**

**Upplýsingar veitir Helgi Jón í síma 893-2233**

## HÚSEIGN Fasteignamiðlun

Guðmundur St. Ragnarsson - löggildur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL.16-17**




## STRANDVEGUR 26 - 210 GARÐABÆ

2-3 herb. • bjalla 0201 • Verð: 23.900.000 millj.

Lýsing eignar: Stórglæsileg 2-3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu í Bryggjuhverfinu í Garðabæ. Allar innréttingar, tæki og gólfefni eru fyrsta flokks. Möguleiki er á að bæta við öðru svefnherbergi í íbúðinni. Þetta er eign fyrir vandláta.

**Allar nánari upplýsingar gefur Marel Baldvinsson s: 846-8409 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**

*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17*

## HÚSEIGN Fasteignamiðlun

Guðmundur St. Ragnarsson - löggildur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 13 – 14.30**




## LAUTASMÁRI 5 – 200 KÓPAVOGUR

Glæsilega þriggja herbergja íbúð við Lautasmára í Kópavogi. Eldhúsið og stofan eru samliggjandi. Innréttingar eru úr mahóníviði í bland við smekklega sprautulakkaðar hurðir í hvítu og gráu. Eikarparket er á gólfum. Herbergi eru tvö og í öðru þeirra er vel hannað skrifstofuhorn. Baðherbergið er flísalagt og er með baðkari með sturtutengi. Svalir eru lokaðar með opnanlegu gleri og gólfið lagt með pallaefni. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Örstutt er í alla þjónustu eins og skóla, leikskóla, stórmarkað og heilsugæslu. Nánari upplýsingar veitir Marel í gsm 846-8409.

Borgþór og Björk taka á móti ykkur. Bjalla merkt 72.

*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17*

# TÆKIFÆRI aðeins 30 mín. frá Reykjavík.

**Opið Hús í dag sunnudag frá kl.16:15 til 17:00**
## Einbýli



**Hjallabraut 8-Þorlákshöfn.** Vel við haldið, fallegt, rúmgott og skemmtilega hannað 4ra herbergja 155,3 fm, einbýlishús, þar af 28 fm innbyggðum bílskúr á frábærum stað í rótgrónu hverfi í Þorlákshöfn. Fallegur, vel hirtur og skjólgóður garður með góðum palli fyrir framan húsið. Endurnýjað lagnakerfi. Stutt er í skóla og íþróttahús. **Verð 22,8 m.**

**Opið Hús í dag sunnudag frá kl.15:00 til 16:00.**
## Raðhús



**Selvogsbraut-Þorlákshöfn.** Einstaklega vel skipulagt á einni hæð með góðri lofthæð 3ja herbergja 130,5 fm endaraðhús, þar af 26,9 fm innbyggður bílskúr. Húsið afhendist tæplega tilbúið til innréttinga með fullbúinni lóð. Eignin er á frábærum stað í rótgrónu hverfi í Þorlákshöfn. Einnig er möguleiki á að fá húsið fullbúið. **Verð 19,2 m.**

Einnig eru til sölu tvær einingar við hliðina. **Verð 18,2 m.**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
**564 6655**
*Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali (Húsið-Smáralind)
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali (Húsið-Suðurlandsbraut)*

Hilmar Þór Hafsteinsson tekur á móti ykkur. S:662-6648

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali




# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk**

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Opið hús í dag á milli kl. 15 og 17

# Birkiás 5, Garðabæ

Í dag býðst ykkur að skoða þetta stórglæsilega fullbúna endaraðhús sem stendur innarlega í botnlanga. Fallegt útsýni er af efri hæð. Innbyggður bílskúr. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Gegnheilt eikar plankaparket er á flestum gólfum. Upptekin loft með innbyggðri halógenýsingu. Hellulögð verönd og holtagrót eru í suður garði. Hellulögð innkeyrsla með snjóbræðslu. Sjón er sögu ríkari. Seljandi lætur skipta um veðurkápu á húsinu. **Verð 52,5 millj.**

**Anna María tekur vel á móti ykkur, Gsm 895 3033.**









# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14-16
## Hamravík 24 112 Reykjavík









Frum

***Glæsileg 94,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð efstu, ásamt 9,6 fm geymslu, samtals: 104 fm.***

Eignin skipist í: Forstofu með skáp, flísar á gólfi. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi á gólfi, útgangur út á góðar suður svalir. Glæsilegt eldhús með viðarinnrétt., flísar á milli skápa, tengi fyrir uppþv.vél, borðkrókur, flísar á gólfi. Innaf eldhúsi er flísalagt þvottahús með vaski og hillum. Baðherbergi með sturtuklefa, innrétting við vask, flísar á gólfi og veggjum. Hjónaherbergi með góðum skápum, parket á gólfi. Annað herbergi með skáp, parket á gólfi. Á jarðhæð er sér geymsla með hillum. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Hús og íbúð er einstaklega snyrtilegt. **Verð 23,9 millj.** (4032)

***Benedikt og Þorbjörg taka vel á móti ykkur milli kl.: 14-16***

***Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.***

# FOLD FASTEIGNASALA

Viðar Böðvarsson

Opið ... 552 1400 ... fold.is

## SÆTÚN - KJALARNES
### *ÁHUGAVERÐUR FJÁRFESTINGAKOSTUR*

7,3 hektara jörð á Kjalarnesi, Reykjavík
Á jörðinni er fallegt einbýlishús, tvöfaldur bílskúr, lítið hesthús og alifuglahús. Jörðin er fyrir neðan þjóðveg og nær út að sjó. Afar fallegt útsýni er yfir til Reykjavíkur og allt umhverfi mjög fallegt. Með mögulegri tilkomu Sundabrautar er um áhugaverðan fjárfestingarkost að ræða.
Óskað er eftir tilboðum í jörðina og þær eignir sem henni fylgja.








SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
- smáauglýsingar sem allir sjá

**Viðskiptahúsið**



**Jóhann Ólafsson**
**Löggiltur FFS.**
Viðskiptahúsið
Skúlagata 17
s: 566 88 00
vidskiptahusid@vidskiptahusid.is
www.vidskiptahusid.is

# Byggingartækifæri við Suðurlandsbraut







Til sölu er heil húseign á 3.400 fm. lóð á besta stað í Reykjavík

Um er að ræða alla húseignina, tveggja hæð hús, samtals 2.500 fm., ásamt byggingarrétti fyrir 3. 4. og 5. hæð.

Tækifæri til að byggja á besta stað í Reykjavík.  Jarðhæðin er í útleigu.

**Skúlagata 17  101 Reykjvavík  sími : 566 88 00  e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is  www.vidskiptahusid.is**

# Draumahús 530 1800

# EITT AF GLÆSILEGRI SUMARHÚSUM LANDSINS RÍS Í KIÐJABERGI (HESTUR)







Um er að ræða glæsilegt 136,4 fm. Heilsárshús á frábærum stað í landi Kiðjabergs í Grímsnes og Grafningshrepp. (í landi Hests). Húsið stendur á 8.100 fm. eignarlóð niður við Hvítá með einstöku útsýni. 18 holu golfvöllur og öll þjónusta skammt frá. 227 fm. sólpallur er í kringum eignina og samþykktar teikningar af 25,1 fm. gestahúsi (bílskúr) við hliðina á húsinu. Frábær aðstaða fyrir vatnasport á Hestvatni og 50 mín. Akstur frá Reykjavík.
**Húsinu verður skilað fullbúnu að utan með einangruðum útveggjum og þaki. Hitalögn í steyptri plötu og tvöfalt K-gler í gluggum. Afhending í júní 2006.**

*Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn á skrifstofu Draumahúsa.*



Lóa
Sölufulltrúi
**698 8733**
loa@remax.is

Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



## Við sjávarsíðuna - Laus



**Opið hús í dag kl. 15:45 - 16:15**

Norðurbrú 3 - 210 Garðabær. Verð: 31.000.000. Stærð : 112 fm. Bílskýli. 3-4 svefnh., eldhús,stofa/borðstofa,baðh. og þvottah.í íbúð.Stór geymsla í sameign. Áhvílandi góð lán

## Leigutekjur



**Opið hús í dag kl: 15:00 - 15:30**

Hringbraut 32 - 220 Hafnarfjörður. Verð : 32.9 millj. Bílskúr innréttaður sem íbúð..- Góðar leigutekjur.Stærð: 163 fm. Neðri hæð: 1 svefnherb. eldhús,stofa / borðstofa og baðherb. Efri hæð: 2-3 svefnherb. Stór geymsla. Áhvílandi góð lán.

## Gistiheimili í vexti



Gistiheimilið Mikligarður - Sauðárkróki. Góðir tekjumöguleikar. Verð: 32.millj. Stærð: 316,4 Brunabótamat : 31.150.000. Eignin öll tekin í gegn árið 2000 þ.e.þak,gluggar,milliveggir og hús málað. 1.hæð : 4 herb. m.baði, þvottahús og skrifstofa. 2.hæð : 3 herb. seldhús, stórt baðherb. borðstofa f.25 manns. 3.hæð: 7 herb. tvö baðherb.

## 2 íbúðir / Bygginaréttur



Reykjavíkurvegur 20 - 220 Hafnarfjörður. Verð: 34.9 millj. Möguleiki á tveimur íbúðum - Tveir inngangar. Byggingarréttur á 406,5 fm lóð. Bílskúr 32 fm. nýstandsettur. Bílaplan hellulagt / snjóbræðsla.Hús nýmálað og nýr þakkantur. Efri hæð: baðh.eldhús,stofa/borðst, tvö svefnherb. Neðri hæð: þrjú svefnh., þvottahús og langir f. baðherb. Sjón er sögu ríkari.




Ég var búin að vera með íbúð mína á sölu í 3 mánuði og henni var alls ekki sinnt, þó að hún væri á 3 fasteignasölum. Nákvæmlega ekkert var í gangi og engar fréttir. Viku eftir að við fluttum okkur af hinum þremur fasteignasölunum og til þín var íbúðin seld.

Það er alveg ljóst að þú ert mér að skapi sem sölukona. Drífandi, ákveðin og veist hvað þú ert að gera.

Vigdís seljandi af Suðurvangi Haf.




Þú ert frábær sölumaður. Ég var búin að hafa íbúðina á sölu í hálft ár án árangurs. Eftir að þú fékkst hana til þín var hún seld innan við viku og geri aðrir betur.Takk fyrir mig.

Margrét seljandi af Lundarbrekku í Kóp.




"Við vorum með íbúðina okkar á ákveðinni fasteignasölu og ekkert var að gerast, engin kom að skoða .Við ákváðum að skipta un fasteignasala og fara til hennar Lóu, hún er alveg hreint frábær, hún var í stöðugu sambandi við okkur og útskýrði allt sem þurfti .og viti menn hún seldi íbúðina á innan við sólahring. Hún er alveg hreint brilliant manneskja , frábær sölumaður og við mælum eindregið með henni.

sigga og bjarki,seljendur á Mánagötu í Reykjavík -




Loa is extremely enthusiastic about selling. She is very professional with great communication skills. She sold us our current apartment and we were very impressed with her. We also sold our previous apartment through her. She goes out of her way to make things perfect. We would use her again and recommend her to everyone.

Pratik and Kristin, seljendur af Rjúpnasölum í Kópavogi.




Lóa hjá RE/MAX-Stjörnunni stóð sig frábærlega þegar kom að því að selja íbúðina mína. Hún sá um að sýna hana og síðan um öll samskipti við væntanlega kaupendur. íbúðin seldist mjög fljótlega og þetta hefði ekki getað verið betra."

Ágústa seljandi af Skeiðarvogi í Reykjavík

# ÓSKA EFTIR:

200 - 250 fm " Penthouse"
íbúð á höfuðborgarsvæðinu
fyrir fjársterkan aðila

# ÞARFT ÞÚ AÐ SELJA?

## Eignir óskast á söluskrá

VERÐLAGNING SAMDÆGURS

**ÞJÓNUSTUSÍMI: 565-8733**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX® Stjarnan

gloria casa
www.gloriacasa.com • Álfheimar 6
Sími: 517 5280, hallur@gloriacasa.com

# ÍBÚÐIR TIL SÖLU Á SPÁNI

## Aðeins 150 m frá sjó





### Aldeas - Aqua Marina

Þessi fallegu raðhús hafa allt sem þig langar í ef þú vilt lifa lífinu við miðjarðarhafið. Húsin eru aðeins 150m frá sjó. Fallegar gönguleiðir eru meðfram sjónum og ströndinni. Afgirtur sundlaugargarður með nuddpotti og öll þjónusta er í göngufæri. Þrír 18 holu golfvellir eru í 5 mínútna akstursfjarlægð og aðeins tekur um 10 mínútur að keyra í miðborg Torrevieja. Alicante flugvöllur er í 40km fjarlægð.

Húsin eru á þrem hæðum, íbúðin sjálf er á tveim hæðum. Á fyrstu hæð er stofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni. Pallur og garður beint fyrir framan húsið. Á annarri hæð eru tvö svefnherbergi og baðherbergi. Suðursvalir eru út úr hjónaherbergi. Fataskápar eru í báðum herbergjum. Á þriðju hæð eru þaksvalir og geymsla sem flestir hafa breytt í svefnloft. Húsin snúa í suður. Öryggiskerfi, loftkælingar og öryggisskápur fylgja kaupunum.

Escudero sem byggði þessi hús er mjög virtur byggingaraðili á svæðinu og frágangurinn á húsinu er til fyrirmyndar. Húsin eru tilbúin til afhendingar.

Húsin eru mjög hentug í útleigu. Aðeins eru þrjú hús eftir í þessum eftirsókna garði. Mjög góður fjárfestingakostur.

Möguleiki er á allt að 90% láni á þessar eignir.

Verð 18.200.000 kr. - 214.000 €

## Glænýtt íbúðarhótel



### La Rotonda - 300 m frá sjó

Rotanda er glænýtt íbúðarhótel sem verður tilbúið til afhendingar í 30. júní 2006 fullbúið húsgögnum. Örugg leiga allt árið um kring. Ekki er nema 300 m að sjó og öll þjónusta er í göngufæri. Hverfið hefur verið eitt vinsælasta hverfi Costa Blanca síðustu tvö ár og er í hraðri uppbyggingu. Hverfið heitir Aqua Marina eða öðru nafni Cabo Roig og er rétt fyrir utan borgina Torrevieja.

Verð frá 14.365.000 kr. - 169.000€



### Sucina Golf - Mar Menor

Sucina Golf eru glæsilegar nýbyggingar. Um er að ræða íbúðir, einbýli ,raðhús og tengihús. Húsin eru um það bil 15 km inn í landi upp frá mar Menor og er byggt með þarfir nútíma fjölskyldunnar í huga.

Verð 16.100.000 - 189.000€



### Las Vistas - Cabo Roig

Hér er um að ræða parhús með þrem svefnherbergjum. Húsið er á tveim hæðum. Fallegur sundlaugargarður og leikvöllur fyrir börnin. Húsið er staðsett mitt á milli g3ja golfvalla og strandarinnar. Um 1,5km að strönd.

Verð 19.900.000 kr. - 234.000€



### Estrella - Aqua Marina

Aðeins 150m frá sjó með glæsilegu sjávarútsýni. 3ja herbergja íbúðir í nýju fjölbýli með öllum þægindum. Um er að ræða penthouse íbúðir einka þaksvölum. Sameiginleg sundlaug og fallegur garður við húsið.

Verð 19.100.000 kr - 225.000 €



### Senoria - Cabo Roig

Nýtt einbýlishús á besta stað við ströndin fyrir þá sem vilja vera útaf fyrir sig. Húsið er á 3 hæðum með flísalögðu patíó og sér bílastæði. Húsið er með þrem svefnherbergjum og rúmgóðri stofu. Sameiginleg sundlaug fylgir.

Verð 20.400.000 kr. - 240.000€



### Altos de Bahia - Torrevieja

Altos de Bahia er rétt við fallega strönd og í göngufæri við alla þjónustu. Sundlaugargarðurinn er mjög stór og fínn. Húsið er með tveim svefnherbergjum. Öll húsgögn eru mjög vönduð og fylgja með kaupunum. Húsið er öllum aukahlutum búið.

Verð 16.320.000 kr. - 192.000€



### Costa Dorada - Villa Martin

Glæsilegt stórt og rúmgott raðhús með bílskúr og 5 herbergjum, stórt rými á jarðhæð sem býður uppá mikla möguleika. Nýlegur glerskáli útúr stofunni sem stækkar stofuna og gerir hana bjarta. Sameiginlegur sundlaugargarður. Stutt á þrjá golfvelli.

Verð 16.900.000 kr.- 199.0000€



### Almeria - Villa Martin

Stórglæsilegt parhús staðsett mitt á milli þriggja golfvalla. Öll þjónusta er í göngufæri. Borgin Torrevieja er í aðeins 7 mínútna akstursfjarlægð. Tvö svefnherbergi og tvö salerni. Öll húsgögn fylgja og allur borðbúnaður. Glæsilegur sundlaugargarður fylgir.

Verð 14.450.000 kr. - 170.000€



### Punta Marina - Los Altos

Í 10 mínútna akstursfjarlægð frá Torrevieja er ný mjög falleg byggð að rísa með allri þjónustu í göngufæri.Um er að ræða 2ja hæða hús með 8 íbúðum ýmist á 1. eða 2. hæð. Þaksvalir fylgir efri hæð en garður neðri hæð. Sameiginlegur sundlaugargarður.

Verð 14.960.000 kr. 176.000€

gloria casa

FASTEIGNASALA OG LEIGUMIÐLUN ÍSLENDINGA Á SPÁNI



Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali

# BIFRÖST
FASTEIGNASALA

## Hlíðarhjalli 67 - 200 Kóp



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 14:30 og 15:00**

Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Tvö rúmgóð herbergi, stofa með parketi á gólfi,eldhús með ljósri innréttingu og stórt baðherbergi. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Glæsilegt útsýni. Stutt í alla þjónustu. **Verð 17,4 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Vallarhús 26 - 112 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 15:30 og 16:30**

Mjög góð 4ra til 5 herbergja 126,3 fm efri sérhæð með sér inngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, fjögur herbergi, eldhús, stofu, tvö baðherbergi/ þvottahús/geymslu og rúmgott risloft. Í sameign er rúmgóð hjóla/vagnageymsla.Hér er um að ræða mjög góða eign á góðum stað með fallegu útsýni. Góð staðsetning í Grafarvoginum þar sem stutt er í alla þjónustu. Laus við kaupsamning.



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Digranesvegur 56 - 200 Kóp



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 13:45 og 14:15**

Góð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í þríbýli. Húsið viðgert og málað 2005. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, herbergi, baðherbergi, geymslu og sólskála. Sérinngangur 2 bílastæði. Eign sem bíður uppá mikla möguleika. Frábær staðsetning beint á móti MK. **Verð 14,9 millj**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Hörgsholt 3 - 220 Hfj.



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 15:00 og 16:00**

Björt og falleg 2ja herb. 57,3 fm. íbúð á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýli. Plastparket á öllum gólfum nema baðherbergi en þar eru flísar á gólfi. Útgengi á góðan afgirtan pall í suður með fallegu útsýni. Bogaveggur með föstum hillum skilur að stofu og eldhús. Eldhúsið er með fallegri hvít-beyki innréttingu. **Verð 14.4 millj.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Hrísrimi 8 - 112 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 16:30 og 17:00**

Góð 4ra herb. 89,3 fm. íbúð á efri hæð í tveggja hæða fjölbýli með sérinngangi ásasmt 6,4 fm. geymslu samtals 95,7 fm. í Permaform húsi. Plastparket á allri íbúðinni nema baðherbergi sem er með dúk á gólfi. Sjónvarpstenglar eru í öllum herbergjum og breiðbandstenging er í húsinu. Örstutt í grunnskóla og alla almenna þjónustu. **Óskað er eftir tilboðum í eignina.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Skipholt - 105 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 17:30 og 18:00**

Góð 3ja herb 82,5 fm jarðhæð (að hluta til niðurgrafin) með sér inngangi og fallegum garði með hellulagðri sólverönd og skjólgirðingu sem er séreign íbúðarinnar. Plast-parket er á gangi, stofu og herbergjunum. Eldhúsið er með dúk á gólfi og rúmgóðum borðkrók. Baðherbergið er með sturtu og dúk á gólfi. Mjög góð staðsetning stutt í miðbæ Reykjavíkur og alla þjónustu. **Verð 17,5 millj.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Skútuvogur - 104 Rvk

BIFRÖST FASTEIGNASALA



**Bókaðu skoðun**

Til Leigu mjög gott 768,5fm atvinnuhúsnæði með mikilli lofthæð. Möguleiki er á að setja milliloft í hluta af húsnæðinu. Tvennar stórar innkeyrsludyr. Gott gámapláss á plani. Þetta er húsnæði sem hentar vel undir heildverslanir og lagerhúsnæði. Möguleiki er á að skifta húsnæðinu í tvær einingar. Þetta er eign sem bíður uppá mikla möguleika. Laust strax.



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Krókabyggð 1 - 270 Mos

BIFRÖST FASTEIGNASALA



**Sölusýning**

**milli kl. 17:00 og 18:00**

Mjög glæsilegt 230.fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr og verðlauna garði með tveimur sólpöllum og heitum potti.. Húsið er teiknað af Jóni Guðmundssyni og innanhús arkitekt er Finnur P. Fróðason. Allar innréttingar,skápar og hurðir eru sérsmíðaðar úr lerki, innfeld halogen lýsing er í öllu húsinu og sérstaklega góð lofthæð. Gegnheilt parket úr hlyn og granítflísar eru á gólfum Lagnakjallari og stórt geymsluloft er yfir húsinu. Þetta er einstaklega fallegt og vel skipulagt hús þar sem engu hefur verið til sparað **Tilboð óskast**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

**Fasteignasalan Bifröst • Vegmúla 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 3344 • Pálmi B. Almarsson lögg. fasteignas.**

# Dagurinn sem póstmódernisminn dó

Frá Tarantino og Paul Auster til George Clooney og pólitískrar kvikmyndagerðar. Valur Gunnarsson tímasetur endalok pómó-stefnunnar þann 11. september 2001.



REYKUR STÍGUR UPP ÚR RÚSTUM TVÍBURATURNANNA Í NEW YORK

Oft er erfitt að segja til um hvar ein stefna í bókmenntum og listum endar og sú næsta byrjar. Stundum renna þær hver inn í aðra án þess að hægt sé að afmarka skýr skil, stundum verður áhrifa svokallaðra tímamótaverka ekki vart fyrr en löngu eftir útkomu þeirra. Endalok póstmódernismans má þó tímasetja nokkuð nákvæmlega. Hann leið undir lok klukkan korter í níu að morgni hins ellefta september árið 2001. Þó urðu ekki allir samstundis varir við að skeið hans var á enda, og líklega þarf heil kynslóð póstmódernista að deyja út áður en hann verður endanlega grafinn.

### Pómó í Reykjavík

Svo vildi til að tveir af áhrifamestu postulum póstmódernismans sóttu Ísland heim í haust. Quentin Tarantino kom hingað til að kynna nýjustu framleiðslu sína, Hostel, og Paul Auster las upp úr nýútkomnu verki sínu, The Brooklyn Follies.



PAUL AUSTER LÝSIR ÁSTANDINU VEL Í THE BROOKLYN FOLLIES

Líklega voru engar kvikmyndir á síðasta áratug jafn áhrifamiklar og þær tvær sem komu Tarantino á kortið. Áhrifa Reservoir Dogs og Pulp Fiction má sjá í óháðri kvikmyndaframleiðslu um allan heim, svo sem í hinni brasílísku Borg Guðs, hinni mexíkönsku Amores perros, og hérlendis í myndum eins og Fíaskó, Villiljós og 1. apríl, svo eitthvað sé nefnt.

### Videóuppeldi

Báðar fjalla þessar myndir Tarantinos um glæpamenn. Í þetta sinn eru þeir þó ekki holdgervingar kommúnisma og McCarthyisma, ógnarinnar að innan, eins og í glæpamyndum 6. áratugarins, rómantískra útlaga eins og Bonnie og Clyde á hippatímanum, né spillingar yfirvalda í valdatíð Nixons, eins og Guðföðurinn. Glæpamennirnir í myndum Tarantinos eru fyrst og fremst bíóbófar. Þeir ræða fátt annað en poppmenningu og eru ekki með vísun í neitt annað en aðrar kvikmyndir. Enda hefur Tarantino fyrst og fremst rannsakað heiminn í gegnum stórf sín á videóleigu.



TARANTINO: EINN ÁHRIFAMESTI POSTULI PÓSTMÓDERNISMANS

### Umheimurinn hefnir sín

Tarantino hefur átt erfitt með að fylgja þessum tveimur myndum eftir, og þó að bæði Jackie Brown og Kill Bill-myndirnar hafi margt til síns ágætis er Tarantino ekki sá áhrifavaldur sem hann eitt sinn var. Kvikmyndir eins og Syriana, The Constant Gardener og Munich eru þær sem helst einkenna kvikmyndagerð í dag, og eru allar beinar vísanir í stjórnmálaástand samtímans. Jafnvel afþreyingarmyndir eins og Batman Begins vísa í eyðimerkurhernað og spillingu stjórnvalda. Ekki er lengur nóg einungis að vitna í aðrar bíómyndir þegar allur heimurinn er skyndilega í óreiðu. Listin þarf skyndilega að takast á við umheiminn aftur.

### Bandaríkin fyrir fallið

Paul Auster virðist á margan hátt meðvitaðri um þetta en Tarantino. Bók hans, The Brooklyn Follies, hefur kosningabaráttu Bush og Gore sem bakgrunn, og endar að morgni hins 11. september 2001, þremur korterum fyrir ódæðið sem breytti öllu. Á milli línanna má sjá lýsingu á Bandaríkjunum fyrir fallið, um borg byggða samkynhneigðum og Suður-Ameríkumönnum meðan það að vera öðruvísi var ekki talið ógn við samfélagið, meðan enn var nóg að hafa áhyggjur af eigin vandamálum.

Rétt eins og persónur Tarantinos tala látlaust um bíó og popp er helsta áhugamál persóna Austers bókmenntir. Margar bóka hans fjalla um rithöfunda, en í Brooklyn Follies hefur enginn það þó sem aðalstarf. Sögumaður er fyrrum tryggingasali sem er þó mikill lestrarhestur, aukapersónur eru bóksali og misheppnaður bókmenntafræðinemi. Og tilvitnanirnar streyma jafnt og þétt.

### Að segja sögu frá byrjun til enda

Það sem skilur þetta verk frá fyrri verkum Austers er hversu laust það er við leik að lesendanum. Bókin endar ekki í miðjum klíðum, eins og Auster á til að gera, né heldur fjallar hún um mann að skrifa bók um mann að skrifa bók, eins og hans er von og vísa. Þess í stað einbeitir hann sér einfaldlega að því að segja þá sögu sem hann er að segja. The Brooklyn Follies mun því líklega seint teljast með einni af áhrifamestu bókum mannsins sem á margan hátt var holdtekning póstmódernisma síðustu ára í bókmenntum, en er eigi að síður með hans bestu.

### Óskar og pólitík

Það að sagan endi að morgni hins ellefta september er táknrænt. Auster er að henda af sér viðjum pómósins áður en það er um seinan. Samt sem áður hættir hann sér ekki lengra. Það er eins og hann vilji ekki, jafnvel þori ekki að fjalla um þann breytta heim sem tók við eftir klukkan korter í níu að morgni hins ellefta september árið 2001. Og þessi tregi er meðvitaður. Á bókmenntahátíð í Reykjavík í haust sagði hann að oft tæki langan tíma þangað til listin gæti tekist á við stórviðburði, nefndi sem dæmi að Stríð og friður var skrifuð næstum hálfri öld eftir að þeir atburðir sem hún lýsir áttu sér stað, og það sama á við um bókmenntir um bandaríska borgarastríðið.

Það lendir því á nýrri kynslóð að reyna að skilja og skilgreina það nýja ástand sem hófst fyrir bráðum fimm árum síðan. En eins og tilnefningar til (en þó ekki endilega sigurvegarar) óskarsverðlauna í ár sýna fram á, er áhrifa þess þegar farið að gæta í listsköpun samtímans.


TAKTU ÞÁTT!

Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á einum besta veitingastað landsins, Argentínu steikhúsi.

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.




ARGENTÍNA

Borðapantanir 551 9555
www.argentina.is

99 kr/SMS

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.


21 MP & BH







SVIKULL, KÁETA, ÓHREKJANLEGUR, FUGL, BOGI, HEIÐUR, HANDLEGGUR, LÝSA UPP, BLUND, ÓKYRR, DEIGUR, SAKA, DÝPSTA RÖDDIN, TVEIR EINS, ÞRÁ, FROSTSKEMMD, ÁN, SJÓ, TRAÐK, MARRA, FORSKEYTI, MATJURT, REIÐMAÐUR, BUMBA, INNHEIMTA, MÆLIEINING, ÞEKKJA LEIÐ, DRULLA, HLJÓTA SÁR, KJARR, HÁVAÐI, HÁTTUR, TÆTA, AÐFALL, HARÐNESKJULEGT, HRÆDDUR, FRUMEIND, ÓNEFNDUR, REKKJA, MÆLIEINING, SPYRJA, SKAUT, BORG, TUDDA, HVÍLDIN, ATORKA, SPARSEMI, FJÓRGA, GJÁLFRA, FARANDI, SÝNI, ÍÞRÓTTAFÉLAG, BELTI, SEFA, VINGJARNLEIKI, ÁBURÐUR, Á LÍÐANDI STUNDU, STJÓRNARUMDÆMIS, LAND, GRIPUR, GEISLAHJÚPUR, GLJÚFUR, REGLA, HAMFLETTA, GÚMMÍSKÓR, KLUKKAN, EKKI HELDUR, HREYFING, HAGVIRKUR, MEGIN, HANDFESTAN




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

- Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
- Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
- NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS
Frumsýning mið. 29. mars kl. 20 - Örfá sæti laus
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

GLITNIR Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



GERÐUBERG



Sunnudaginn 26. mars kl. 13.00
Söngur og sund
Í SÍÐASTA SINN!
Við syngjum saman lög eftir okkar ástsæla tónskáld Jón Ásgeirsson
Ingveldur Ýr Jónsdóttir leiðir sönginn og flytur lög Jóns
Gróa Hreinsdóttir leikur á píanó • Heitt te á undan • Verð kr. 500



Steinunn Sigurðardóttir
fatahönnuður
sjá www.siminn.is/steinunn



Í Boganum
Margræðir heimar
Valur Sveinbjörnsson

Síminn www.gerduberg.is



UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK

NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á dönsku

- Veltækni
- Veltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði



Frá 26. mars til 5. apríl eru fulltrúar frá Vitus Bering, Johan Eli Ellendersen og Jørgen Rasmussen á Hótel Plaza. Hringið í síma 590 1400, leggið inn skilaboð og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Johan í síma 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. OESTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5803
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK

www.vitusbering.dk


## STUÐ MILLI STRÍÐA Seiðmagn hárra hæla

**ANNA MARGRÉT** BJÖRNSSON SÉR LÍFIÐ Í SKÓPÖRUM



Ákvað, eftir að móðir mín horfði á óskipulagða dóttur sína örvæntingaraugum, að taka til í skápunum hjá mér um daginn. Dró fram rykuga skókassa og rifjaði upp sögu hvers einasta skópars. Allir kvenmannsskór eiga sér sögu, og sumir meira en aðrir. Konur hafa öldum saman átt í ástarsambandi við skó, frá því að egypskar drottningar reimuðu sig í flata leðursandala. Það er ekkert munúðarfyllra en háir hælar á konu. Þegar kona fer í háa hæla breytist líkami hennar. Hún gengur hægar og verður meðvitaðri um hvernig hún ber sig. Háir pinnahælar hafa alltaf verið tengdir við einhverskonar kvenlegt vald. Sálfræðingar hafa jafnvel kallað þetta reðurtákn kvenmannsins, þarna fær hún útrásina í það sem vantar annarsstaðar. Enda eru þeir oft efni í heilu „Fetish“ bækurnar. Þegar kona bregður sér í háa hæla held ég að hún verði alltaf fyrir einhverskonar munúðarfullri upplifun. Það er oft ekkert á milli konunnar og hælaskósins. Hún á hann ein, hann hefur aðlagast fæti hennar og enginn, enginn má fá hann lánaðan.

Þegar ég var í háskóla þá vann ég um helgar í rándýrri skóverslun í London. Fékk að velja mér endalaus skópör enda áttu afgreiðslukonurnar að sýna nýjustu eintökin í von um að selja þau. Átti mér sumsé tvöfalt líf, slömmaðist um í strigaskóm hversdags en breytti mér svo í einhverskonar femme fatale um helgar þegar ég spígsporaði í stuttum pilsum og brjálæðislega óþægilegum hælaskóm allan liðlangan daginn í vinnunni. Þetta virtist virka sérstaklega vel á eiginmennina sem keyptu alltaf alveg eins skó á konurnar sínar. Skór hafa líka alltaf skrýtin áhrif á karlmenn. Sumsé, skáparnir hjá mér eru fullir af minningum og skrýtnum skóm sem sumir eiga væntanlega aldrei eftir að líta dagsins ljós aftur. En það hvarflar aldrei, aldrei að mér að farga þeim undir nokkrum kringumstæðum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Pú og pa

Eftir SÖB



# Ástir og átök í blómabúð



LEIKFÉLAG AKUREYRAR

**Litla hryllingsbúðin**

Höf: Howard Ashman/Alan Menken.
Þýð: Megas/Einar Kárason

Leikarar: Guðjón Davíð Karlsson/Þráinn Karlsson/Vigdís Hrefna Pálsdóttir/Jóhannes Haukur Jóhannesson/Álfrún Helga Örnólfsdóttir/Esther Talia Casey/Ardís Ólöf Víkingsdóttir/Andrea Gylfadóttir/Guðjón Þorsteinn Pálmarsson/Jóhannes Haukur Jóhannesson.

Hljómsveit: Kristján Edelstein/Arnór Vilbergsson/Stefán Ingólfsson/Halldór G. Hauksson.

Leikmynda- og búningahönnun: Halla Gunnarsdóttir/Listræn ráðgjöf: Snorri Freyr Hilmarsson/Ljósahönnun: Björn Bergsteinn Guðmundsson/Tónlistarstjóri: Kristján Edelstein/Danshöfundur: Ástrós Gunnarsdóttir/Brúðugerð: Bernd Ogrodnik/Hljóðhönnun: Gunnar Örn Sigurbjörnsson/Gervahönnun: Ragna Fossberg/Leikstjóri: Magnús Geir Þórðarson.

Það verður ekki sagt að Leikfélag Akureyrar kasti til höndunum þessi misserin. Nýjasta afrekið er Litla hryllingsbúðin, söngleikurinn um ástir og átök í lítilli blómabúð í slömmi, búðarholu sem er við það að fara á hausinn – þar til búðarþrællinn, Baldur, stillir upp plöntunni Auði II, sem lítur svosum nógu sakleysislega út með sínar heitu varir á meðan hún er bara lítil budda í blómapotti en reynist svo vera skaðræðis mannætuplanta. Áður en upp er staðið hefur hún gúffað í sig tannlækni, blómabúðareiganda, Auði búðarloku – og Baldri. En þá eru líka komnir afleggjarar af henni út um víða veröld. Hún hefur náð heimsyfirráðum.

Skrímsli með heimsyfirráðaþrá eru stöðugt að dúkka upp hjá mannkyninu – sem án þeirra gæti lifað svo ósköp ágætu lífi rétt eins og Auði búðarloku og Baldur búðarþræl dreymir um. Bara svona einfalt líf þar sem hvorki eru átök né eyðilegging. Þeim er alveg sama um fátækt, bara að þau geti lifað í friðsömum heimi þar sem kærleikurinn ríkir. Auður er reyndar persónugervingur fyrir einfaldleikann og góðsemina sem við reynum stöðugt að meta ofar öllu öðru – en er, því miður, alltaf fórnað á altari gróða-, frægðar- og valdahyggju. Einfeldni Auðar er hlægileg og það er ekki fyrr en plantan kremur úr henni lífsneistann að okkur verður ljóst hversu mikið hefur tapast, sjálf fegurðin.

Sýningin hjá Leikfélagi Akureyrar hlýtur að teljast besta söngleikjauppfærsla leikársins. Þar er hvert smáatriði unnið af fagmennsku og alúð. Sýningin er vel leikin, vel sungin, dans og hreyfingar ákaflega vel útfærð á þessu litla leiksviði. Það eina sem var að á frumsýningu var hljóðblöndunin, undirleikur of hávær – en það má laga. Leikmyndin er skemmtilega hönnuð. Þótt hún sé fyrirferðarmikil, stækkar hún leikrýmið og býður upp á aukna möguleika á þessu smágerða sviði, sem eru vel nýttir. Búningar undirstrika vel hina andstæðu heima sem takast á í sýningunni; heim fegurðar og heim eyðileggingar. Plantan, Auður II, er snilldarlega unnin og lýsingin heilt ævintýri, verður eins konar undirtexti sem smokrar sér inn í vitund áhorfandans og kallar fram viðbrögð.

Sem fyrr segir er sýningin bæði vel leikin og vel sungin. Þrusugellutríóið, með þeim Álfrúnu, Esther og Ardísi, eins konar grískum kór sem hreyfir söguna áfram, er bæði líflegt og skemmtilegt og Andrea Gylfadóttir er, vægast sagt, mögnuð í rödd plöntunnar. Það er engum vafa undirorpið að þessi planta ætlar sér að kaffæra allt. Í hlutverki Baldurs er Guðjón Davíð Karlsson og fer vel með hlutverk þessa ljúfa drengs með ekkert sjálfsmat, sem lendir í þeim ósköpum að verða frægur og hefur enga hæfileika til að vega og meta sjálfur hvað er rétt og hvað er rangt. Því fer sem fer. Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikur tannlækninn ógurlega, sem og öll smáhlutverk í sýningunni og ferst það ágætlega úr hendi – leikur þó kannski ívið of stórt á köflum, einkum í tannlækninum. Þráinn Karlsson skilar gráðuga, spillta blómahöndlaranum Músnikk óaðfinnanlega og á snilldarleik í atriðinu þar sem hann vill ólmur fá að ættleiða Baldur. Erfitt að ímynda sér að hér sé sami leikari á ferð og fer með eintalið í upphafi Maríubjöllunnar, atriði sem er með því fegursta sem sést hefur á fjölunum í vetur. Vigdís Hrefna Pálsdóttir fer með hlutverk Auðar – og maður hlýtur að spyrja, hvers vegna þessi leikkona hefur ekki verið meira áberandi í leikhúsinu frá því að hún útskrifaðist fyrir fjórum árum. Vigdís er heillandi í hlutverki þessarar einlægu stúlku sem biður ekki um annað en góðsemi þótt henni finnist hún ekki eiga hana skilið, hefur frábæra söngrödd og gott vald yfir henni. Litla hryllingsbúðin er enn ein rósin í hnappagatið hjá Leikfélagi Akureyrar. Leikstjórinn hefur valinn mann í hverju rúmi og heldur styrkri hönd um alla þræði. Útkoman er bráðskemmtileg og nokkuð hnökralaus sýning – sem fullkomnar frábært leikár.

**Súsanna Svavarsdóttir**















# Rokkar í stofunni

Leikarinn Kiefer Sutherland hyggst gerast rokkstjarna og hefur jafnvel byggt upptökuver í villunni sinni í Los Angeles. Hann hefur fjárfest í tveimur afar verðmætum gömlum gíturum og finnst ekkert betra en að blasta nokkrum klassískum tónum á sínu eigin heimili.

„Ég byggði stúdíóið sjálfur. Ég á Les Paul gítar frá 1959 og Fender Strat frá 1959. Þeir eru gullfallegir og það er dásamlegt að spila á þá.“



**KIEFER SUTHERLAND**
Hann hefur byggt sér stúdíó á heimili sínu í Los Angeles og rokkar nú í stofunni.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus

TÚSKILDINGSÓPERAN

Í kvöld sun. 26/3 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4, fös. 7/4 nokkur sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, **aukasýning þri. 25/4**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Í kvöld sun. 26/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




Stóra svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**

Í dag kl. 14 UPPS. Lau 1/4 kl. 14 UPPS.
Su 2/4 kl. 14 UPPS. Lau 8/4 kl. 14 UPPS.
Su 9/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14
Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14
Su 7/5 kl. 14 Lau 20/5 kl. 20
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

**KERTALJÓSATÓNLEIKAR**
**HARÐAR TORFA**

FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

**TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-**

Í kvöld kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**KALLI Á ÞAKINU**

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**

Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

**BELGÍSKA KONGÓ**

Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 30/3 kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20 UPPS. Su 2/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

**HUNGUR**

SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í MAÍ

**NAGLINN**

SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**

Í kvöld kl. 20 Fö 28/4 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**

Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

**DANSleikhús ÍSLANDS**

Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

*„Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu, og andi Guðs sveif yfir vötnunum.“*



- Biblían er bókin með svörin og svona byrjaði þetta allt samkvæmt henni.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## Allt um Erró í haust

Nýlega var undirritaður samningur um nýja veglega listaverkabók um feril Errós. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir að bókin, sem ber vinnutitilinn Erró í tímaröð, komi út í fyrrihluta októbermánaðar en stefnt er að því að fagna tilefninu með veglegum hætti og er listamaðurinn væntanlegur til landsins.

„Höfundur bókarinnar er Danielle Kvaran bókmenntafræðingur en hún hefur unnið markvisst að skráningu á ferli Erró frá árinu 1998 en bókin byggir á rannsóknarvinnu hennar,“ segir Hafþór. Bókin verður um 400 síður og hana munu að sönnu prýða margar myndir, bæði af verkum listamannsins sem og myndum úr hans eigin lífi. Höfundur bókarinnar hefur m.a. haft aðgang af bréfa- og myndasafni listamannsins. „Hún hefur farið gaumgæfilega yfir líf og störf listamannsins. Það er dálítið skondið að hitta þau saman,“ segir Hafþór og áréttar að hann vildi síður hitta slíkan sérfræðing í sínu eigin lífi.



Páll Valsson, útgáfustjóri hjá Eddu útgáfu, og Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, undirrituðu samning um nýja Erróbók í vikunni FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Bókin verður gefin út samtímis á íslensku, ensku og frönsku og mun Sigurður Pálsson annast íslensku þýðinguna.

## > Bók vikunnar

**Listin að elska eftir Erich Fromm**

Höfundurinn lýsir mætti ástarinnar í hennar margbreytilegu myndum af dirfsku og sannfæringarkrafti og útskýrir hvernig fyrir henni er komið í nútímasamfélagi.





# Keypt en ekki lesin... enn

Þorgrímur Þráinsson er þekktur fyrir heilbrigt líferni og á leslistanum hans eru nokkrir uppbyggilegir titlar en hann var á ferðinni í New York á dögunum í miklum heilsugír og keypti þar nokkrar bækur.



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON RITHÖFUNDUR** Er með heilsusamlegar bækur á leslistanum.

**Raw food – real world eftir Sarma Melngailis** Ég snæddi á frábærum hráfæðistað sem heitir Pure food and wine og keypti bók eftir eiganda staðarins. Mjög áhugavert.

**Diet for a New America – How Your Food Choices Affects Your Health, Happiness and the Future of Life on Earth** Mjög spennandi bók eftir ungan mann sem upplýsir okkur meðal annars um hvað er að gerast á bak við tjöldin í matvælaiðnaðinum og hvernig fólk er nánast þvingað til að fylla sig af óhollustu. Hann yfirgaf auðhring fjölskyldunnar, sem hagnaðist á kleinuhringjaframleiðslu.

**The Hippocrates diet and health program eftir dr. Ann Wigmore** Hún er með áhugaverðari einstaklingum síðustu aldar. Hún breytti um lífsstíl 50 ára gömul og læknaði sig sjálf af ýmsum kvillum með breyttu mataræði.

**Heilun með álfum eftir dr. Doreen Virtue** Ég á augljóslega spennandi ferðalög framundan og mun vonandi án efa bæta við mig einhverri þekkingu.



**ÁRNI BERGMANN** Segir ritskoðun nútímans sumpart lúmskari en þau höft sem stjórnmálin lögðu á bókmenntirnar áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Spurningar fyrir lesandi fólk

**Árni Bergmann rithöfundur hefur lifað með og hrærst í bókum allt sitt líf. Bókin hans, Listin að lesa, er hvatningarrit fyrir allt lesandi fólk.**

„Ég hef verið bókaormur sem skríður hægt og rólega milli bóka, lestrarhestur sem fer á stökki því honum liggur svo mikið á, bókmenntastúdent, bókmenntagagnrýnandi, kennari og þýðandi og svo meira að segja höfundur líka,“ segir Árni og áréttar að bókin sé lestrarævisaga sín fremur en hefðbundin ævisaga.

„Ég skrifa um þær spurningar sem lesandi fólk spyr sjálft sig og hvert annað, í bókinni eru til dæmis kaflar um hvað menn læra af bókmenntum og af hverju valdhafar óttast þær.“ Í bókinni lýsir hann persónulegri reynslu sinni og ræðir almennt um bókmenntir af öllu tagi, allt frá klassískum ritum rússnesku meistaranna Dostojevskijs og Tsjekhovs til Laxness og Sigfúsar Daðasonar með viðkomu í Alistair MacLean og Ian Fleming.

Árni bendir á að lesendur nálgist bækur með ólíkum hætti eftir æviskeiðum. „Sá sem les Íslandsklukkuna 16 ára er að lesa allt aðra bók en lesandi sem er 66 ára. Það er svo margt sem gerist þarna á milli. Hins vegar þegar menn fara að gera of mikið úr afstæðinu, úr hinu huglæga og hinni persónulegu upplifun þá er líkt og það sé enginn samnefnari. Ég er meðal annars að reyna að vinna gegn þeirri hugmynd. Þessi sjálfsagða staðreynd að hver lítur sínum augum á þetta bókasilfur þarf ekki og á ekki að sundra hinum lesandi heimi í óteljandi smáagnir sem eru bara á þeysingi lengra og lengra í burt hver frá annarri eins og heimurinn eftir Miklahvell.“

**Máttur bókmenntanna**

Bókin var að hluta til gefin út í tilefni af sjötugsafmæli Árna á síðasta ári en hann segir að vitaskuld hafi margt breyst frá því að hann var yngri. „Þegar ég var á menntaskólaaldri þá var gert ráð fyrir því að það væri eitthvað pláss í tilverunni fyrir skáldskap, fáir neituðu því. Menn völdu síðan að hafa dálæti á ákveðnum skáldum. Sumir voru með Davíð Stefánssyni og Tómasi Guðmundssyni, aðrir með Þórbergi og Steinari Steinarr og menn gerðu dálítið úr þessu að eiga sér sína höfunda og skáld. Ég held að þetta sé mjög á undanhaldi og hraði nútímans er auðvitað partur af því og þessi dans í kringum höfundarnöfnin





# Með hestshaus í Hollandi

Þeir lesendur sem fýsir í eitthvað óvenjulegt og spennandi í sumarfríinu geta kynnt sér óhefðbundna ferðamennsku í bókunum Lost Cosmonaut og Experimental Travelling. Ef fólk er til að mynda orðið leitt á því að verja fríinu sínu í biðröðum við þéttskipaða túristastaði eða vill taka eitthvað meira með sér heim en fjöldaframleidda minjagripi geta þessar bækur boðið upp á nýja sýn á ferðamennsku og leiðir til þess að ferðast á eftirminnilegri hátt.

Lost Cosmonaut er eftir Skotann Daniel Kalder en þar má finna ferðasögur hans um afskekkt héruð Rússlands og ber bókin undirtitilinn „Ferðalög til ríkjanna sem ferðamennskan gleymdi“. Í upphafi bókarinnar má lesa yfirlýsingu and-túrismans sem í stuttu máli gengur út á það að haga sér algjörlega andstætt hefðbundnum ferðalangi. Þar má til dæmis finna reglur eins og „and-túristinn heimsækir enga staði sem eru á neinn hátt aðlaðandi,“ og „and-túristinn ferðast á röngum tíma árs“. Enn fremur afneitar and-túristinn þægindum, fagnar hungri, ofskynjunum og lélegum hótelum.





AND-TÚRISMI FYRIR HUGAÐA

Sögurnar greina frá ævintýrum Kalders en hann ferðast meðal annars til héraðanna Tatarstan og Kalmikíu í Rússlandi til þess að leita uppi algjörlega óspennandi staði, kynnast innfæddum og lenda í vandræðum.

Bókin um tilraunaferðamennsku, Experimental Travelling, kom út í Lonely Planet seríunni en er samantekt á hugmyndafræði Svisslendingsins Joël Henry. Tilraunaferðamennska í hans anda miðar að því að setja sér óvenjuleg takmörk og sækir sitthvað til situationista og súrrealista. Þannig er ferðalangurinn frelsaður frá vana og leiða hefðbundins túrisma með því að setja honum nýjar leikreglur. Í bókinni eru síðan útlistaðar fjölmargar reglur eða hugmyndir að óvenjulegum ferðamátum eins og til dæmis að ferðast aðeins að næturlagi, með hestshaus eða blindandi. Hugmyndunum er síðan raðað eftir erfiðleika þeirra svo að allir ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. - khh

## METSÖLULISTINN

| HEILDARLISTI | | SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR | |
|---|---|---|---|
| 1 | **DRAUMALANDIÐ:** ANDRI SNÆR MAGNASON | 1 | **SÁLMABÓK** ÝMSIR HÖFUNDAR |
| 2 | **MUNKURINN SEM SELDI SPORT..** ROBIN SHARMAN | 2 | **PASSÍUSÁLMAR** HALLGRÍMUR P. - HÖRPUÚTGÁFAN |
| 3 | **FLUGDREKAHLAUPARINN - KILJA** KHALED HOSSEINI | 3 | **VETRARBORGIN** ARNALDUR INDRIÐASON |
| 4 | **FULLUR SKÁPUR AF LÍFI** ALEXANDER MCCALL SMITH | 4 | **PERLUR Í SKÁLDSKAP LAXNESS** HALLDÓR LAXNESS |
| 5 | **DÝRARÍKIÐ** PENELOPE ARLON | 5 | **SKUGGI VINDSINS** CARLOZ RUIZ ZAFÓN |
| 6 | **TÍMI NORNARINNAR - KILJA** ÁRNI ÞÓRARINSSON | 6 | **HOBBITINN** J.R.R. TOLKIEN |
| 7 | **SÁLMABÓK** ÝMSIR HÖFUNDAR | 7 | **LJÓÐASAFN HANNESAR PÉTURS** HANNES PÉTURSSON |
| 8 | **MÓTI HÆKKANDI SÓL** ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR | 8 | **GRAFARÞÖGN** ARNALDUR INDRIÐASON |
| 9 | **GÆFUSPOR** GUNNAR HERSVEINN | 9 | **SÁLMABÓK ÍSLENSKU KIRKJUN..** ÝMSIR HÖFUNDAR |
| 10 | **DRAUMALAND: SVEFN OG SVEFN..** ARNA SKÚLADÓTTIR | 10 | **ÞRIÐJA TÁKNIÐ** YRSA SIGURÐARDÓTTIR |

LISTARNIR ERU GERÐIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 15.03.06 - 21.03.06 Í PENNANUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR.

sem er líka dálítið slæmur," segir Árni.

Tíðarandinn hefur vitaskuld áhrif á hlutskipti höfundanna, að mati hans. Ýmist séu þeir hafnir á stall eða troðnir niður en á öllum tímum leita lesendur samt svaranna við stóru spurningunum í skáldskapnum. „Bókmenntir kenna um ástina og hugsjónina og leitina að guði en þær svara samt engu um það hvernig ástin ætti að vera eða hvernig menn finna guð eða hvernig maðurinn sættir sig við dauðann. En bókmenntirnar bregða upp áleitnum dæmum tilbúinna persóna með þeim möguleikum mannsins." Árni segir að

*„Bókmenntir kenna um ástina og hugsjónina og leitina að guði en þær svara samt engu um það hvernig ástin ætti að vera eða hvernig menn finna guð eða hvernig maðurinn sættir sig við dauðann.*

trúin á mátt bókmenntanna sé lykilatriði. „Þessi trú er misjafnlega mikil og er ef til vill á undanhaldi núna. Margir höfundar og enn fleiri lesendur hafa lengi ætlast til þess að bókmenntirnar kenndu þeim í þessum móralska skilningi, hvað er rétt og rangt. Og þar að auki er trúin á skáldið sem leiðtoga sem gerir lesandann að betri manni og stuðlar þannig að betri heimi."

### Hégómi eða göfugmennska

Árni segir allir höfundar finni fyrir togstreitunni milli þess að gera það sem þeim sýnist eða taka þátt í darraðadansinum kringum málefni líðandi stundar. „Hvort tveggja, göfugmennskan og hégóminn, er freistandi. Að hefja sig yfir þetta rifrildi allt saman eða ganga í leikinn. Annars vegar vilja menn gera það sem þeim sýnist en á hinn bóginn vill höfundurinn gjarnan láta muna eftir sér – hann vill verða fleinn í holdi samfélagsins eða valda skelfingu og ótta meðal ráðamanna." Hann bendir á að tilhneiging nú sé fremur í þá áttina að höfundarnir vilji láta til sín taka og skipta sér meira af stórmálum og nefnir til að mynda Nóbelsverðlaunaræðu breska leikskáldsins Harolds Pinter og nýútkomna bók Andra Snæs Magnússonar.

### Frelsandi höft

Í bókinni skrifar Árni um ritskoðun og reifar til dæmis mótsagnakenndar afleiðingar hennar fyrir bókmenntir einstakra landa til dæmis fyrir ríki fyrrum Sovétríkjanna. „Ef ritskoðunin er ekki allt of andskoti frek, ef hún reynir ekki að smjúga inn í allt sem verið er að gera þá verður ritskoðunin, með afskaplega einkennilegum hætti, til þess að gera bókmenntirnar að miklu stærri þætti í lífi manna heldur en ella því þá læra rithöfundarnir þá kúnst að fara í kringum hana."

Ritskoðun nútímans er sumpart lúmskari en þau höft sem stjórnmálin lögðu á bókmenntirnar og Árni bendir á að menn taki ekki eins mikið eftir ritskoðun markaðsaflanna eins og eiginlegum lagakrókum. „Samkvæmt lögmálum markaðsins er bók vond ef hún selst illa en góð ef hún selst vel og stundum lætur fólk eins og þetta sé raunin, til dæmis ef höfundar seljast ekki nema í hundruðum eintaka þá séu þeir eitthvað sem menn þurfa að losa sig við. Þetta mætti segja um næstum allar ljóðabækur sem komið hafa út á íslensku, þær hafa upphaflega selst í kringum 200 eintökum. Þessar upplagstölur eru voðalega villandi."

Margir segjast fegnir myndu vilja hafa meiri tíma til að lesa en Árni segist þó ekki vorkenna þeim sem kvarta undan klukkunni. „Fólk þarf bara að slökkva á sjónvarpinu," segir hann sposkur.

**kristrun@frettabladid.is**


Kanarí
um páskana

Bókaðu núna!

Páska-bónus
1 vika
29. mars - 5. apríl.
26.900 kr.
á mann í tvíbýli með öllum sköttum

Bókaðu núna!

Páskaferð
2 vikur
5. - 19. apríl.
56.990 kr.
á mann í tvíbýli í stúdíói á mjög góðu milliflokkkshóteli með öllum sköttum

Fylgist með á heimasíðu okkar ef vera kann að laus sæti bjóðist á enn broslegra verði!




Bókaðu strax!
www.apollo.is




LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo

www.apollo.is • 5 100 300



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Renault Megane II Scenic, verð frá
kr. 2.130.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 23.050 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

SCENIC



Renault Megane II Scenic Grand 7 manna
Renault Megane II Scenic
Renault Megane II Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM
**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**
Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.45 |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1, 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| ZATHURA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 1 B.I. 10 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3 og 5.50 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 2.40 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 3 og 10.20 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45, 8 og 10.20 |
| THE NEW WORLD | kl. 10 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 6 og 8 |
| NANNY MCPHEE | kl. 2 400 KR. |
| YOURS MINE & OURS | kl. 2 400 KR. |
| PINK PANTHER | kl. 4 |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Á leið til New York

Hljómsveitin Jeff Who? er á leiðinni til New York þar sem hún mun spila á þrennum tónleikum.

Meðal annars mun sveitin spila á hinni frægu rokkbúllu CBGB´s sem stór nöfn á borð við Television, Blondie, Ramones og Talking Heads gerðu fræga.

Eftir heimkomuna stefnir Jeff Who? á að minnka við sig spilamennskuna hér heima, æfa meira og semja fleiri lög.



**JEFF WHO?** Hljómsveitin Jeff Who? er á leiðinni til New York.




Nám í LBHÍ – grunnur að framtíð

Umhverfisskipulag (landslagsarkitektúr)
Búvísindi/garðyrkja
Náttúru- og umhverfisfræði
Skógfræði og landgræðsla

Kynntu þér námsleiðir við LBHÍ,
við bjóðum grunn að framtíð.
www.lbhi.is

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000 • www.lbhi.is

Næst


# Ágætis fjölskyldumynd

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**



**THE WORLD´S FASTEST INDIAN**

**Leikstjóri:** Roger Donaldson
Aðalhlutverk: Anthony Hopkins
**Niðurstaða:** Þegar líður á myndina fer hún að líkjast týpískri Disney-klisju sem getur aldrei orðið annað en ágætis fjölskyldumynd og er kannski ágæt sem slík.

Myndin fjallar um Burt Munro, gamlan nýsjálenskan karl með mótorhjóladellu á háu stigi. Sjálfur á hann mótorhjól af gerðinni Indian Scout frá árinu 1919 og í myndinni fylgjumst við með honum grúska í því, búa til aukahluti og gera hjólið eins og nýtt. Draumurinn hans er að fara með hjólið til Bonneville í Utah þar sem hægt er að mæla hraða ökutækja á uppþornuðu stöðuvatni. Hann nær sér í pening og leggur einsamall í þetta langa ferðalag. Myndin er byggð á sönnum atburðum en mig grunar að þeir atburðir hafi aðeins verið hafðir til hliðsjónar.

Mikil áhersla er lögð á að gera Munro eins sérvitran og hægt er. Hann pissar á sítrónutréð sitt, notar skítugt vatn í teið, neitar að slá garðinn sinn og bunar út úr sér óþolandi lífsspekis-setningum. Á ferð sinni til Bonneville hittir hann marga litskrúðuga karaktera, næstum of litskrúðuga, sem allir eru boðnir og búnir til að hjálpa honum. Viðhorfið virðist vera: „Ohh þetta er svo góður gaur, hjálpum honum bara,“ sem verður frekar ótrúverðugt og kjánalegt til lengdar. Einnig lendir hann í furðulegum aðstæðum eins og að skrá sig inn á einhvers konar hóru-hótel þar sem rúmið hristist með látum og að sjálfsögðu vingast hann við kynskiptinginn í afgreiðslunni. Hvað annað? Þegar líður á myndina fer hún að líkjast týpískri Disney-klisju sem getur aldrei orðið annað en ágætis fjölskyldumynd og er kannski ágæt sem slík.

Myndin náði alls ekki að heilla mig og kannski fór ég með of miklar væntingar. Öll væmnu atriðin fengu mig til að hristast af aulahrolli og Anthony Hopkins fór endalaust í taugarnar á mér í aðalhlutverkinu. Þó verð ég að viðurkenna að miðað við hlátrasköllin í salnum þá virðist ég vera í minnihluta með þetta álit mitt og eflaust hafa margir gaman af þessari mynd.

**Borghildur Gunnarsdóttir**







**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 2-5:15-8-10:45 | |
| THE MATADOR | KL. 2-4-6-8-10:10 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 6-8-10:10 | B.I. 16 |
| SYRIANA | KL. 8:10-10:45 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 2-4-6-8-10:10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| BIG MOMMAS HOUSE 2 | KL. 4-6-8-10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| THE MATADOR | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3:30 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10-11:20 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 12-2:10-3:15-4:20-5:50-8-10:10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 12-2-4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 12-1:30 | |

KRINGLAN S: 588-0800

**Háskólabíó**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 2:30-5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8 | |
| SYRIANA | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-8-10 | |
| BAMBI 2 | KL. 3 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3 | |
| OLIVER TWIST | KL. 3 | |

KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE CLEAN KL. 5:45

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**CHARLIE SHEEN** Leikarinn góðkunni hefur uppi samsæriskenningu um hryðjuverkaárásina á Bandaríkin.

# 9/11 var samsæri

Leikarinn Charlie Sheen efast um opinberu útskýringuna á hryðjuverkunum í Bandaríkjunum þann ellefta september 2001.

Hann segir að stjórnvöld hafi hylmt yfir sannleikann og vill að frekari rannsóknir verði gerðar til að komast að hinu sanna. „Það hljómar eins og samsæri þegar 19 áhugamenn með skæri ræna fjórum farþegaflugvélum og hitta 75% af skotmörkum sínum. Þetta vekur upp margar spurningar,“ sagði Charlie. „Fyrir tveimur árum var ekki vinsælt að tala um þetta. Eftir að ég hef rannsakað málið virðist sem fólk sé komið á aðra skoðun núna.“

Charlie hefur m.a. uppi efasemdir um flugvélina sem var flogið í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, Pentagon.

„Það er undir okkur komið að komast að sannleikanum. Fjölskyldurnar eiga það skilið og fórnarlömbin.“

# Ævintýri að vestan

Listamaðurinn Muggur er Elvari Loga Hannessyni nokkuð hugleikinn og þessa dagana er leikarinn og aðalforsprakki Kómedíuleikhússins að kynna ævintýrið um Dimmalimm eftir Mugg fyrir ungum leikhúsgestum. Elvar Logi flytur einleik um Dimmalimm með aðstoð brúða en undanfarið hefur hann sýnt verkið í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. „Það þekkja nánast öll börnin söguna um Dimmalimm, þau hafa flest séð bókina eða heyrt þetta ævintýri,“ segir Elvar Logi og bætir því við að það sé augljóst að sagan njóti talsverðra vinsælda í leikskólunum.

Bókin um Dimmalimm kom fyrst út árið 1942 en söguna samdi Muggur handa lítilli frænku sinni en tuttugu ár liðu þar til bókin sjálf kom út. Muggur var ættaður frá Bíldudal, eins og Elvar Logi sem gerði sinn fyrsta stóra einleik byggðan á ævi hans. „Ég held mikið upp á Mugg, hann var dálítið sérstakur karakter og sagan um Dimmalimm hefur fylgt mér alla tíð. Henni er haldið mjög á lofti á Bíldudal enda Bílddælingar ánægðir með sinn prins.“

Þetta er fimmti einleikurinn sem Kómedíuleikhúsið setur upp en þeir sækja allir í vestfirskan sagnaarf, þar á meðal í Íslendingasögurnar, og Elvar Logi segir að Gísli Súrsson hafi fengið að fljóta með í kaupstaðinn. „Þau eru þarna saman í skottinu, Súrsson og Dimmalimm,“ útskýrir hann, en sýningin um fornkappann er ætluð fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskólanna. „Gísli er rétt að byrja, hann getur verið lengi í súrnum,“ segir Elvar Logi, „og það er skemmtilegt að fylgjast með því hvernig grunnskólanemendurnir fíla Íslendingasögurnar.“

Elvar vann leikgerð ævintýrisins um Dimmalimm með Sigurþóri Albert Heimissyni sem einnig sér um leikstjórn en brúðurnar gerðu Alda V. Sigurðardóttir og Marsibil G. Kristjánsdóttir. Verkið verður sýnt í Möguleikhúsinu í dag kl. 14 og 16. - khh



**ELVAR LOGI HANNESON** Tók Dimmalimm og Gísla Súrsson með sér í bæinn.









## Nýr formaður hjá FRÍ

Á ársþingi Frjálsíþróttasambandsins sem fram fór um helgina var Arnþór Sigurðsson kosinn formaður sambandsins til næstu tveggja ára. Arnór fékk einu atkvæði meira en Unnur Sigurðardóttir. Jónas Egilsson, formaður FRÍ síðustu níu ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

**sport**

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ RAGNARI ÓSKARSSYNI

**París eða Reykjavík?** París.
**Sniglar eru...** ljúffengir.
**Frakkland, Danmörk eða Ísland?** Ísland.
**Krullur eru...** rokk!
**Jackson Richardsson er...** flottur tappi.
**Guðmundur Guðmundsson eða Viggó Sigurðsson?** Pass.
**Ertu farinn að geta spilað vörn?** Já, já. Ég er einn sá besti í frönsku deildinni.
**Erfiðasti andstæðingur?** Pétur Magnússon.
**Auðveldasti andstæðingur?** Það hafa allir sína kosti.
**Besti handboltamaður í heimi?** Óli Stefáns.
**Besti samherji á ferlinum?** Ólafur Örn Jósepsson.
**Mestu vonbrigði?** Að detta út úr landsliðshópnum fyrir ólympíuleikana.
**Þinn helsti kostur sem leikmaður?** Léttleikinn.
**Þinn helsti galli sem leikmaður?** Líka léttleikinn.
**Ivry eða ÍR?** ÍR.
**Efra Breiðholt eða neðra Breiðholt?** Neðra.

## > Alfreð á fleygiferð

Landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason hefur verið á fleygiferð á milli íþróttahúsa um helgina til að fylgjast með leikjum í DHL-deild karla í handbolta. Hann byrjaði á leik Fylkis og Stjörnunnar á föstudagskvöldið og í gær var hann mættur í Laugardalshöllina kl. 14 til að fylgjast með sínum gömlu félögum í KA gegn Val. Strax að þeim leik loknum hélt Alfreð í Safamýrina þar sem Fram og Selfoss voru að spila og náði hann síðari hálfleiknum í þeim leik. Alfreð er í stuttri heimsókn á landinu þar sem hann tilkynnti sinn fyrsta landsliðshóp í lok síðustu viku og ætlar hann að nýta tímann vel til að skoða leikmenn hér á landi. Alfreð er væntanlegur á Ásvelli í kvöld þar sem Haukar og ÍR eigast við.



Stórsvigið á Meistaramótinu:

## Dagný Linda og Björgvin unnu

**SKÍÐI** Björgvin Björgvinsson og Dagný Linda Kristjánsdóttir hrósuðu sigri í stórsvigskeppninni á Meistaramóti Íslands í skíðum sem háð var í gær. Björgvin hafði töluverða yfirburði í karlaflokki og var meira en sekúndu á undan Kristjáni Una Óskarssyni sem varð annar en hjá konunum var Dagný Linda í algjörum sérflokki. Hún kom í í mark á samanlagða tímanum 2:19,48 en önnur varð Agla Gauja Björnsdóttir á tímanum 2:24,94.

Bæði Elsa Guðrún Jónsdóttir og Svavar Birgisson nældu sér í sín þriðju gullverðlaun á Meistaramótinu í ár í gær. Elsa Guðrún sigraði í 5 km göngu hjá konunum en Svavar sigraði í 10 km göngu karla með frjálsri aðferð. Þá varð Jakob Einar Jakobsson Íslandsmeistari í 15 km göngu með frjálsri aðferð. - vig

Þrír leikir fóru fram í DHL-deild karla í handbolta í gær:

# Framarar halda sínu striki í toppbaráttunni

**HANDBOLTI** Framarar halda sínu striki í DHL-deild karla og í gær vann liðið baráttusigur á botnliði Selfoss, 34-25, þar sem lokatölurnar gáfu ekki rétta mynd af gangi leiksins. Fyrirfram var búist við auðveldum sigri Framara en Selfyssingar komu gríðarlega ákveðnir til leiks og sýndu heimamönnum enga virðingu.

Framarar urðu fyrir áfalli strax í upphafi leiks þegar Sergei Serenko fékk að líta rauða spjaldið fyrir meint olnbogaskot. Selfyssingar leiddu stærstan hluta fyrri hálfleiks, ýmist með 1-2 mörkum, en undir lok hans náði Fram ágætri rispu og í hálfleik var staðan 15-14, heimamönnum í vil.

Bráttan hélt áfram í upphafi síðari hálfleiks og áttu Framarar í mestu vandræðum með að hrista af sér Selfyssinga. En í stöðunni 23-19 fékk Ramunas Mikalonis hjá Selfoss sína þriðju brottvísun og við það hrundi leikur liðsins. Framarar gengu á lagið, skoruðu fimm mörk í röð og eftir það var ekki aftur snúið.

Í Laugardalshöllinni unnu Framarar sannfærandi sigur á KA, 30-26, en þetta var fyrsti leikur Norðanmanna undir stjórn Sævars Árnasonar og Árna Stefánssonar. Valsmenn voru nær ávallt með undirtökin og komust meðal annars í 17-12 undir lok fyrri hálfleiks.

KA náði með mikilli baráttu að jafna í 17-17 í upphafi þess síðari en þá gáfu Valsmenn í að nýju, náðu aftur upp þriggja marka forystu sem þeir létu ekki af hendi það sem eftir lifði leiks.

Í þriðja og síðasta leik gærdagsins vann Afturelding mikilvægan sigur á ÍBV í Mosfellsbænum, 31-25, og heldur sér þannig í baráttunni um sæti í efstu deild að ári. Afturelding er nú með 18 stig, tveimur minna en FH sem er í 8. sætinu. Einar Ingi Hrafnsson átti stórleik fyrir heimamenn og skoraði 10 mörk. - vig



**HÁLSTAK** Mohamed Latoufi, hinn snaggaralegi Frakki hjá Val, sést hér tekinn föstum tökum af varnarmanni KA í viðureign liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


MUNDU EFTIR VISA AFSLÆTTINUM!




Bókaðu bíl með Avis í mars og borgaðu með VISA

VISA

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 591 4000
eða bókaðu bíl á www.avis.is

We try harder.
Við leggjum okkur fram

AVIS
Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is




**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Var í strangri gæslu Lemgo í gær.

EHF-keppnin í handbolta:

## Lemgo lagði Gummersbach

**HANDBOLTI** Lemgo, lið þeirra Loga Geirssonar og Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar, vann gríðarlega góðan útisigur á Gummersbach, sem Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson leika með, í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum EHF-keppninnar í handbolta í gær. Lemgo sigraði 29-27 eftir að hafa verið undir framan af leik en liðið var sterkara á lokasprettinum og átti sigurinn skilinn.

„Þetta eru rosalega góð úrslit fyrir okkur og mjög sætur sigur," sagði Logi Geirsson við Fréttablaðið í gær. „Við spiluðum mjög vel, eins og við höfum reyndar verið að gera í nokkurn tíma og unnum sanngjarnan sigur," sagði Logi sem skoraði þrjú mörk en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað.

Lemgo hélt Guðjóni Val í aðeins fjórum mörkum utan af velli og sagði Logi að þjálfari hans hefði lagt mikla áherslu á að stoppa hann. „Það var maður á honum til að hægja á hraðaupphlaupum Gummersbach og það gekk mjög vel. Fyrir vikið náðum við að stjórna hraða leiksins og það má segja að það hafi verið lykillinn að okkar sigri," sagði Logi en liðin eigast við að nýju í Lemgo eftir viku. Guðjón Valur skoraði þrjú mörk úr vítum og alls sjö mörk en Róbert skoraði eitt mark fyrir Gummersbach. - vig

event

# James Sewell Ballet

AUSTURBÆ 5. MAÍ

**MIÐASALA HAFIN!**



„Balletthópurinn heillaði troðfullan salinn. Flutningurinn sannar að þetta eru listamenn sem fórna lífi sínu fyrir listina. Óviðjafnanlegt!“

**- The Winona Post, Winona**

„Gefandi og dásamleg danssýning. Dansar Sewells eru stórskemmtilegir bæði fyrir ballett-áhugamenn og almenna áhorfendur sem hlæja og gráta til skiptis.“

**- Sanibel-Captiva Shopper´s Guide**

„Þetta eru engir venjulegir listamenn. Hver einasti meðlimur er framúrskarandi dansari sem sýnir öryggi í flutningi og einstakan skilning á magnaðri sýn.“

**- Backstage**

**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis.**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.**event**.is



**DROTTNINGAR** Kristjana Sæunn Ólafsdóttir og Sif Pálsdóttir hafa mikla yfirburði í fimleikum kvenna á Íslandi í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# FIMLEIKADROTTNINGAR ÍSLANDS

**Sif Pálsdóttir** og **Kristjana Sæunn Ólafsdóttir** hafa orðið Íslandsmeistarar í fjölþraut kvenna síðustu sjö ár. Lykillinn að árangri þeirra hefur verið sjálfsagi sem á sér engan líkan og æfingaástundun sem atvinnumenn í öðrum íþróttum geta margir hverjir ekki státað sig af. *Vignir Guðjónsson* ræddi við stelpurnar um fórnirnar sem fylgja því að vera fimleikamaður í fremstu röð á Íslandi.

Fimleikar. Sú íþrótt sem ýmsar rannsóknir hafa sýnt að sé erfiðasta íþrótt í heimi, ásamt kannski sundi, hnefaleikum, hjólreiðum og þríþraut. Eina leiðin til árangurs er æfing, æfing og aftur æfing. Á stað eins og Íslandi, þar sem ómögulegt er að hafa lifibrauð af íþróttinni, bætist skipulagið ofan á – skipulag sem snýst um að raða öllu sem tengist hinu daglega lífi í kringum fimleikana; hlutum eins og námi, áhugamálum, félagslífi, mataræði, vökustundum og kærastanum.

„Úff, það er enginn tími fyrir kærasta," segir Sif Pálsdóttir, nýkrýndur Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna og önnur af tveimur ókrýndum fimleikadrottningum Íslands. Hin heitir Kristjana Sæunn Ólafsdóttir og hefur tvisvar sinnum orðið Íslandsmeistari, í fyrra og árið þar áður.

Sif og Sæja, eins og Kristjana Sæunn er kölluð, hafa drottnað yfir keppinautum sínum hér á landi síðustu ár og er sú síðarnefnda líkleg til að halda því áfram í nokkur ár til viðbótar. Sæja er 15 ára og við það að komast á það æviskeið þar sem fimleikastúlkur eru venjulega „að toppa", eins og sagt er á íþróttamálinu, en Sif er hins vegar komin að hinum enda þess skeiðs, að verða 19 ára gömul og búin að æfa fimleika í rúm 12 ár.

„Þetta fer að verða orðið gott hjá mér og ég býst við því að þetta verði mitt síðasta keppnistímabil þar sem ég er á fullu. En það er ekki hægt að hætta alfarið í fimleikum. Ætli ég fari ekki að einbeita mér meira að hópfimleikum, nú eða fari að þjálfa eða dæma. Fimleikarnir verða alltaf stór hluti af mínu lífi, í hvernig formi sem þeir verða," segir Sif, sem keppir fyrir hönd Gróttu.

### Æfingar og aftur æfingar

Eins og áður segir hafa fimleikar stundum verið nefndir erfiðasta íþrótt í heimi. Þeir er einir af fáum íþróttum sem sameina næstum alla þá þætti sem snúa að líkamlegri getu og þurfa að vera til staðar ef árangur á að nást.

Fimleikamaður í fremstu röð þarf að búa yfir fullkominni stjórn á líkamanum, jafnvægi og nákæmni. Hann þarf að vera útsjónarsamur, vel samhæfður og sveigjanlegur til að geta tekist á við þær líkamlegu æfingar sem fimleikar snúast um. Hann þarf líka að vera áræðinn og einbeittur til að þrauka langan keppnisdag svo ekki sé minnst á þann tæra styrk og kraft sem þarf að hafa til að geta framkvæmt æfingarnar.

Eina leiðin til að búa yfir öllum þessum eiginleikum er að helga sig íþróttinni algjörlega. Og það hafa þær Sif og Sæja gert. Báðar æfa þær allt upp í fimm tíma á dag, sex daga vikunnar og á sumrin er bætt enn frekar við og æft tvisvar á dag. Það þarf varla að fara mörgum orðum um þann sjálfsaga sem þurfi að hafa til að hafa æft svona mikið, svo árum skiptir. „Sunnudagarnir eiga að vera frídagar en það kemur samt oft fyrir að ég fari upp í íþróttahús og geri æfingar fyrir sjálfa mig," segir Sæja.

Hjá drottningunum tveimur, og líklega einnig mörgum félögum þeirra, hafa fimleikarnir orðið að lífsstíl.

„Þetta er náttúrulega ákveðin rútína. Ég vakna og fer í skólann, fer svo fljótlega á æfingu að honum loknum og fer svo heim og klára að læra. Svona gengur þetta alla virka daga. Það er helst um helgar sem ég reyni að gera mér dagamun; skella mér í bíó, leigja spólu, kíkja í búðir eða eitthvað slíkt," útskýrir Sif.

### Hélt út í einn og hálfan mánuð

„Ég æfi svo mikið þannig að það endar auðvitað með því að nánustu vinkonurnar eru í fimleikunum. Og þannig erum við eins og fjölskylda þarna upp í Gerplu, við erum alltaf saman," segir Sæja. Þetta fyrirkomulag er hún fyllilega sátt við.

„Ég hef ekki upplifað það hvernig það er að fara mikið út á kvöldin, geta farið í bíó eða horfa á spólu eins og margir aðrir krakkar gera kannski á þessum aldri. En það angrar mig ekkert. Ég hef ofsalega gaman af því sem ég er að gera og hef lítinn áhuga á hinu," segir Sæja.

Það gefur augaleið að til að geta staðið undir framangreindu æfingaálagi situr óhjákvæmilega eitthvað á hakanum. Hjá Sif hefur námið til að mynda verið númer tvö á forgangslistanum undanfarin ár.

„Ég hef alltaf þurft að hafa nokkuð mikið fyrir námi," segir Sif, sem stundar sitt nám í Fjölbraut við Ármúla. „Ég var í MH en skipti um skóla núna um áramótin til að minnka aðeins við mig, taka færri áfanga og einbeita mér að þeim. Ég mun klára stúdentinn en það mun taka mig aðeins lengri tíma en það tekur flesta aðra. En svona er þetta bara, einhverju þarf að fórna," segir Sif, sem sinnir heimalærdómnum á kvöldin – eftir æfingu.

Sif segir að áhugi hennar á fimleikum sé mjög mikill í augnablikinu en neitar því ekki að það hafi komið tímabil þar sem henni hafi langað að hætta.

„Það hefur stundum gerst en alltaf hefur mamma talað mig inn á að halda áfram," segir Sif sem þó hætti fimleikum um stund fyrir tveimur árum. „Þá var ég alveg búinn að fá nóg af þessu öllu. En til að gera langa sögu stutta þá hélt ég út í einn og hálfan mánuð. Þá var ég komin með fráhvarfseinkenni," segir Sif og hlær.

„Þetta var mjög skrítið því það kom í ljós að ég gat ekki verið án þessa vítahrings. Ég hef ekkert að gera þegar ég er ekki í fimleikum. En eftir þessa pásu hefur mér alltaf fundist jafn gaman," segir Sif og ítrekar að það er það sem skiptir öllu máli þegar uppi er staðið.

„Meðan svo er, þá er ekki hægt að hætta. Og þó að ýmsu hafi verið fórnað, svo sem félagslífi og skóla, þá hefur það verið þess virði. Fimleikar hafa gefið mér svo ótrúlega mikið og mér finnst ég vera að gera rétt. Þannig hugsa ég þetta allavega."

**vignir@frettabladid.is**

Sif og Sæja segjast vera mjög svipaðar að getu:

## Selja klósettpappír til að komast út

**FIMLEIKAR** Samanlagt hafa Sif og Sæja orðið Íslandsmeistarar síðustu sjö ár. Sif vann fyrst fyrir sjö árum, þá 12 ára gömul. Hún vann þá fjögur ár í röð en missti síðan titilinn í hendur Sæju árið 2004 og aftur 2005.

„Þetta var svolítið öðruvísi núna þar sem ég var að vinna hann aftur til baka eftir að hafa tapað honum tvisvar. Þetta var svolítið sætara núna," segir Sif og glottir en Sæja varð að láta sér lynda að hreppa annað sætið í ár. Í keppni á einstökum áhöldum vann Sif tvö gull og eitt silfur en Sæja tvö gull og tvö brons.

Þrátt fyrir að stelpurnar æfi eins og atvinnumenn gera í flestum öðrum íþróttum, verður að segjast að fimleikarnir hafa lítið fram fyrir þær að færa – annað en ánægjuna af hreyfingunni og félagsskapnum. Rúnar Alexandersson er eini íslenski „atvinnumaðurinn" í íþróttinni en hans tekjur felast að öllu leyti í styrkjum frá ýmsum áttum sem gera honum kleift að helga sig íþróttinni algjörlega.

Samkvæmt pappírunum eru Sif og Sæja áhugamenn í fimleikum þrátt fyrir að stunda þá í 25 stundir á viku, að minnsta kosti. Þær þurfa meira að segja að greiða fyrir keppnisferðir erlendis að mestu leyti úr eigin vasa.

„Við fáum einhverja styrki frá ÍSÍ og svo fæ ég styrk frá Kópavogsbæ," segir Sæja en auk þess styrkir fimleikasambandið keppendur sína um 30 prósent af kostnaði ferðarinnar. „Restin fæst með klósettpappírssölu og síðast en ekki síst mömmu og pabba," útskýrir Sif. „Við værum ekki þar sem við erum í dag án stuðnings foreldrana," segir Sæja.



## SUNNUDAGSPENNINN GEIR SVEINSSON

# Þjóðaríþrótt Íslendinga!

Handknattleikur er og hefur verið þjóðaríþrótt Íslendinga til langs tíma. Nú er viðbúið að einhverjir firrist við þessa staðhæfingu mína og þá sérstaklega einhverjir niður í Laugardal, en þetta er staðreynd hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Rök mín fyrir því eru ósköp einföld. Engin íþrótt stunduð á Íslandi, nær jafn mikilli athygli þjóðarinnar þegar stórmót eru í gangi og handboltinn, ekkert annað íþróttaefni í sjónvarpi fær jafn mikið áhorf og þegar íslenska landsliðið í handknatleik er að keppa á stórmóti og engin íþrótt nær að þjappa þjóðinni jafn mikið saman og raun ber vitni þegar mikið liggur við. Um þetta eru fjölmörg dæmi og má þar síðast nefna, að þegar íslenska karlalandsliðið í handknattleik atti kappi við það serbneska á Evrópumótinu í Sviss í janúar síðastliðnum var áhorfið á beina útsendingu ríkissjónvarpsins tæp 36 prósent.

Íslenska karlalandsliðið í handknattleik skipar stóran sess í hjörtum okkar íslendinga og ósjaldan er talað um „strákana okkar“ þegar landsliðið ber á góma. Á landsliðinu hafa „allir“ skoðun og þeir eru ófáir „landsliðsþjálfararnir“ í stúkunni eða heima í stofu og er undirritaður engin undantekning þar frá.

Íslenska karlalandsliðið hefur lengi verið í fremstu röð í heiminum og tekið þátt í fjöldanum öllum af stórmótum svo sem heims- og Evrópukeppnum ásamt ólympíuleikum og árangurinn oft á tíðum frábær. En þó að landsliðið hafi verið í fremstu röð í heiminum síðastliðna áratugi hefur staða handboltans á Íslandi ekki verið í samræmi við það.

Handboltinn hefur legið undir nokkurri gagnrýni undanfarin misseri vegna þessa og skoðanir manna ekki allar á einu máli um hverju er að kenna. Sumir fjölmiðlar hafa haft mjög svo ákveðnar skoðanir á þróun handboltans hér á landi og því umhverfi sem hann er í og haft uppi stór orð. Hefur m.a. einn fjölmiðill haldið uppi nokkuð þéttum gagnrýnisskrifum gegn handknattleiknum og stöðu hans og gengið svo langt að það jarðar við ofsóknir og einelti af verstu gerð.

Ekki ætla ég að fara nánar út í það niðurrif né á nokkurn hátt að taka undir þau skrif, enda oft á tíðum óskiljanleg og illa ígrunduð. Hins vegar hef ég sem áhugamaður um handboltann áhyggjur af stöðu hans og tel að illa geti farið ef menn hafa ekki varann á, því þó að handboltinn sé þjóðaríþrótt okkar eins og fyrr segir, þá er ekkert sem segir að svo verði um aldur og ævi. Það er því kominn tími til að menn snúi vörn í sókn.



Á næsta keppnistímabili verða breytingar á keppnisfyrirkomulaginu í handknattleik karla þar sem tekin er upp deildarskipting og tel ég þær breytingar vera af hinu góða. En að breyta eitt og sér er ekki nóg og er gríðarlega mikilvægt að þessum breytingum verði fylgt eftir og vel haldið utan um þær.

Nauðsynlegt er að Handknattleikssambandið, sem er auðvitað ekkert annað en félögin sjálf, og handknattleiksforystan móti til næstu ára stefnu sambandsins og handknattleiksins í heild sinni en þessa stefnumótun hefur klárlega vantað. Huga þarf að meginmarkmiðum handboltans sem og öllum starfsmarkmiðum og fara í stefnumótun sem er öllum sýnileg til næstu ára. Tryggja þarf rekstrarumhverfi þeirra liða sem koma til með að spila í annarri deild (sem og auðvitað hinna) því annars er hætt við að menn hreinlega gefist upp á þeirri leið að koma sér aftur upp í þá fyrstu. Legg ég til að þátttökugjöld þessara liða verði felld niður sem og dómarakostnaður þeirra fyrstu árin. Auka þarf alla markaðsetningu handboltans og félögin að samræma aðgerðir sína með það að leiðarljósi að efla handknattleikinn í heild sinni en ekki eingöngu einstök félög.

Eyrnamerkja þarf ákveðna tekjupósta félaganna og sambandsins til næstu ára þessu markaðsstarfi ( t.d. með „sjónvarpspeningunum“ og tekjum frá aðal styrktaraðila deildanna.) og leita leiða til fá sem besta nýtingu þess fjármagns, handboltanum til heilla. Félögin verða að herða sultarólina enn frekar á meðan og taka til í sínum ranni og halda launagreiðslum leikmanna í algjöru lágmarki. Koma þarf á meiri samræmingu í allri almennri umgjörð félaganna hvað deildarleiki varðar og gera þeim félögum kleift sem hvorutveggja eru með mfl. karla og kvenna að spila heimaleiki sína á sama tíma. Auka þarf kröfur til muna um menntun og hæfni þeirra þjálfara sem starfa í yngri flokkum félaganna og gefa þessum þjálfurum tækifæri á aukinni menntun með því að efla allt fræðslustarf sambandsins en þar er hægt að gera mun betur.

Efniviðurinn er nægur, margir frábærir leikmenn að koma og margir mjög svo efnilegir þjálfarar að stíga fram. Við þurfum að skapa þessum einstaklingum sem og öðrum, ásættanlegt umhverfi sem laðar að, ekki eingöngu iðkendur heldur einnig áhorfendur.

Ástæðan mín með þessum greinarskrifum er ekki á nokkurn hátt að kasta rýrð á það starf sem unnið er nú þegar heldur einfaldlega að fá menn til að snúa betur bökum saman og vinna að því í sameiningu að gera hag handboltans sem mestan. Framundan er ársþing Handknattleikssambandsins og er það von mín að mönnum beri gæfu til að taka á þessum málum sem ein heild til þess að tryggja að handknattleikur verði um ókomna tíð þjóðaríþrótt okkar íslendinga.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

23 24 25 **26** 27 8 29

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 15.00 **Njarðvík** og **KR** mætast í Iceland Express deild karla í körfubolta í Njarðvík.
- 16.15 **Vík/Fjö** og **HK** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Víkinni.
- 20.00 **Haukar** og **ÍR** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Ásvöllum.

### SJÓNVARP

- 07.50 **US PGA Tour** á Sýn. Fréttaþáttur um mótaröðina.
- 18.50 **Players Championship** á Sýn. Útsending frá keppninni frá því í gærkvöldi.
- 12.20 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Middlesbrough** og **Bolton.**
- 07.50 **Liðin á HM** á Sýn. Fréttaþáttur um liðin sem taka þátt á HM í Þýskalandi í sumar.
- 12.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **AC Milan** og **Fiorentina.**
- 14.50 **Iceland Express-deildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Njarðvíkur** og **KR** í úrslitakeppninni.
- 14.50 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Man. Utd.** og **Birmingham.**
- 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Real Madrid** og **Deportivo.**
- 18.50 **Players Championship** á Sýn. Bein útsending frá þessu sterka golfmóti sem oft er nefnt „fimmta stórmótið.“
- 21.15 **Helgarsportið** á Rúv.
- 21.30 **Helgaruppgjör** á Enska boltanum. Farið verður yfir leiki helgarinnar og öll mörkin sýnd.
- 23.20 **Skíðamót Íslands** á Rúv. Samantekt frá mótinu sem fram fór um helgina.

# Karakter hjá Liverpool

**Liverpool komst upp í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær með sannfærandi sigri á Everton þrátt fyrir að hafa verið einum færri stóran hluta leiksins. Chelsea er með 14 stiga forystu á toppnum eftir sigur á Manchester City.**

**FÓTBOLTI** Það var Liverpool sem bar sigur úr býtum í stórleik ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar það lagði erkifjendurna í Everton á Anfield, 3-1, þrátt fyrir að fyrirliðinn Steven Gerrard hafi verið rekinn af velli strax á 18. mínútu leiksins. Liverpool átti sigurinn fyllilega skilinn því þrátt fyrir liðsmuninn var liðið mun meira með boltann og gaf leikmönnum Everton engan grið.

„Rauða spjaldið breytti leiknum því við þurftum að verjast meira. Eftir á að hyggja hentaði það okkur býsna vel,“ sagði Xabi Alonso, miðjumaður Liverpool, eftir leikinn. „Gerrard er svekktur og ósáttur út í sjálfan sig en við unnum leikinn og það skiptir öllu máli,“ bætti Alonso við. Rafa Benitez tileinkaði stuðningsmönnum Liverpool sigurinn. „Þeir voru okkar 11. maður í fjarveru Gerrard,“ sagði hann.



**ALLT VITLAUST** Áhorfendur á Anfield hreinlega ærðust af fögnuði þegar Luis Garcia kom Liverpool í 2-0 í leiknum í gær. Markvörðurinn Jose Reina hljóp yfir endilangan völlinn til að geta tekið þátt í fagnaðarlátunum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**REKINN ÚTAF** Steven Gerrard vissi upp á sig skömmina þegar hann gekk fram hjá stjóra sínum Rafael Benitez í átt að búningsklefunum eftir að hafa fengið rauða spjaldið í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Gerrard fékk tvö glórulaus gul spjöld með mínútu millibili en fram að þeim tíma hafði verið jafnræði með liðunum. En einum færri tóku leikmenn Liverpool öll völd á vellinum og uppskáru mark undir blálok fyrri hálfleiks þegar Phil Neville skoraði sjálfsmark.

Luis Garcia bætti við öðru marki fljótlega í síðari hálfleik eftir snarpa sókn en stundarfjórðungi síðar náði Tim Cahill að jafna metin og hleypti nokkurri spennu í leikinn í ný. En á 73. mínútu fékk Andy van der Meyde, nýkominn inn á sem varamaður hjá Everton, að fjúka útaf fyrir að gefa Xabi Alonso olnbogaskot og eftir það má segja að allur vindur hafi verið úr Everton. Harry Kewell skoraði stórglæsilegt mark á 84. mínútu, gulltryggði sigur Liverpool og kórónaði frábæran leik sinn.

„Þessi sigur var mikið afrek. Það var gríðarlega mikilvægt að við skoruðum fyrsta markið. Það þýddi að við gátum tekið því rólegar og sótt hratt þegar færi gafst. Það skilaði okkur öðru marki og þá var þetta komið,“ sagði Kewell.

Eiður Smári Guðjohnsen lék fyrstu 57. mínúturnar fyrir Chelsea sem bar sigurorð af Man. City á Brúnni. Það var Didier Drogba, félagi Eiðs Smára í framlínunni, sem skoraði bæði mörk Chelsea þegar um stundarfjórðungur lifði eftir af fyrri hálfleik.

Silvain Distin hjá Man. City var rekinn af velli á 45. mínútu en þrátt fyrir að vera manni fleiri allan síðari hálfleikinn náði Chelsea ekki að auka við forskotið. Með sigrinum fór Chelsea upp í 78 stig og hefur það nú 14 stiga forystu á Liverpool sem er í öðru sæti. Manchester United kemur næst með 63 stig en á tvo leiki til góða á Chelsea og þrjá á Liverpool. **- vig**

## ÚR SPORTINU

Thierry Henry hjá Arsenal segir að það verði mjög sérstakt að spila á móti fyrrum liðsfélaga sínum Patrick Vieira, en Juventus kemur í heimsókn á Highbury um miðja viku til að spila fyrri leik liðanna í Meistaradeild Evrópu. „Ég talaði við hann um leið og það var búið að draga og hann sagði: Af hverju endilega Arsenal? Ég sagði við hann að svona væri þetta einfaldlega stundum. Örlögin,“ segir Henry. „Þetta verður mjög sérstakt kvöld fyrir hann.“

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin:*

CHELSEA - MAN. CITY 2-0
1-0 Didier Drogba (30.), 2-0 Didier Drogba (33.).
**Eiður Smári Guðjohnsen** lék fyrstu 57. mínúturnar fyrir Chelsea.

LIVERPOOL - EVERTON 3-1
2-0 Luis Garcia (47.), 2-1 Tim Cahill (61.), 3-1 Harry Kewell (84.).

SUNDERLAND - BLACKBURN 0-1
0-1 Steven Reid (15.).

WIGAN - WEST HAM 1-2
1-0 Lee McCulloch (46.), 1-1 Marlon Harewood (52.), 1-2 Nigel Reo-Coker (93.).

FULHAM - ASTON VILLA 0-0
**Heiðar Helguson** var ekki í hópnum hjá Fulham.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **31** | **25** | **3** | **3** | **60-19** | **78** |
| LIVERPOOL | 32 | 19 | 7 | 6 | 45-22 | 64 |
| **MAN. UTD** | **29** | **19** | **6** | **4** | **58-29** | **63** |
| TOTTENHAM | 30 | 14 | 10 | 6 | 43-28 | 52 |
| **BLACKBURN** | **31** | **16** | **4** | **11** | **42-36** | **52** |
| ARSENAL | 30 | 15 | 5 | 10 | 48-23 | 50 |
| **BOLTON** | **28** | **13** | **9** | **6** | **39-28** | **48** |
| WIGAN | 31 | 14 | 4 | 13 | 36-38 | 46 |
| **WEST HAM** | **30** | **13** | **6** | **11** | **46-45** | **45** |
| EVERTON | 31 | 13 | 4 | 14 | 29-41 | 43 |
| **MAN. CITY** | **31** | **12** | **4** | **15** | **39-37** | **40** |
| NEWCASTLE | 30 | 11 | 6 | 13 | 30-35 | 39 |
| **CHARLTON** | **30** | **11** | **6** | **13** | **34-41** | **39** |
| FULHAM | 32 | 10 | 6 | 16 | 40-51 | 36 |
| **ASTON VILLA** | **31** | **8** | **11** | **12** | **34-41** | **35** |
| M´BROUGH | 29 | 9 | 7 | 13 | 39-49 | 34 |
| **WBA** | **30** | **7** | **6** | **17** | **27-45** | **27** |
| BIRMINGHAM | 29 | 6 | 6 | 17 | 23-41 | 24 |
| **PORTSMOUTH** | **30** | **6** | **6** | **18** | **24-51** | **24** |
| SUNDERLAND | 31 | 2 | 4 | 25 | 19-55 | 10 |

### *Enska meistaradeildin*

BRIGHTON - LUTON 1-1
CREWE - COVENTRY 4-1
DERBY - CRYSTAL PALACE 2-1
IPSWICH - HULL CITY 1-1
LEICESTER - READING 1-1
**Jóhannes Karl Guðjónsson** lék allan leikinn fyrir Leicester en hjá Reading lék **Ívar Ingimarsson** allan leikinn og **Brynjar Björn Gunnarsson** fyrstu 60. mínúturnar.

SHEFF. UTD. - SOUTHAMPTON 3-0
WATFORD - MILLWALL 0-2
WOLVES - SHEFFIELD WEDNESDAY 1-3
LEEDS - STOKE 0-0
**Hannes Sigurðsson** lék síðari hálfleikinn fyrir Stoke.

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **READING** | **40** | **27** | **11** | **2** | **82-26** | **92** |
| SHEFF. UNITED | 40 | 23 | 9 | 8 | 68-41 | 78 |
| ----- | | | | | | |
| **WATFORD** | **40** | **20** | **12** | **8** | **70-46** | **72** |
| LEEDS | 40 | 20 | 12 | 8 | 54-33 | 72 |
| **C. PALACE** | **40** | **19** | **10** | **11** | **60-41** | **67** |
| PRESTON | 39 | 14 | 19 | 6 | 48-28 | 61 |
| ----- | | | | | | |
| **WOLVES** | **40** | **14** | **17** | **9** | **44-34** | **59** |
| CARDIFF | 40 | 16 | 11 | 13 | 52-45 | 59 |
| **NORWICH** | **40** | **15** | **8** | **17** | **49-57** | **53** |

### *Þýska úrvalsdeildin*

1. KÖLN - FRANKFURT 1-1
**1-0 Christian** Springer (2.), 1-1 Marko Rehmer (16.).

MAINZ - HERTHA BERLIN 2-2
**0-1 Marko** Pantelic (41.), 1-1 Michael Thurk (52.), 2-1 Conor Casey (78.), 2-2 Marko Pantelic (89.).

HAMBURGER - DORTMUND 2-4
**0-1 Ebi** Smolarek (25.), 1-1 Benjamin Lauth (35.), 2-1 Ailton (67.), 2-2 Tomas Rosicky (68.), 2-3 Florian Kringe (83.), 2-4 Tomas Rosicky (94.).

DUISBURG - BAYERN MÜNCHEN 1-3
**1-0 Abdelaziz** Ahanfouf (40.), 1-1 Hasan Salihamidzic (66.), 1-2 Roy Makaay (71.), 1-3 Claudio Pizarro (80.).

SCHALKE - WOLFSBURG 2-2
**1-0 Kevin** Kuranyi (7.), 1-1 Rick Hoogendorp (29.), 2-1 Lincoln (67.), 2-2 Christopher Lamprecht (76.).

STUTTGART - LEVERKUSEN 0-2
**0-1 Paul** Freier (30.), 0-2 Dimitar Berbatov (88.).

WERDER BREMEN - HANNOVER 5-0
**1-0 Nelson** Valdez (43.), 2-0 Johan Micoud (47.), 3-0 Nelson Valdez (52.), 4-0 Miroslav Klose (53.), 5-0 Nelson Valdez (82.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BAYERN** | **27** | **20** | **5** | **2** | **54-20** | **65** |
| HAMBURGER | 27 | 17 | 5 | 5 | 43-22 | 56 |
| **W. BREMEN** | **27** | **16** | **5** | **6** | **61-32** | **53** |
| SCHALKE | 27 | 14 | 10 | 3 | 39-23 | 52 |
| **H. BERLIN** | **27** | **9** | **10** | **8** | **40-37** | **37** |
| DORTMUND | 27 | 9 | 10 | 8 | 35-32 | 37 |
| **STUTTGART** | **27** | **7** | **15** | **5** | **28-25** | **36** |

Reading er komið upp í úrvalsdeildina:

# Draumurinn rættist

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðið Reading, með þá Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson í broddi fylkingar, tryggði sér í gær sæti í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu eftir 1-1 jafntefli gegn Jóhannesi Karli Guðjónssyni og félögum hans í Leicester.

„Þetta hefur verið algjör draumaferð hjá okkur, draumurinn byggist algjörlega á mikilli vinnu og frábærum leikmönnum. Við erum með lítið lið sem gerir allt fyrir klúbbinn og þetta hefur verið frábært ár hjá okkur,“ sagði Steve Coppell, stjóri Reading, sigurreifur í gær. „Ef ég á að vera hreinskilinn þá höfum við verið að einbeita okkur að úrvalsdeildinni undanfarinn mánuð eða svo. Við höldum áfram að vinna að því á mánudaginn. Þetta er helber snilld, ég vildi að mér gæti liðið svona oftar,“ sagði Coppell að lokum.

- hþh



**STEVE COPPELL** Fagnaði ákaft í leikslok í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta:

# Stúdínur jöfnuðu metin á heimavelli

**KÖRFUBOLTI** Ekki fékkst úr því skorið hverjir verða andstæðingar Keflavíkur í úrslitarimmu Iceland Express-deildar kvenna í gær því Stúdínur unnu öruggan sigur á Haukastúlkum í öðrum undanúrslitaleik liðanna í Kennaraháskólanum í gær, 83-71.

Sigur ÍS var mun öruggari en tölurnar gefa til kynna því þær náðu yfir 20 stiga forystu um tíma í síðari hálfleik og voru með leikinn algjörlega í höndunum eftir góðan leikkafla í 2. leikhluta, en hann vann ÍS með 11 stigum og lagði grunninn að því forskoti sem liðið hafði í leiknum.

„Við gerðum okkur grein fyrir því að varnarleikur okkar í fyrri hálfleik í fyrsta leiknum var mjög góður og við ákváðum að byggja á honum í dag. Við náðum að spila frábæra vörn allan leikinn auk þess sem sóknarleikurinn var mjög góður. Þegar svo er verðum við ekki auðsigraðar,“ sagði Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, við Fréttablaðið eftir leikinn.

Það sem gerir sigur ÍS enn athyglisverðari er að liðið var án Mariu Conlon stærstan hluta síðari hálfleiks eftir að hún meiddist á ökkla og er ekki víst hvort hún verði orðin klár fyrir oddaleikinn á miðvikudag. Þá var Signý Hermannsdóttir í villuvandræðum og lék ekkert með síðustu 12 mínútur leiksins, en þær tvær eru lykilmenn ÍS.

„Það sýnir að við erum með stóran og sterkan hóp sem getur vel ráðið við Hauka. Ég sagði það eftir fyrsta leikinn að að við myndum vinna næstu tvo og ég stend við það,“ sagði Ívar að lokum.

Þórunn Bjarnadóttir átti mjög góðan leik fyrir ÍS í gær og skoraði 20 stig og þá var Maria drjúg á meðan hennar naut við og skoraði 16 stig. Hjá Haukum voru Helena Sverrisdóttir og Maria Conlon þær einu með meðvitund og skoruðu samtals 49 af stigum Hauka.

- vig




# Eyjastúlkur komnar með aðra höndina á titilinn

**Eftir 28-25 sigur Vals á Haukum í DHL-deild kvenna í gær er fátt sem getur komið í veg fyrir að ÍBV hampi Íslandsmeistaratitlinum. ÍBV vann Gróttu í gær, 28-22.**

**HANDBOLTI** Tap gegn HK í síðustu umferð DHL-deildar kvenna er það eina sem getur komið í veg fyrir að ÍBV hampi Íslandsmeistaratitlinum í ár, en tap Hauka gegn Val í gær gerði það að verkum að Eyjastúlkur náðu efsta sæti deildarinnar og standa með pálmann í höndunum fyrir lokaumferðina þann 1. apríl nk. Ef allt er eðlilegt eiga Eyjastúlkur ekki að vera í neinum vandræðum með að leggja HK af velli, enda staða liðanna í deildinni afar ólík.

„Okkar möguleikar eru úr sögunni. ÍBV er orðið meistari, ég held að það sé ekki spurning,“ sagði hundfúll Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka, eftir tapið gegn Valsstúlkum í Höllinni í gær. Valur sigraði að lokum, 28-25, í sveiflukenndum leik þar sem Berglind Íris Hansdóttir reið baggamuninn á lokamínútunum. Hún setti í lás þegar um 10 mínútur voru eftir og á þeim tíma náðu Haukar aðeins að skora eitt mark,

„Á einhvern óskiljanlegan hátt hentum þessu frá okkur eftir að hafa náð þriggja marka forystu í síðari hálfleik. Það bilaði allt hjá okkur,“ sagði Guðmundur. Haukar höfðu verið undir nánast allan fyrri hálfleik, mest fimm mörkum, en náðu í upphafi síðari hálfleiks að komast í 16-14 forystu eftir að hafa verið 14-10 undir lok fyrri hálfleiks. Valsstúlkur náðu fljótlega að jafna eftir það og var síðan jafnt á öllum tölum þar til Berglind hrökk í gang eins og áður segir.

Ágústa Edda Björnsdóttir skoraði níu mörk og dró vagninn fyrir Val ásamt Öllu Georgijsdóttur en sú síðarnefnda skoraði átta mörk. Hjá Haukum var Ramune Pekarskyte sú eina sem eitthvað kvað að í sóknarleiknum en hún skoraði 13 mörk í öllum regnbogans litum.

- vig



**ÁGÚSTA EDDA BJÖRNSDÓTTIR** Átti frábæran leik fyrir Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.




Ólafur Stefánsson í viðtali við þýska sjónvarpsstöð:

# Munaði litlu að ég færi aftur til Þýskalands

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ólafur Stefánsson og félagar hans í spænska liðinu Ciudad Real mæta Flensburg í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í handbolta í dag. Leikurinn í dag fer fram á Spáni en þýskir fjölmiðlar hafa engu að síður sýnt honum nokkurn áhuga. Það er ekki síst vegna þess að Ólafur er í liði Ciudad, en hann er vel þekktur í Þýskalandi eftir langa dvöl með Magdeburg og áður Wuppertal þar í landi.

Í viðtali við Sport 1, helstu íþróttasjónvarpsstöðvar Þýskalands, segir Ólafur meðal annars frá því hvað það mátti litlu muna að hann hefði snúið aftur í þýska handboltann í fyrra. „Ég var með tilboð frá Hamborg og Gummersbach og velti mikið fyrir mér að fara aftur til Þýskalands. En ég gerði það ekki og nú er allt breytt hér á Spáni. Börnunum líður vel, ég er ánægður og hér vil ég vera áfram,“ segir Ólafur og þakkar ekki síst Talant Dusebajev, þjálfara Ciudad, þá uppstokkun sem hefur átt sér stað í herbúðum liðsins í ár.

„Áður fyrr komu leikmenn til Ciudad aðeins vegna peninganna. Nú erum við að fá leikmenn vegna þess að þeir vilja vera í mögnuðu liði,“ útskýrir Ólafur. „Áður en Dusebajev tók við vorum við einstaklingar að spila fyrir sjálfa okkur. Nú erum við loksins orðnir að liði. Ég lít ekki á mig sem neina stjörnu eða lykilmann. Ég er einfaldlega hluti af sterkri liðsheild,“ segir Ólafur við Sport 1.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON LEIKMAÐUR CIUDAD**

Möguleikar Ciudad á spænska meistaratitlinum eru svo gott sem úr sögunni og því er lögð mikil áhersla á að vinna Meistaradeildina. Ólafur segir að lið Flensburg sé eitt það allra sterkasta í heimi og að það verði mjög erfið hindrun að yfirstíga. „Flensburg er gríðarlega öflugt varnarlið og beitir stórhættulegum hraðaupphlaupum. Þeir eiga síðari leikinn á heimavelli sem er mikill bónus og þess vegna er mjög mikilvægt að við náum góðum úrslitum hér á Spáni,“ sagði Ólafur.

Þess má geta að hægt er að horfa á leikinn í beinni útsendingu á heimasíðu evrópska handknattleikssambandsins, eurohandball.com.

- vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kk:*

| KEFLAVÍK-SKALLAGRÍMUR | 97-82 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** A.J. Moye 26, Magnús Gunnarsson 17, Jón Hafsteinsson 15, Vlad Boer 12, Halldór Örn Halldórsson 9, Sverrir Þór Sverrisson 7, Gunnar Stefánsson 6, Gunnar Einarsson 3, Arnar Freyr Jónsson 2.

**Stig Skallagríms:** George Byrd 31, Jovar Idrawewski 17, Axel Kárason 9, Pétur Sigurðsson 9, Pálmi Sævarsson 8, Dimitar Karvaladze 5, Hafþór Gunnarsson 3.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Keflavík.*

### *Iceland Express-deild kvk:*

| ÍS-HAUKAR | 83-71 |
|---|---|

**Stig ÍS:** Þórunn Bjarnadóttir 20, Maria Conlon 16, Lovísa A. Guðmundsdóttir 11, Stella R. Kristjánsdóttir 11, Hanna Kjartansdóttir 9, Helga Þorvaldsdóttir 7, Signý Hermannsdóttir 6, Helga Jónasdóttir 3.

**Stig Hauka:** Megan Mahoney 26, Helena Sverrisdóttir 23, Pálína M. Gunnlaugsdóttir 12, Sigrún S. Ámundadóttir 3, Ösp Jóhannsdóttir 3, Unnur T. Jónsdóttir 2, Kristrún Sigurjónsdóttir 2.

*Staðan í einvíginu er 1-1.*

### *DHL-deild karla:*

| VALUR-KA | 30-26 |
|---|---|

**Mörk Vals:** Hjalti Pálmason 9, Davíð Höskuldsson 8, Mohamed Latoufi 7, Ingvar Árnason 2, Sigurður Eggertsson 1, Elvar Friðriksson 1, Þórir Júlíusson 1, Kristján Þór Karlsson 1.

**Mörk KA:** Goran Gusic 12, Ólafur Sigurgeirsson 6, Magnús Stefánsson 5, Nikolaj Jankovic 2, Elfar Halldórsson 1.

| AFTURELDING-ÍBV | 31-25 |
|---|---|

**Mörk Aftureldingar:** Einar Ingi Hrafnsson 10, Hrafn Ingvarsson 9, Hilmar Stefánsson 4, Aleksejs Kuzmins 3, Ásgeir Jónsson 2, Jens Ingvarsson 1, Einar Hrafn Arnarsson 1, Magnús Einarsson 1.

**Mörk ÍBV:** Ólafur Víðir Ólafsson 7, Sigurður Bragason 6, Michal Dostalik 4, Mladen Cacic 4, Erlingur Richardsson 2, Jan Vitipil 2.

| FRAM-SELFOSS | 34-25 |
|---|---|

**Mörk Fram:** Guðjón Drengsson 14, Sigfús Sigfússon 8.

*Ekki fengust upplýsingar um aðra markaskorara áður en blaðið fór í prentun í gær.*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 22 | 17 | 2 | 3 | 643-577 | 36 |
| **HAUKAR** | **21** | **16** | **1** | **4** | **647-581** | **33** |
| VALUR | 22 | 15 | 2 | 5 | 661-602 | 32 |
| **FYLKIR** | **22** | **13** | **2** | **7** | **605-547** | **28** |
| STJARNAN | 22 | 12 | 4 | 6 | 634-602 | 28 |
| **HK** | **21** | **10** | **2** | **9** | **606-591** | **22** |
| ÍR | 21 | 9 | 3 | 9 | 668-645 | 21 |
| **FH** | **22** | **9** | **2** | **11** | **606-613** | **20** |
| KA | 22 | 8 | 3 | 11 | 606-622 | 19 |
| **AFTURELDING** | **22** | **7** | **4** | **11** | **560-580** | **18** |
| ÍBV | 22 | 7 | 2 | 13 | 628-679 | 16 |
| **ÞÓR** | **22** | **4** | **4** | **14** | **615-669** | **12** |
| VÍK/FJÖ | 22 | 5 | 1 | 15 | 578-646 | 11 |
| **SELFOSS** | **22** | **3** | **2** | **16** | **592-695** | **8** |

### *DHL-deild kvenna:*

| VALUR-HAUKAR | 28-25 |
|---|---|

**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 9, Alla Georgijsdóttir 8, Arna Grímsdóttir 5, Drífa Skúladóttir 4, Rebekka Skúladóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1.

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 13, Ragnheiður Guðmundsóttir 3, Guðbjörg Guðmundsdóttir 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 2, Martha Hermannsdóttir 1, Harpa Melsteð 1, Helga Torfadóttir 1.

| KA/ÞÓR-FRAM | 26-30 |
|---|---|

**Mörk KA/Þórs:** Jurgita Markevicinte 10, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 6, Guðrún Linda Guðmundsóttir 4, Guðrún Tryggvadóttir 3, Þórdís Sigurbjörnsdóttir 1, Erla Tryggvadóttir 1, Jóhanna Tryggvadóttir 1.

**Mörk Fram:** Annett Köbli 10, Hildigunnur Erlingsdóttir 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Þórey Stefánsdóttir 4, Sigurbjörn Jóhannsdóttir 3, Hildur Kristinsdóttir 2, Sara Sigurðardóttir 1, Guðrún Halldórsdóttir 1.

| VÍKINGUR-STJARNAN | 19-30 |
|---|---|

**Mörk Víkings:** Helga Guðmundsdóttir 5, Ásta Agnarsdóttir 5, Anna Árnadóttir 2, Natasha Damlianowic 2, Hekla Daðadóttir 1, Þórhildur Björnsdóttir 1, Sigrún Brynjólfsdóttir 1, Gyða Mjöll Ingólfsdóttir 1, Andrea Olsen 1.

**Mörk Stjörnunnar:** Elísabet Gunnarsdóttir 9, Sólveig Lára Kjærnested 5, Elsa Rut Óðinsdóttir 4, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4, Elzbieta Kowal 2, Kristín Clausen 2, Anna Einarsdóttir 1, Harpa Sif Eyjólfsdóttir, Tamara Archia, Kristín Guðmundsdóttir 1.

| ÍBV-GRÓTTA | 28-22 |
|---|---|
| FH-HK | 33-34 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍBV | 17 | 14 | 1 | 2 | 447:372 | 29 |
| **VALUR** | **17** | **14** | **0** | **3** | **474:394** | **28** |
| HAUKAR | 17 | 14 | 0 | 3 | 522:442 | 28 |
| **STJARNAN** | **17** | **12** | **1** | **4** | **452:386** | **25** |
| FH | 17 | 9 | 0 | 8 | 457-427 | 18 |
| **HK** | **17** | **6** | **1** | **10** | **466-505** | **13** |
| GRÓTTA | 17 | 6 | 0 | 11 | 392:425 | 12 |
| **FRAM** | **17** | **4** | **0** | **13** | **414:473** | **8** |
| VÍKINGUR | 17 | 2 | 1 | 14 | 370-466 | 5 |
| **KA/ÞÓR** | **17** | **2** | **0** | **15** | **401:505** | **4** |

### *EHF-keppnin í handbolta:*

| GUMMERSBACH-LEMGO | 27-29 |
|---|---|

**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 7/3 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** 1 en hjá Lemgo skoraði **Logi Geirsson** 1 mark en **Ásgeir Örn Hallgrímsson** komst ekki á blað.

# Skallagrímsmenn ætluðu sér um of

**Keflavík hefur tekið forystu í einvíginu gegn Skallagrímsmönnum um sæti í úrslitarimmunni um Íslandsmeistaratitilinn. Keflavík vann fyrsta leik sinn á heimavelli, 97-82, í skemmtilegum leik.**



**BESTU MENN VALLARINS Í GÆR** A.J Moye, leikmaður Keflavíkur, sækir hér að körfu Skallagrímsmanna. Honum til varnar er George Byrd. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar léku mjög vel í fyrsta leikhlutanum, bæði í vörn og sókn. Þeir hittu vel úr skotunum í sókninni og spiluðu frábæra pressuvörn á gestina sem áttu aðeins eitt ráð inni. Það var George Byrd sem Keflvíkingar réðu illa við þegar hann tók til kastanna og óð að körfunni. Byrd var í miklum ham og skoraði sautján stig í fyrri hálfleik og var illviðráðanlegur fyrir heimamenn.

Baráttan hélt áfram í öðrum leikhluta en gestirnir létu dómgæsluna fara mikið í taugarnar á sér, og var sú gagnrýni réttlætanleg á tímum. Keflvíkingar náðu upp góðu forskoti með góðri skotnýtingu í bland við mistök gestanna sem köstuðu boltanum frá sér á ögurstundum. Jovar Idrawewski hélt gestunum inni í leiknum með fimmtán stigum í öðrum leikhluta og gestirnir náðu að brúa bilið á ný og komu forystu Keflvíkinga niður í níu stig, 55-46 þegar blásið var til hálfleiks.

Síðari hálfleikur lofaði góðu strax frá upphafi. Borgnesingar spýttu í lófana og komust nálægt Keflvíkingum, þó aldrei nær en fjórum stigum þrátt fyrir tækifæri til að komast enn nær. Að loknum þriðja leikhluta var staðan 73-65, heimamönnum í vil og í hönd fór æsandi fjórði leikhluti.

Gestirnir náðu að minnka muninn í tvö stig í fjórða leikhluta en fóru síðan fram úr sjálfum sér. Þeir fengu nokkur tækifæri til að jafna og reyndu ítrekað þriggja stiga skot til að koma sér yfir en það gekk einfaldlega ekki. Keflvíkingar skoruðu sín stig og þéttu forystu sína sem varð gestunum að ofurliði að lokum en heimamenn fóru með 97-82 sigur af hólmi.

„Við spiluðum betur en þeir í þessum leik heilt yfir, við slökuðum aðeins á í öðrum leikhluta en höfðum þetta undir lokin. Skallagrímur er með gott lið, þeir sýndu það þegar þeir sópuðu Grindavík," sagði Magnús Gunnarsson leikmaður Keflavíkur sem skoraði sautján stig í leiknum.

Eftir að hafa skorað eina þriggja stiga körfuna ögraði hann Val Ingimundarsyni, þjálfara Skallagríms með léttu látbragði. „Hann byrjaði. Þú abbast ekkert upp á mig, hvað þá á heimavelli." sagði Magnús, léttur að vanda í leikslok.

Valur, þjálfari Skallagríms, var greinilega ósáttur við dómarana ef marka má látbrögð hans á hliðarlínunni í leiknum. „Ég er ekki ósáttur við neitt hjá okkur í þessum leik. Ég þarf ekki að tjá mig neitt sérstaklega um þetta en það er greinilegt að menn geta komist upp með ýmislegt í úrslitakeppninni. En við látum þetta ekkert á okkur fá og erum staðráðnir í að taka þá í næsta leik og komast svo í úrslitin," sagði Valur að lokum. **hjalti@frettabladid.is**




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I don't think that there's anything worse than being ordinary."**

**Svar:** Angela úr kvikmyndinni American Beauty frá árinu 1999.

# dagskrá

## Í TÆKINU: ASHTON KUTCHER LEIKUR Í PUNK'D Á STÖÐ 2 KLUKKAN 17.20

# *Handtekinn fyrir að stela úr sjálfsala*



Christopher Ashton Kutcher fæddist í Iowa í Bandaríkjunum árið 1978. Hann á eldri systur og tvíburabróðurinn Michael sem hlaut heilaskaða í æsku og var gefið nýtt hjarta nokkrum árum síðar. Ashton ólst upp á sveitabæ og á unglingsárum starfaði hann við skúringar. Í menntaskóla tók hann þátt í hverju einasta skólaleikriti sem sett var upp. Honum var vísað úr skólanum fyrir að drekka áfengi undir lögaldri og var handtekinn 18 ára gamall fyrir að brjótast inn í skólann ásamt vini sínum og stela peningi úr sjálfsala.

Ashton lærði við háskólann í Iowa með áherslu á lífefnaverkfræði. Árið 1997 hætti hann í skólanum til að reyna fyrir sér sem fyrirsæta og var þá beðinn um að nota nafnið Ashton þar sem margar fyrirsætur hétu Chris.

Fyrirsætuferillinn gekk vel og Ashton ákvað að reyna fyrir sér í Hollywood. Móðir hans bað hann hins vegar um að koma heim og ljúka skóla sem hann og gerði. Mánuði síðar sat Ashton á bar í Iowa þegar honum var boðið hlutverk í sjónvarpsseríunni That's 70's Show. Hún varð eins og flestum er kunnugt mjög vinsæl.

Í dag hefur Ashton leikið í fjölda mynda og árið 2003 byrjaði hann með leikkonunni Demi Moore. Þau giftust tveimur árum síðar og hafa verið saman síðan.



▶ 21.40 *Kvikmyndir*

BOLLYWOOD/HOLLYWOOD



▶ 20.35 *Spenna*

COLD CASE



▶ 20.00 *Gaman*

AMERICAN DAD



▶ 20.25 *Gaman*

YES, DEAR



▶ 16.50 *Fótbolti*

REAL MADRID – DEPORTIVO

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut (15:26) **8.28** Brummi (17:26) **8.40** Hopp og hí Sessamí **9.06** Stjáni **9.29** Sígildar teiknimyndir **9.36** Líló og Stitch (65:65) **9.58** Gæludýr úr geimnum (2:26) **10.20** Latibær **10.50** Spaugstofan **11.15** Skíðamót Íslands (3:4) **11.35** Gleymdu börnin í Bólivíu

**12.20** Nornir – Galdrar og goðsagnir (1:3) **13.05** Græna herbergið (4:6) **13.45** Scorsese um Scorsese **14.45** Skrifstofan **15.30** Skrifstofan **16.25** Dúkkulíf **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.28** Geimálfurinn Gígur (3:12)

**18.40 Marcinek** (Marcinek)Pólsk barnamynd.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Króníkan (19:20)** (Krøniken)Danskur myndaflokkur sem segir frá fjórum Dönum á 25 ára tímabili.
**21.15 Helgarsportið**
▶ **21.40 Bollywood/Hollywood** (Bollywood/Hollywood)Kanadísk bíómynd frá 2002 um ungan og ríkan mann sem er orðinn þreyttur á afskiptum mömmu sinnar og ömmu af ástamálum sínum og ræður fylgdarstúlku til að koma fram sem unnusta hans. .

**23.20** Skíðamót Íslands (4:4) **23.40** Kastljós **0.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Oobi **7.20** Myrkfælnu draugarnir **7.35** Tiny Toons **8.00** Töfravagninn **8.25** Engie Benjy **8.40** Noddy **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Ginger segir frá **9.30** Nornafélagið **9.55** Hjólagengið **10.20** Sabrina – Unglingsnornin **10.45** Hestaklúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar (8:22) **11.35** Home Improvement 4

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **16.50** Absolutely Fabulous (7:8) **17.20** Punk'd (5:8) (e) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10 Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**20.00 Sjálfstætt fólk**
▶ **20.35 Cold Case (2:23)** (Óupplýst mál)(Promise)Lilly tekur upp rannsókn á dauða háskólanema sem átti við offituvandaað stríða. Á stúlkan að hafa látist af slysförum í eldsvoða en við nánari grennslanirviðist ljósmynd sem hún tók á farsíma skömmu fyrir dauða sinn benda til annars.Bönnuð börnum.
**21.20 Twenty Four (9:24)** (24 ) Stranglega bönnuð börnum.
**22.05 Rome (9:12)** (Rómarveldi)(Utica)Eftir að hafa sigrað Kató snýr Sesar aftur til Rómar sigri hrósandi og fær höfðinglegar móttökur. Á meðan lenda Vorenus og Pulló í æsileguuppgjöri við fautann Erastes. Bönnuð börnum.

**23.00** Idol – Stjörnuleit **0.30** Idol – Stjörnuleit **1.00** Life on Mars **1.50** Cheats (B. börnum) **3.20** Cheech and Chong's Next Movie (Str. b. börnum) **4.55** Cold Case **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.30** Fashion Television (e) **18.00** Idol extra 2005/2006 (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.10 Friends (21:24)**
**19.35 Friends (22:24)**
▶ **20.00 American Dad (4:16)**
**20.30 The War at Home (e)** (It's A Living)Vicky bætir við sig vinnu og Dave er hæstánægður með það þar til Vicky hættirað hafa tíma til að hugsa um heimilið.
**21.00 My Name is Earl (e)** (Barn Burner)Earl reynir að bæta upp fyrir það að hafa brennt hlöðu til kaldra kola þegar hann var yngri.
**21.30 Invasion (11:22) (e)** (Us Or Them)Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar.
**22.15 Reunion (10:13) (e)** (1995)

**23.00** X-Files (e) **23.45** Smallville (e)

## SKJÁREINN

**11.15** Fasteignasjónvarpið (e)

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Homes with Style (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00 Top Gear**
**19.50 Katla og Kötluvá**
**20.00 Less than Perfect**
▶ **20.25 Yes, Dear** Jimmy, Greg og Kim hafa áhyggjur þegar Christine fer að missa hárið og senda hana til læknis. Læknirinn segir Christine þjást af streitu og segir henni að hreyfa sig meira.
**20.45 According to Jim** Gracie er stafsetningarsnillingur. Jim er rosalega stoltur af stelpunni sinni en það breytist þó þegar hann kemst að því að hann þarf að keyra hana um allt land til þess að hún geti keppt í stafsetningu.
**21.15 Boston Legal** Í Boston Legal sjá áhorfendur heim laganna á nýjan hátt.
**22.10 Threshold** Æsispennandi þáttaröð um Dr. Molly Caffrey sem hefur þann starfa að gera áætlanir um viðbrögð við ófyrirséðum ógnum við öryggi Bandaríkjanna.

**23.00** Katla og Kötluvá (e) **23.10** St. Elmo's Fire **0.55** C.S.I. (e) **1.50** Sex and the City (e) **3.20** Cheers – 10. þáttaröð (e) **3.45** Fasteignasjónvarpið (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

besta sætið

**7.55** US PGA Tour 2005 – Highlights **8.50** Gillette World Sport 2006 **9.20** US PGA Tour 2005 – Bein útsending

**12.20** Destination Germany **12.50** Ítalski boltinn (AC Milan – Fiorentina)**14.50** Iceland Expressdeildin ▶**16.50** Spænski boltinn (Real Madrid – Deportivo)Bein útsending.

**18.50 US PGA Tour 2005 – Bein útsending** (The Players Championship)

**23.30** Iceland Expressdeildin

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Martins **8.00** Head of State **10.00** City Slickers **12.00** Gosford Park **14.15** The Martins **16.00** Head of State **18.00** City Slickers **20.00 Gosford Park** McCordle-fjölskyldan býður til mannfagnaðar ásveitasetri sínu í Englandi árið 1932. **22.15 2 Fast 2 Furious** (Ofvirk og óttalaus 2) Bönnuð börnum. **0.00** Rules of Attraction (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Dog Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** 2 Fast 2 Furious (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** Reese Witherspoon: Hollywood's Golden Girl **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Gastineau Girls **18.00** Superstar Weddings Gone Bad **18.30** Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad **19.00** Hollywood Baby Boom 2 **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Gastineau Girls **21.30** **22.00** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Wild On Tara **0.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**10.20** Portsmouth – Arsenal frá 25.03 **12.20** Middlesbrough – Bolton (b) **14.50** Man. Utd. – Birmingham (b) **17.15** Middlesbrough – Bolton

**19.30 Wigan – West Ham frá 25.03** Leikur sem fór fram í gær.
**21.30 Helgaruppgjör**
**22.30 Helgaruppgjör (e)**

**23.30** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Kompás** **Stöð 2, NFS, kl. 19.10**

## *Offita, niðurhal og Steingrímur J.*



***Jóhannes Kr. Kristjánsson tekur á alvarlegum málum.***

Í þessum íslenska fréttaskýringaþætti tekur Jóhannes Kr. Kristjánsson fyrir þrjú mál í kvöld. Fyrsta málið á dagskrá er offita sem er aðkallandi vandamál í íslensku samfélagi og dýrkeypt. Hvað er til ráða? Þarf að efla forvarnir? Hvaða meðferðarúrræði eru fyrir hendi? Næsta mál á dagskrá er síaukið niðurhal á kvikmyndum og sjónvarpsefni af netinu, þróun sem veldur kvikmyndahúsum, sjónvarpsstöðvum og myndbandaleigum miklum áhyggjum. Loks verður Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður heimsóttur.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 2 | | 3 | | | 4 |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| 3 | | 2 | | | 9 | | | |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | | | 3 | | 5 |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 8 | | | 1 | | 5 | | | |
| 6 | | | | 2 | | | | 9 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 |
| 9 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |



▶ **11.00**
*Spjall*

ÞETTA FÓLK

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku
▶ **11.00** Þetta Fólk með Höllu Gunnarsdóttur

**12.00** Hádegisfréttir/íþróttafréttir/veðurfréttir/leiðarar blaðanna **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir/veður

**18.30 Kvöldfréttir/veður**
**19.10 Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**20.00 Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00 Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**22.35 Veðurfréttir og íþróttir/veður**

**23.05** Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **11.00** Guðsþjónusta

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor **13.45** Fiðla Mozarts **14.10** Söngvamál **15.00** Sögumenn: Ég var ofvirk og dansandi **18.26** Seiður og hél **19.00** Afsprengi

**19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Í deiglunni **22.30** Leikhúsmýslan **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Þorgeir Ástvaldsson sló í gegn sem Toggi í Tempó og var þáttastjórnandi sjónvarpsþáttarins Skonrokks. Hann var fyrsti forstöðumaður Rásar 2 þegar hún fór í loftið 1. desember 1983 og rödd hans hefur hljómað nær óslitið síðan útvarpsstöðin hóf útsendingar sínar fyrir 20 árum síðan. Þorgeir stendur á þeim merku tímamótum að hafa starfað í útvarpi í heil 30 ár.

TOGGI Í TEMPÓ
Þorgeir Ástvaldsson hjá Jóni Ársæli í kvöld kl. 20:00











GOTT FÓLK McCANN



## HRÓSIÐ

*...fær Kevin Reynolds fyrir að leggja góðu málefni lið en hann er staddur hér á landi vegna sýningar til styrktar samtökunum Einn af fimm sem vilja vekja athygli á þeirri staðreynd að einn af hverjum fimm þjáist af þunglyndi.*

## HIN HLIÐIN ARNA EYJÓLFSDÓTTIR HÁRGREIÐSLUKONA OG SIGURVEGARI INTERCOIFFURE JUNIOR

# *Flokka mig ekki sem gaflara*

**Hvað er að frétta?** Ég var að taka þátt í Intercoiffure Junior-keppninni og mér til mikillar gleði vann ég hana. Ég vinn síðan sem hárgreiðslunemi á Carmen í Hafnarfirði.

**Augnlitur?** Brúnn og grænn.

**Starf?** Í starfsnámi ásamt ýmsu öðru.

**Fjölskylduhagir?** Einstök.

**Hvaðan ertu?** Hef búið lengi í Hafnarfirði en flokka mig ekki sem gaflara.

**Ertu hjátrúarfull?** Svona bæði og.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** Sex & the City.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur?** Enginn sérstakur.

**Uppáhaldsmatur?** Lasagna með grænmeti.

**Fallegasti staður?** Borgarfjörður.

**ipod eða geislaspilari?** Ég myndi velja ipod en ég á þó ekki einn slíkan.

**Hvað er skemmtilegast?** Vera í fríi og geta gert það sem mann langar.

**Hvað er leiðinlegast?** Það er að komast aldrei í frí.

**Helsti veikleiki?** Stjórnsemi.

**Helsti kostur?** Heiðarleg og traust.

**Helsta afrek?** Að koma upp börnunum.

**Mestu vonbrigði?** Verð ekki fyrir vonbrigðum.

**Hver er draumurinn?** Lifa heil, hafa það gott, njóta þess að vera til og eiga nóg af peningum.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Birna mín.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Það fer allt eftir því í hvaða skapi ég er.

**Uppáhaldskvikmynd?** Walk the Line.

**Uppáhaldsbók?** Sjálfstætt fólk.

**Hvað er mikilvægast?** Vatn og laukur.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Blúsmaður ársins verður heiðraður við setningu Blúshátíðar í Reykjavík um páskana. Verður hinn sami gerður að heiðursfélaga Blúsfélags Reykjavíkur. Magnús Eiríksson var heiðraður 2004 og Björgvin Gíslason í fyrra og því verður ekki dónalegt fyrir næsta heiðursblúsara að feta í fótspor þessara miklu meistara. Þeir sem vilja taka þátt í kosningunni er bent á netfangið *blues@blues.is.*



Nýútkomin bók **Andra Snæs Magnasonar**, Draumalandið – Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, þykir ómissandi lesning fyrir allt hugsandi fólk á Íslandi en í henni kemur Andri fram með eina skörpustu samfélagsgreiningu síðari ára. Hann kryfur sálarlíf þjóðarinnar í bókinni og rannsakar frekar innviðin en það ytra. Þetta er þveröfugt við hugðarefni Egils Gillzenegger sem gaf á dögunum út bók sína, Biblía fallega fólksins, sem snýst öll um ytra útlit, ljósabrúnku og vöðvamassa. Það er lítil hætta á því að markhópur Egils missi svefn af áhyggjum af stóriðju og pólitísku brölti og því eru gárungarnir farnir að kalla Dramaland Andra Biblíu ljóta fólksins til aðgreiningar frá bók Gillzeneggers.



## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Björgólfur Jóhannsson.
2. John Hurt.
3. Alfreð Gíslason.









**KRISTÓFER OG NÝJA HÓTELIÐ** Kristófer Oliversson rekur um þessar mundir þrjú hótel í miðbæ Reykjavíkur og hyggst færa út kvíarnar enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ / SAMSETT MYND

CENTER HOTELS: OPNA TVÖ NÝ HÓTEL

# Ansi langt frá kóngstigninni

Kristófer Oliversson og eiginkona hans, Svanfríður Jónsdóttir, hafa starfrækt tvö hótel í miðbæ Reykjavíkur en það eru Klöpp og Skjaldbreið auk hótelíbúða á Þingholtsstræti sem verið er að byggja við og mun opna nú í sumar en þar verður mikið lagt upp úr hönnun og ekki skemmir staðsetningin fyrir. Þá lítur nýtt hótel dagsins ljós í Ingólfstræti en það verður fyrir „venjulega" ferðamenn þar sem allt verður þó til alls, meðal annars spa og veitingastaður á efstu hæðinni. Kristófer var á leiðinni út úr bænum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Nei, ég lít ekki svo á," svaraði Kristófer þegar hann var inntur eftir því hvort hann væri næsti hótel-kóngur Íslands. „Ég er bara framkvæmdastjóri fyrirtækisins Centerhotels sem er ansi langt frá kóngstigninni," bætir Kristófer við og hlær.

Árið 1997 vann Kristófer sem rekstrarráðgjafi hjá Hagvangi og gerði sér grein fyrir því að markaður væri fyrir gistingu handa sístækkandi hópi ferðamanna en vill sem minnst gera úr útrás sinni. „Þetta var bara eins og hvert annað tækifæri sem við hjónin ákváðum að nýta," segir hann hógvær. „Aðrir hafa síðan fylgt í kjölfarið," bætir hann við. Centerhotels hafa ekki haft sig mikið í frammi hér á landi enda segir framkvæmdastjórinn að þau hafi fyrst og fremst markaðssett sig erlendis. „Engu að síður leggjum við mikið upp úr því að nöfn hótelanna beri rammíslensk nöfn," segir hann.

Íslenskt skemmtanalíf hefur verið mjög vinsælt meðal útlendinga og reyndar svo vinsælt að mörgum þykir nóg um. Kristófer segir að vissulega komi hingað ferðamenn til að skemmta sér en þá sé eingöngu um hefðbundnar borgarferðir að ræða. „Reyndar tel ég að við höfum ákveðna sérstöðu því það er stutt í náttúruperlur á borð við Gullfoss og Geysi eða Þingvelli," útskýrir hann og segir að langflestir útlendingar komi hingað á sumrin til að ferðast um landið. Hvort stórstjörnur á borð við Harrison Ford eða Quentin Tarantino hefðu hallað höfði sínu hjá honum sagði Kristófer: „Það gilda sömu reglur hjá okkur og spítölum. Hverjir gista er trúnaðarmál en það er alltaf einhvern slæðingur."

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Neskirkja, þar sem kvikmyndaáhugamaðurinn **sr. Sigurjón Árni Þórðarson** ræður ríkjum, og kvikmyndaklúbburinn Deux ex Cinema í samstarfi við Kristnihátíðarsjóð hafa boðið áhugasömum upp á Jesúbíó undanfarnar þrjár vikur í félagsheimili kirkjunnar en hátíðin sýnir sex myndir sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um líf Jesú Krists á einn eða annan hátt. Í dag verður sýnd hin mjög svo merkilega Jesús frá Montreal sem segir frá leikhópi sem ákveður að setja upp sögu Krists. Varla tilviljun að myndin skuli vera valin því hún þykir nálgast gamla sögu á mjög nýtískulegan hátt en hitt er þó skemmtilegra að hún er ágætis ádeila á hræsni trúarleiðtoga og valdníðslu kirkjustofnana. **- fgg**



Rithöfundurinn og bloggarinn vaski **Ágúst Borgþór Sverrisson** skrifaði til skamms tíma pistla í blaðið Blaðið. Það slitnaði upp úr því ágæta samstarfi þegar það kom á daginn að efnahagsreikningur Blaðsins rúmaði ekki lengur greiðslur til pistlahöfunda. Afleiðingar þessa eru dramatískar að mati skáldsins sem hefur þetta um brotthvarf sitt af síðum Blaðsins að segja: „Þar eru nú engir meistarar blæbrigða hversdagsleikans en eftir stendur pólitískur áróður. Í dag skrifar Svandís hin Vinstri græna um ókeypis skólamáltíðir í Danmörku. Booooooring." Ágúst Borgþór upplýsir það jafnframt á heimasíðu sinni að í honum sé „nokkur pistlafiðringur" og biðlar óbeint til Fréttablaðsins og skilur ekkert í því hvers vegna Fréttablaðið grípi ekki gæsina og fái hann til að skrifa Bakþanka fyrir blaðið.




Betri heyrn
-bætt lífsgæði

Bjóðum ýmsar gerðir af nýjustu kynslóð heyrnartækja frá Oticon.

Pantaðu þér tíma í heyrnarmælingu og fáðu ráðgjöf um hvernig þú getur bætt heyrnina þína.



AUGLÝSINGAST. E. BACKMAN

*Erum með þjónustu á Norðurlandi - Ísafirði - Egilsstöðum og Vestmannaeyjum*

Heyrnartækni www.heyrnartaekni.is

Glæsibær | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880


# Aftur-systur á heimleið

Systurnar Bára og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur, sem eru betur þekktar undir nafninu Aftur-systur, hafa selt tískuverslun sína sem þær ráku í Nörrebro sem er eitt skemmtilegasta og vinsælasta hverfi Kaupmannahafnar.

Í versluninni seldu þær eigin hönnun í bland við flíkur eftir aðra hönnuði, glingur og skart og notaðan fatnað.

Hrafnhildur er þegar flutt til Íslands og er Bára væntanleg til landsins í júní. Bára vildi lítið tjá sig um áform sín í spjalli við Fréttablaðið en staðfesti að verslunin væri seld í Kaupmannahöfn, en þær hættu með starfsemina í síðasta mánuði. Sagði hún að ýmsar ástæður hefðu ráðið því að þær hefðu ákveðið að flytja heim.

Þær Bára og Hrafnhildur stofnuðu fatahönnunarfyrirtækið sitt Aftur árið 2000 eftir að hafa vakið verðskuldaða athygli á tískuhönnunarkeppninni Futurice. **- fb**



**BÁRA HÓLMGEIRSDÓTTIR** Bára ætlar að flytja heim til Íslands í júní. Hún hefur selt búðina sem hún rak í Kaupmannahöfn með systur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRISSI FRÍSKI
FRISSI FRÍSKI OG EGILS KRISTALL FRÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA UM HELGINA!

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

## OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

# FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

ÞEIR SEM VERSLA FYRIR 5000 KRÓNUR EÐA MEIRA
FÁ BÍÓMIÐA FYRIR 2 Á FJÖLSKYLDUMYNDINA

YOURS, MINE & OURS

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




## BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

## *Sjálfstæður vilji*

Ég var í bílnum mínum fyrir utan verslunarmiðstöð um daginn. Það var einhver bílateppa á stæðinu og ég sat fastur í nokkrar mínútur án þess að vita nákvæmlega hvað væri um að vera. Þegar loksins komst hreyfing á bílana komst ég að því hvað það var sem olli ringulreiðinni. Sökudólgurinn var eldri maður sem var að bíða eftir að komast í stæði sem var alveg upp við verslunarmiðstöðina. Bíllinn hans blokkeraði alla traffík í báðar áttir en hann neitaði að hreyfa bílinn sinn í nokkra aðra átt en beint áfram og í stæðið. Hann virtist ná að útiloka sig algjörlega frá umheiminum því þótt bílstjórarnir í kringum hann lægju á flautunni þá virti hann þá ekki viðlits. Í hans huga voru á þessu andartaki bara til þrír hlutir í þessum heimi. Hann sjálfur, stefnuljósið sem hann var að gefa og bílastæðið sem hann ætlaði sér.

**AÐ** lokum leystist þetta með því að fimm aðrir bílar þurftu að bakka, bíllinn sem var í stæðinu eftirsótta náði einhvern veginn að komast út og gamli fékk stæðið sitt. Ég var orðinn pínu seinn og ég sá að það voru það greinilega fleiri þarna í kringum mig því fólk var ekki beint brosandi, nema einn sem skellihló. Þegar ég keyrði framhjá þeim sem skellihló kom upp í huga mér mynd af gamla manninum við stýrið, ég fór að hlæja líka og mér varð í framhaldi af því hugsað til fyrirlesturs sem ég fór á um daginn.

**Á** þeim fyrirlestri var mér góðfúslega bent á það að ég hefði sjálfstæðan vilja. Það þýddi ekki bara að ég réði í hvaða föt ég færi í á morgnana eða hvað ég borða í hádegismat. Ég ræð nefnilega líka hvernig ég bregst við aðstæðum. Yfirleitt bregst ég nefnilega nákvæmlega eins við aðstæðum, aftur og aftur og aftur, er jafnvel alltaf jafn óhress með niðurstöðuna en kenni aðstæðum um viðbrögð mín. Hins vegar get ég tekið meðvitaðar ákvarðanir um að breyta viðbrögðum mínum við mismunandi aðstæður. Þannig get ég tekið ábyrgð á minni eigin líðan og haft dagana mína hvern öðrum betri, bara með því að kjósa að hafa þá þannig.

**SÍÐAN** ég heyrði þetta hef ég oft áttað mig á því þegar ég stend í þeim sporum, að geta breytt viðbrögðum mínum. Fyrsta skrefið er að geta áttað mig á því hvenær þau augnablik eru og næsta skref er að taka meðvitaða ákvörðun um viðbrögð sem skila mér bættri líðan.

**ÞIÐ** getið byrjað að æfa ykkur nú þegar með því að leggja blaðið frá ykkur og segja þrisvar sinnum upphátt: „Mikið asskoti er gaman að lesa þessa bakþanka hans Venna.“


Fiton/SÍA

www.icelandexpress.is/gjafabref



# BESTA FERMINGARGJÖF Í HEIMI

**Fermingargjafabréf Iceland Express er spennandi gjöf sem hittir beint í mark.**

Hvað er meira spennandi fyrir ungt fólk á fermingaraldri en að kanna ókunnar slóðir í útlöndum? Gildir þá einu hvort vinir eru með í för eða mamma og pabbi. Heimurinn hefur upp á svo margt að bjóða.

» Gjafabréf Iceland Express er ekki aðeins frábær fermingargjöf, heldur sérlega þægilegur og einfaldur kostur fyrir þá sem gefa gjöfina. Á www.icelandexpress.is/gjafabref er farið í gegnum allt ferlið, skref fyrir skref. Síðan prentarðu gjafabréfið út og klárar málið á örfáum mínútum. Það liggur ekkert á því inneignin gildir í tvö ár og á hvaða áfangastað Iceland Express sem er.

» Gefðu unga fólkinu tækifæri til að sjá heiminn.



Einfalt og þægilegt:
Kláraðu málið á icelandexpress.is/gjafabref

Iceland Express
www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



FERMINGARGJAFIR



Pioneer
Pioneer Heimabíóstæða DCS232
360 W Magnari (5x60 W) RMS
Tilboðsverð: 29.900



SAMSUNG Mp3 spilari
YPU1X 512mb: Tilboðsverð: 12.990
YPU1Z 1 GB: Tilboðsverð: 17.990



OLYMPUS MJU-700
7.1 milljón pixla myndavél
3x Optical aðdráttur
Tilboðsverð: 24.900

ORMSSON
SMÁRALIND 530 2900 | SÍÐUMÚLI 9 530 2800 | AKUREYRI 461 5000 | KEFLAVÍK 421 1535

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu